



Við fyrstu sýn mætti halda að hér gæfi að líta marbendil stiga upp úr sjónum. Ef vel er að gáð sést hins vegar að á myndinni er sjósundgarpur sem ljósmyndari festi á filmu er hann svamlaði í sjónum við Nauthólsvík í frostinu sem þar ríkti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir úr Nauthólsvíkinni má sjá á +. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Fleiri þingmenn eru í lausu lofti

Óánægðir þingmenn Miðflokksins sem ekki tóku þátt í samkvæminu á Klaustri eru jafnvel taldir munu yfirgefa þingflokkinn og eru orðaðir við Sjálfstæðisflokkinn. Þá er óvissa vegna endurkomu Ágúst Ólafs Ágústssonar.

STJÓRNMÁL Endurkoma síðustu klausturmannanna á Alþingi er að leysa úr læðingi töluverða ólgu meðal þingmanna og innan þingflokka. Þótt búast megi við væntanlegri inngöngu Ólafs Ísleifssonar og Karls Gauta Hjaltasonar í Miðflokkinn á hverri stundu þarf það ekki að þýða að þingflokkur Miðflokksins stækki við það enda munu þeir þingmenn flokksins sem ekki tóku þátt í gleðskapnum á Klaustri skömmu fyrir jóli, una illa sínum hlut.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Birgir Þórarinsson og Sigurður

» Miðflokksmennirnir Sigurður Páll Jónsson og Birgir Þórarinsson eru sagðir ósáttir við stöðuna eftir Klaustursmálið.

Páll Jónsson séu afar ósáttir við framgöngu og endurkomu samflokksmanna sinna og séu ekki síður landlausir í þinginu en þeir Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti. Heimildarmenn blaðsins úr öðrum flokkum

en Sjálfstæðisflokkur telja hina landlausu Miðflokksmenn á leið þangað en Sjálfstæðismenn sjálfir sverja þá af sér og telja að rykið muni eitt-hvað setjast áður en hinir landlausu þingmenn söðli um og færi sig í aðra flokka enda samningsstaða þeirra of veik.

Þá er alls óvíst hvaða áhrif endurkoma Ágúst Ólafs Ágústssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, gæti haft á þessa viðkvæmu stöðu í þinginu, en heimildir blaðsins herma að hann ihugi nú endurkomu í næstu viku. — að / sjá síðu 4

Bíða með sölu á lúxusíbúðum

VIÐSKIPTI Ekki hefur verið ákveðið hvenær lúxusíbúðir í þremur blokkum á Hafnartorgi sem ÞG Verk byggir verða settar formlega í sölu. Þorvaldur Gissurarson, forstjóri fyrirtækisins, segir að það fari eftir markaðsaðstæðum. Kjarsamningar séu lausir og fasteignamarkaðurinn sé í biðstöðu. „Það er ekki óeðlilegt miðað við þá óvissu sem er til staðar,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Það er ekki óeðlilegt miðað við þá óvissu sem er til staðar.

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks



ÞG Verk hafði áður sett lúxusíbúðir í tveimur húsum, samtals 30 íbúðir, á Hafnartorginu sem eru nær Lækjargötu í sölu. Samkvæmt söluvef Hafnartorgs eru tíu íbúðir seldar. „Það mjatlast út,“ segir Þorvaldur, en 76 íbúðir verða samantlagt á Hafnartorginu.

— hvj / sjá Markaðinn

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Henry Alexander Henrysson fjallar um réttmæti hvalveiða Íslendinga. **11**

SPORT Meiri harka í gríska boltanum segir landsliðsmarkvörðurinn Ögmundur Kristinsson. **12**

MENNING Lífsnauðsynlegt að mæta á Myrka músikdaga. **18**

LÍFID Gælu-dýrin sem aldrei gleymast, Fréttablaðið tók saman nokkur þekkt dýr sem gerðu það gott áður en þau fóru yfir móðuna miklu. **26**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • UT-MESSAN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FYRIR SVANGA FERÐALANGA



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

Veður



Norðan 8-13 en heldur hvassara SA-lands. Éi um landið norðanvert, en léttskýjað syðra. Áfram kalt í veðri.

SJÁ SIÐU 16



Dr. Waney Squier bar vitni í héraðsdómi 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aftur fyrir Hæstarétt með mál sitt

DÓMSMÁL Sigurður Guðmundsson sem var dæmdur fyrir manndráp af gáleysi árið 2003 fær annað tækifæri í Hæstarétti í dag þegar mál hans verður munnlega flutt þar í annað sinn.

Sigurður fékk 18 mánaða fangelsisdóm fyrir að hafa hrist 9 mánaða gamlan dreng, sem hann hafði í daggæslu, með þeim afleiðingum að drengurinn lést. Fallist var á endurupptöku málsins árið 2015 og vó þar þyngst matsgerð bresks sérfræðings, dr. Waney Squier, sem taldi dánarorsök drengsins óljósa og engin ótvíræð gögn liggja fyrir um högg eða önnur merki um áverka sem hefðu getað orsakast af harkalegum hristingi.

Deilt hefur verið um svokallað Shaken baby heilkenni í fræðasamfélaginu lengi. Þar fer dr. Squier fremst í flokki meðal efasemdamanna. Hún er ekki óumdeild en hún var svipt lækningaleyfi í Bretlandi árið 2016 vegna meints misvísandi og óheildarlegs vitnisburðar um dauðsföll barna fyrir breskum dómstólum. Hún endurheimti leyfið síðar sama ár en var meinað að bera vitni sem sérfræðingur fyrir breskum dómstólum í þrjú ár.

„Allt virðist þetta vera sett fram í þeim eina tilgangi að rökstyðja þá trú dr. Waney Squier að svokallað Shaken baby syndrome sé ekki til,“ segir meðal annars í greinargerð ákærvaldsins sem fer fram á frávisun málsins. – aá

Verðlaun veitt á Bessastöðum



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018 í gær. Hallgrímur Helgason hlaut verðlaunin flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna *Sextiu kíló af sólskini*, Sigrún Eldjárn í flokki barna- og ungmennabóka fyrir *Silfurlykillinn* og Hörður Kristinsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Jón Baldur Hlíðberg í flokki fræðirita og bóka almenns efnis fyrir *Flóra Íslands – Blómplöntur og byrkingar*. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Krafa á Björgólf fyrir Hæstarétt

DÓMSMÁL Hæstiréttur mun fjalla um ágreining Kristjáns Loftssonar í Hval og Björgólfs Thors Björgólfs-sonar um meintar skyldur eignarhaldsfélagsins Samson gagnvart öðrum hluthöfum í gamla Landsbankanum fyrir hrún.

Landsréttur staðfesti fyrir nokkru dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem Björgólfur Thor Björgólfs-son var sýknaður af 600 milljóna króna bótakröfu félaganna Venusar og Vogunar sem Kristján Loftsson er í forsvari fyrir.

Kröfurnar voru settar fram á þeim grunni að Samson hefði átt það stóran hlut í Landsbankanum að félaginu hefði verið skylt að bjóðast til að kaupa aðra hluthafa bankans út.

Landsréttur taldi kröfur félagana fyrndar en Hæstiréttur samþykkti málskotsbeiðni þeirra í gær á þeim grundvelli að dómur um fyrningu krafna um skaðabætur utan samninga hefði almennt gildi. – aá

Fékk milljón í styrk en hátíðin fór aldrei fram

Reykjavík Fashion Festival fékk milljón króna styrk frá borginni í fyrra. Hátíðin fór hins vegar aldrei fram. Vegna þessa hefur menningar-, íþrótt- og tómstundaráð frestað úthlutun sem hátíðin fékk fyrir árið 2019. Kolfinna Von krafín svara.

MENNING Reykjavík Fashion Festival fékk eina milljón króna úthlutaða í styrk frá menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar í fyrra. Hátíðin fór hins vegar aldrei fram. Áður en ljóst varð að messu-fall yrði hjá hátíðinni hafði faghópur lagt til að hún fengi líka eina og hálf milljón í ár. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að fresta úthlutun til verkefnisins meðan málið er skoðað.

Aðspurður hverjar reglurnar séu varðandi það þegar styrkþegar standi ekki við sitt segir Pawel Bartoszek, formaður ráðsins, að hægt sé að krefjast endurgreiðslu og þá geti slík vanskil haft áhrif á styrkveitingar í framtíðinni.

Í sameiginlegri bókun allra fulltrúa ráðsins í fyrradag segir:

„Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð gerir fyrirvara við samþykkt úthlutunar til Reykjavík Fashion Festival með hliðsjón af því að hátíðin fékk styrk í fyrra en fór ekki fram. Úthlutun verkefnisins er frestað meðan aflað er frekari gagna.“

Tilkynnt er um styrkveitingarnar í janúar ár hvert en Reykjavík Fashion Festival-hátíðina stóð til að halda í loks árs. Þegar faghópur, skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunar-miðstöðvar, fór yfir umsóknir fyrir árið 2019 lá hins vegar ekki fyrir að RFF myndi ekki uppfylla skilyrði fyrri umsóknar og ekki fara fram. Að sögn Pawels verður óskað skýringa frá forsvarsfólki RFF.

Eigandi og stjórnandi RFF er athafnakonan Kolfinna Von Arnar-



Borgin getur kafið Kolfinnu Von um endurgreiðslu á útgreiddum styrk til RFF þar sem ekki var staðið við skilmála veitingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úthlutun verkefnisins er frestað meðan aflað er frekari gagna.

Úr bókun menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs



Pawel Bartoszek, formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

dóttir en fjárfestingarverkefni hennar og eiginmanns hennar, Björns Inga Hrafnssonar, lentu nýverið í kastljósi fjölmiðla. Knattspyrnumaðurinn Aron Einar Gunnarsson skrifaði um misheppnað viðskiptaævintýri sem hann fór í ásamt eiginkonu sinni með hjónunum í ævisögu sinni sem kom út í fyrra. Viðskiptin tengdust einkahlutafélaginu JÖR og áður nefndri tísku-hátíð, RFF. Þeim viðskiptum lauk eins og verst verður á kosið, með deilum, málaferlum og vinslitum.

Kolfinna Von keypti RFF árið 2016 af Jóni Ólafssyni, athafnamanni og vatnsframleiðanda. RFF var stofnað árið 2009. Félagið Reykjavík Fashion Festival ehf. hefur ekki skilað ársreikningi síðan 2015.

Ekki náðist í Kolfinnu Von við vinnslu fréttarinnar.

mikael@frettabladid.is

ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Takk, takk og aftur takk

Íslandsbanki mældist efstur í Íslensku ánægjuvuginni hjá viðskiptavinum í bankaþjónustu, sjötta árið í röð. Við munum halda áfram að bjóða trausta og góða þjónustu – og gera viðskiptavinum fært að sinna öllum sínum bankaviðskiptum, hvar og hvenær sem er.

Verið velkomin í hóp ánægðra viðskiptavina.

Starfskjaranefnd OR ákvarðar sér 25 þúsund á tímunn

STJÓRNSÝSLA Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í síðasta mánuði að laun nefndarmanna starfskjaranefndar fyrir tækisins verði 25 þúsund krónur fyrir hvern unninn klukkutíma. Formaður þessarar þriggja manna nefndar fær sömu þóknun auk 50% álags, eða 37.500 krónur á tímunn. Það er starfskjaranefnd sjálf sem leggur til hver laun nefndarmanna skulu vera.

Sjálfstæðismenn í stjórn Orkuveitunnar hafa löngum deilt á starfskjaranefnd og sagt hana óþarfa peningasóun. Kjartan Magnússon, sem setið hefur í starfskjaranefnd, benti á það í Fréttablaðinu í fyrra að þessi þriggja manna nefnd hefði fyrst og fremst það verkefni að fjalla um kjör forstjóra og innri endurskoðanda OR. Hefur hann ítrekað bent á að stjórnarformaður og stjórn

Orkuveitunnar geti vel séð um þessi verkefni.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar OR, lagði fram og kynnti tillögu nefndarinnar um laun nefndarmanna á stjórnarfundi OR í desember.

Geir Guðjónsson, varamaður í stjórn OR, lagði á fundinum fram breytingartillögu um að lækka launin í 10 þúsund krónur fyrir

hverja unna klukkustund. Sú tillaga var felld og tillaga nefndarinnar sjálfar um eigin laun upp á 25 þúsund krónur á tímunn samþykkt.

Í fundargerð kemur fram að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórn OR, Katrín Atladóttir og Björn Gíslason, hefðu ítrekað þá skoðun sína að ekki væri þörf á nefndinni. – smj



Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar OR.



Verðlaunatillaga Karín Sander.

Andvíg kaupum á palmatrjám

SKIPULAGSMÁL „Hér er klár staðfesting á hvar forgangsröðun borgarinnar liggur! Og það er ekki hjá börnum og fólki sem bíður á biðlista eftir húsnæði eða nær engan veginn endum saman,“ segir Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, vegna þess að Reykjavíkurborg og lóðareigendur í nýrri Vogabyggð muni verja 140 milljónum króna til kaupa á útilistaverki.

Greint var frá því í gær að Karín Sander sigraði í samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð með verki sem felst í tveimur palmatrjám í turnlaga gróðurhúsum.

Kolbrún segir í yfirlýsingu að borgarbúar þrái ekki neitt suðrænt, eins og sagt sé. „Hvar hefur það verið staðfest? Flytja inn loftslag, hvers lags kjaftæði er þetta?“ spyr hún. „Fólkið fyrst! Svo má spá í að flytja inn palmatré í listaverkaformi.“ – gar

Íbúar ánægðir í Félagsbústöðum

REYKJAVÍK Um 79 prósent íbúa Félagsbústaða eru frekar eða mjög ánægðir með að leigja hjá félaginu en 13 prósent eru frekar eða mjög óánægðir og sjö prósent segjast hvorki ánægð né óánægð.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun sem MMR gerði fyrir Félagsbústaði meðal leigjenda.

Úrtakið í könnuninni var 846 leigjendur Félagsbústaða. Svarhlutfallið var aðeins 35 prósent. – smj

Sirkus að tjaldabaki á Alþingi

Viðkvæmt andrúmsloft er á Alþingi vegna endurkomu tveggja þingmanna Miðflokksins. Klaustursmálið er sagt farið að þvælast fyrir meirihlutaflokkunum. Óvissa er um formennsku minnihlutans í nefndum.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



STJÓRN MÁL Heimildarmönnum Fréttablaðsins meðal þingmanna ber saman um að andrúmsloftið á Alþingi sé afar viðkvæmt. Þannig olli uppákomu í umhverfis- og samgöngunefnd í gær miklum titringi, ekki síst innan stjórnarmeirihlutans. Svo miklum raunar að þingflokksformenn sáu sig tilneydda til að senda fjölmiðlum yfirlýsingu og afneita stuðningi við formann nefndarinnar.

Klaustursmálið virðist nú vera farið að þvælast töluvert fyrir stjórnarmeirihlutunum sem þarf á vinnufriði að halda. Heimildir herma að töluverðs leiða gæti í þingliði og grasrót VG vegna málsins og ekki síst vegna framgöngu karlmanna í þingliði flokksins, einkum þeirra Steingríms J. Sigfússonar þingforseta og Ara Trausta Guðmundssonar, sem studdi fyrrnefnda frávisun í umhverfis- og samgöngunefnd í gær.

Áhrif atburða í þinginu undanfarna daga á samband Framsóknarflokks og Miðflokks eru nokkuð á huldu en mörgum kom á óvart að Lineik Anna Sævarsdóttir skyldi ekki styðja kynsystur sínar í umhverfis- og samgöngunefnd í gærmorgun, og sýna varaformanni sínum, Lilju Alfreðsdóttur, hollustu, heldur stilla sér upp með Jóni Gunnarssyni, þegar tillögunni um að formaður nefndarinnar viki sæti var vísað frá. Sjálf hefur Lilja hins vegar ekki gefið til kynna að henni hafi mislikað.

Enn liggur ekki fyrir hvort og hvenær breytingar verða gerðar í nefndum þingsins en til þess kemur þó örugglega ef breytingar verða á stærð þingflokka á næstu dögum eða vikum. Bergþór Ólason hefur þegar lýst því yfir að ef gera eigi breytingar



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra vakti athygli er hún gekk á milli manna í þingsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Enn liggur ekki fyrir hvort og hvenær breytingar verða gerðar í nefndum þingsins en til þess kemur þó örugglega ef breytingar verða á stærð þingflokka á næstu dögum eða vikum.

á formennsku í hans nefnd hljóti að þurfa að taka upp allt samkomulag minnihlutans um nefndaskipan.

Minnihlutinn fer með formennsku í tveimur nefndum auk umhverfis- og samgöngunefndar; stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og velferðarnefnd. Skilja mátti orð Bergþórs þannig að Miðflokkur gæti allt eins tekið formennsku í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eigi á annað borð að gera breytingar í nefndum. Þar er Helga Vala Helgadóttir fyrir á fleti en hún hefur haft sig mjög í frammi í Klaustursmálinu; annars vegar sem formaður fyrrgreindrar nefndar og hins vegar

á fundi umhverfis- og samgöngunefndar í gær þegar hún lagði til að hinn umdeildi formaður viki sæti í nefndinni.

Færi svo að samkomulag minnihlutans um formennsku í nefndum yrði allt tekið upp er hins vegar alls ekki ólíklegt að Samfylking tæki því fagnandi að skipta á formannsembættum við Miðflokkinn. Reykvikingar yrðu enda eflaust ánægðir að fá Helgu Völu, þingmann Reykjavíkur, í formannssæti samgöngunefndar nú þegar til stendur að lækka opinber framlög til vegasamgangna á höfuðborgarsvæðinu umtalsvert og fjármagna í staðinn með veggjöldum.

Huawei og fjármálastjórninn neita sök

BANDARÍKIN Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna ákærði kínverska tæknirisann Huawei og fjármálastjórnann Meng Wanzhou í gær. Fyrirtækið sjálft er sakað um banka-svindl, tæknipjófnað og að hindra framgang réttvísinnar. Meng er sökuð um brot á viðskiptaþvingunum gegn Íran. Fyrirtækið og fjármálastjórninn neita sök.

„Kínversk fyrirtæki hafa til fjölda ára brotið gegn útflutningslögum okkar og grafið undan þvingunum. Þau hafa notað fjármálakerfi Bandaríkjanna til þessara brota. Þetta gengur ekki lengur,“ sagði Wilbur Ross viðskiptamálaráðherra.

Ákæran gegn Huawei er í 23 liðum. Huawei er meðal annars sakað um að hafa afvegaleitt bandarísk stjórnvöld og alþjóðlegan banka í upplýsingagjöf um viðskipti í Íran. Einnig um að að stela tækni af T-Mobile er nefnist Tappy, hermir



Huawei er ekki í náðinni í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

eftir fingrum og er notuð til þess að prófa snjallsíma.

„Þessar ákæru snúast um meint algjört virðingarleysi Huawei fyrir landslögum okkar og almennu viðskiptasiðferði. Fyrirtæki á borð við Huawei ógna hagkerfi okkar og þjóðaröryggi,“ sagði Christopher Wray alríkislögreglustjóri.

Tæknirisinn neitaði sök í yfirlýs-

ingu í gær. „Þessar ákæru valda okkur vonbrigðum. Við frömdum ekkert þessara brota, vitum ekki til þess að Meng hafi brotið af sér heldur.“ Tekið var fram að Tappy-málið hefði nú þegar verið útklæð. Kvíðómur hafði ályktað svo, eftir að T-Mobile höfðaði einkamál, að T-Mobile hefði ekki borið skaða af né hefði Huawei haft neitt illt í hyggju. – þea

Búningar í úrvali
Fyrir ýmis tilefni!

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

ÚTSALA

ALLT Á AFSLÆTTI

ÚTSÖLULOK

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR


KÄRCHER



Kärcher gluggaskafa

-40% 14.990 kr.
8.990 kr.

UNDER ARMOUR



Under Armour Misty Embroidered

-40% 11.990 kr.
7.194 kr.


ZO-ON ICELAND



ZO-ON Esja Light Short dúnjakki

-30% 29.990 kr.
20.993 kr.

new balance



New Balance M Tennis hlaupaskór

-50% 29.790 kr.
14.895 kr.



Léttmjólk og nýmjólk

-35% 154 kr.
99 kr.


BOURJOIS



Bourjois Volume Glamour maskari

-44% 2.290kr.
1.290 kr.


SELL



Self: 4 kg mysuprótein

-33% 14.990 kr.
9.990 kr.


VERD VERND



Remington Air 3D Bronze hárbلاسari

-40% 24.990 kr.
14.990 kr.

Russell Hobbs



Russell Hobbs Horizon Mix & Go blandari

-50% 12.990 kr.
6.490 kr.

SAMSUNG



Samsung 55" 4K UHD snjallsjónvarp

-29% 169.990 kr.
119.990 kr.


GRAM



181 cm kæli- og frystiskápur

-30% 99.990 kr.
69.990 kr.


LÁGKOLVETNA



LKL2

-90% 4.390 kr.
460 kr.

LELO



Lelo Sona Cruise

-50% 19.990 kr.
9.990 kr.

playmobil




Playmobil Action lögreglusjóflugvél

Allt Playmobil á 20% afslætti

-20% 5.990 kr.
4.792 kr.

Sequence Deluxe



Sequence Deluxe

-60% 6.990 kr.
2.790 kr.

FRÍ HEIMSENDING!*

Nú færðu alla matvöruna á Heimkaup.is

*Ef verslað er fyrir 4.900 kr. eða meira.



HEIMKAUP.IS

Vilja sitja við borðið er ákvarðanir eru teknar í norðurskautsráðinu

UTANRÍKISMÁL Sveitarstjórnir á heimskautssvæðum hafa ákveðið að sækja um aðild að norðurskautsráðinu og ef af verður mun hópurinn, sem samanstendur af um 400 sveitarstjórnirum á heimskautssvæðinu, vera með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar innan ráðsins.

Þetta var ákveðið á fundi sveitarstjóra á norðurheimskautssvæðinu sem fór fram í Tromsø sunnudaginn 20. janúar síðastliðinn.

Norðurskautsráðið er samstarfs- vettvangur ríkisstjórna þeirra landa

Okkur þykir miklu máli skipta að rödd okkar heyrst.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri



sem liggja á eða að norðurslóðum. Aðildarríkin eru Bandaríkin, Danmörk fyrir Færeyjar og Grænland, Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Að auki eiga sex samtök frumbyggja aðild að ráðinu.

„Við höfum verið í óformlegu sambandi, sveitarstjórnir á svæðinu, í um tvö ár þar sem við höfum rætt okkar málefni. Okkur þykir það mikilvægt að þróa þessi samskipti áfram og skoðum því nú að fá aðild að norðurskautsráðinu svo við getum setið við borðið þegar ákvarðanir eru teknar,“

segir Kristin Roymo, borgarstjóri Tromsø.

Fundur sveitarstjórnanna var haldinn í tengslum við ráðstefnuna Arctic Frontiers sem fór fram í borginni 20. til 24. janúar. Þar ræddu vísindamenn, stjórnmálamenn og aðrir unndendur norðurskautsins um þau erfiðu verkefni sem fram undan eru á næstu áratugum til að viðhalda líf- fræðilegum fjölbreytileika og byggð á svæðinu.

„Okkur þykir miklu máli skipta að rödd okkar heyrst. Sveitarstjórnir

vitt og breitt um norðurskautið framfylgja og framkvæma oft á tíðum þær ákvarðanir sem teknar eru innan ráðsins. Því teljum við eðlilegt að við höfum aðild og að ríkisstjórnir ráðsins heyrri okkar afstöðu,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.

Hugmynd sveitarstjórnarstigsins um að verða aðili að norðurskautsráðinu verður unnin áfram af Roymo, Ásthildi og Madeleine Redfern, bæjarstjóra í borginni Iqaluit í Norðaustur-Kanada. – sa

Mismunandi sýn á framtíð Laugavegar

Skiptar skoðanir eru um ágæti þess að hafa Laugaveg göngugötu allt árið. Margir verslunareigendur óttast að íslensk veðráttu muni skemma fyrir viðskiptum. Formaður skipulags- og samgönguráðs telur kröfu um að geta keyrt upp að verslunum úrelt mól.

REYKJAVÍK „Það hefur sýnt sig alls staðar í borgum þar sem er samþætt eða verra veðurfar að veðrið hefur ekki áhrif á göngugötur og hversu vinsælar þær eru,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og formaður skipulags- og samgönguráðs.

„Við erum ekkert öðruvísi en annað mannfólk. Það má heldur ekki ofmeta bilinn og það að geta keyrt upp að búðinni sé forsenda fyrir verslunarrekstri. Ég held að það sé svolítið úrelt mól,“ segir Sigurborg.

Nú stendur yfir viðamikil samráð um hvernig útfæra megi tillögu um að gera Laugaveg, Bankastræti og götur í Kvosinni að varanlegum göngugötum. Tillaga þess efnis var samþykkt í borgarstjórn í byrjun september í fyrra. Samkvæmt henni var umhverfis- og skipulagssviðið falið að vinna að slíkri tillögu.

Á fundi með verslunareigendum, veitingafólki, ferðaþjónustu og flutningaaðilum sem fram fór á mánu- dagskvöld komu fram ólík sjónarmið til þess að gera Laugaveg að göngugötu allt árið.

Sigurborg segir samráðsferlið nú snúast um hvernig göngugötturnar verði útfærðar en ekki hvort þetta verði að veruleika. „Það er gott að benda á að þeir flokkar sem samþykktu tillöguna í borgarstjórn höfðu það allir á sinni stefnuskrá fyrir kosningarnar að gera Laugaveg að varanlegri göngugötu. Við vorum kosin til þessara verka og það væri skrytið ef við myndum ekki gera þetta.“

Allir flokkar í borgarstjórn nema Miðflokkurinn og Flokkur fólksins greiddu atkvæði með tillögunni en flokkarnir tveir sátu hjá.

Að sögn Sigurborgar hefur ekki áður verið ráðist í samráðsferli eins og nú. Allt sem komi fram í sam-



Samráð stendur nú yfir um útfærslu Laugavegar sem varanlegrar göngugötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ráðinu verði tekið saman og tillaga unnin út frá því sem síðan verði borin undir íbúa, verslunareigendur og aðra hagsmunaaðila.

Hægt er að koma í Ráðhúsið og skilja eftir athugasemdir og gera tillögur um göngugötturnar. „Við höldum utan um hverja einustu athugasemd og geymum þær fyrir verkefnið. Þær geta þá nýst beint í útfærslu og hönnun.“

Einhverjar tillögur eiga að liggja fyrir á næstu vikum. „Það er líka gott að halda til haga að við erum að skoða alla Kvosina. Hvaða götur þar komi til greina sem göngugötur eða vistgötur.“ sighvatur@frettabladid.is

Skadinn skeður

„Því miður er skadinn skeður og ég er á leiðinni í burtu með mitt 110 ára gamla fyrirtæki. Ég fer ekki langt og mun opna á Hafnartorgi í vor,“ segir Frank Michelsen úrsmiður sem er ekki sáttur við að Laugavegur verði göngugata allt árið.

Hann segir að svissneskir sérfræðingar frá Rolex hafi mælt með því að hann flytti starfsemi. „Við erum auðvitað mjög ánægðir þegar það er gott eða þokkalegt veður og fullt af fólki í bænum. Þá er nauðsynlegt að loka fyrir bílaumferð en ég get ekki séð það fyrir mér að gatan sé full af fólki þegar það er skafrenningur.“



Hamlar öllum viðskiptum

„Í fyrra rigndi í maí, júní og fram í júlí. Þá var ekkert af gangandi fólki á Laugaveginum. Þess vegna vorum við tilbúnir í þá málaðilun að loka frá 17. júní og fram yfir Menn- ingarnótt,“ segir Brynjólfur Björnsson, eigandi Brynju á Laugavegi.

„Þetta hamlar öllum viðskiptum og þessi gata á bara ekkert að vera lokuð.“

Góðviðrisdagar séu fair og íslensk veðráttu bjóði ekki upp á svona draumóra.



Í lagi að loka á góðviðrisdögum

„Ég er alls ekki sáttur við að Laugavegur verði gerður að göngugötu því ég veit bara að Íslendingar ferðast á bilum,“ segir Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmiður.

Hann segir veðráttuna hér ekki bjóða upp á samanburð við umhverfi eins og til dæmis á Strikinu í Kaupmannahöfn. „Við fengum til dæmis ekkert sumar í fyrra en í Kaupmannahöfn var 20-30 stiga hiti. Ef við fengjum svona veður þá væri ég alveg sáttur við að loka götunni og hafa hátíð í bæ.“



Léttara yfir svæðinu

„Ég hef ekki fundið fyrir neinum neikvæðum áhrifum göngugötunnar. Þvert á móti er léttara yfir svæðinu og betri andi á götunni. Maður er líka afslappaðri með börnin með sér þegar gatan er opin fyrir gangandi,“ segir Hörður Ágústsson, eigandi Maclands.

Hann segir tíma til kominn að fara að tala aðeins jákvætt um miðbæinn. „Það er margt jákvætt í gangi en maður heyrir alltaf meira af þessu neikvæða. Ég fagna þessu samráði og það er frábært að boða fólk á svona fundi og ég vona að það komi eitthvað gott út úr þessu.“



Byrjaðu árið á nýjum bíl!

Nú færð þú frábær kjör á nýjum bílum hjá HEKLU. Nýttu þér QR kóðann og smelltu þér beint á bílinn. Þú getur líka séð úrvalið og valið þann sem þér líst best á, í sýningarsal okkar á netinu www.hekla.is/kjarakaup

KJARAKAUP

Skoda Kodiaq Ambition 1.4 TSI DSG / 4x4 / Dráttarbeisli

Afsláttur

KJARAKAUP 5.490.000 kr.

460.000 kr.

Fullt verð: 5.950.000 kr.



Dráttarbeisli fylgir með!

Smelltu þér beint á bílinn.

Mitsubishi Outlander PHEV Invite / 4x4 / Rafm./Bensín / Sjálfskiptur

Afsláttur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.

200.000 kr.

Fullt verð: 4.690.000 kr.



2 ára þjónustu- skoðun fylgir með!

Smelltu þér beint á bílinn.



VIÐ BROSUM HRINGINN

Vínbúðin er með ánægðustu viðskiptavinina á smásöllumarkaði samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni 2018.



Starfsfólk okkar hringinn í kringum landið er bæði stolt og hæstánægt með árangurinn og þakkar viðurkenninguna. Við erum staðráðin í að halda áfram að gera okkar besta í þjónustu og samfélagslegri ábyrgð.



Venesúelamenn vilja vestræn vopn

VENESÚELA Liðhlaupar úr venesúelska hernum leita á náðir Bandaríkja og biðja um að stjórnarandstæðingum í Venesúela séu send vopn svo hægt sé að steypa Nicolás Maduro forseta af stóli.

Carlos Guillen Martinez og Josue Hidalgo Azuaje, liðhlaupar sem flúðu til Bandaríkja, greindu frá þessari ósk sinni í samtali við CNN í gær. Þeir kváðust vera í sambandi við hundruð liðhlaupa í heimalandinu sem vildu berjast gegn Maduro.

Ólga hefur verið í Venesúela að undanförunu eftir að kjörtímabil

» Að minnsta kosti fjórutíu eru taldir hafa fallið í fjöldamótum í Venesúela á undanförunum dögum.

Maduro rann út. Þingið, sem Maduro álitur valdalaust, álitur hann ekki lengur réttkjörinn leiðtoga og skipaði þingforsetann Juan Guaidó starfandi forseta. Maduro lét þó setja sig aftur inn í embætti og eru því í raun tveir forsetar í Suður-Ameríkuríkinu þessa dagana. Að minnsta kosti að nafninu til.

Guaidó sagði í viðtali við breska ríkisútvarpið í gær að Venesúela væri orðið einræðisríki undir stjórn sósíalistsins Maduro. „Skylda mín er að kalla eftir frjálsum og réttlátum kosningum vegna þess að hér búum við við algjöra valdmiðslu. Við búum við einræði.“

Vaxandi óánægja hefur verið með Maduro í heimalandinu eftir að hagkerfi ríkisins hrundi algjörlega. Andstaðan hefur staðið fyrir fjöldamótum undanfarna daga. Þau hafa orðið blóðug en samkvæmt SP hafa að minnsta kosti fjórutíu fallið. – Þea



Venesúelskur hermaður á kjörstað á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

HVAÐ ELSKAR MARKAÐURINN?

Aðalfundur Félags atvinnurekenda 14. febrúar 2019

Aðalfundur Félags atvinnurekenda ber að þessu sinni upp á Valentínusardaginn 14. febrúar og þá er vel við hæfi að opinn fundur, sem haldinn er á undan aðalfundarstörfum, fjalli um tilfinningasamband neytenda og fyrirtækja. Við fræðumst meðal annars um tryggð neytenda við vörumerki og heyrum í nokkrum frumkvöðlum, sem hafa ýmist fundið óvænta syllu á markaðnum eða breytt viðkomandi markaði. Fundurinn fer fram á Nauthóli kl. 14-16.

Dagskrá

14.00 Setning fundarins Magnús Óli Ólafsson, formaður FA	14.55 Eins og heitar lummur Ágúst Einþórsson, framkvæmdastjóri Brauð & co.
14.05 Allir elska Ísland Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra	15.15 Elskar ríkið samkeppni? Ómar Hjaltason, framkvæmdastjóri Baseparking
14.15 Gagnvart hvaða vörumerkjum eru Íslendingar jákvæðastir? Ólafur Elínarson, sviðsstjóri markaðsrannsóknna hjá Gallup	15.35 Endalok heimsins Óli Rúnar Jónsson, framkvæmdastjóri Borg brugghúss
14.35 Tryggð og ást í viðskiptasamböndum Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri geoSilica Iceland	15.55 Ást á frelsinu í 90 ár Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Aðalfundur FA hefst kl. 16.30 að loknu kaffihléi

Fundurinn er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.
Skráning á vef Félags atvinnurekenda, www.atvinnurekendur.is



Fundarstjóri er Elín Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Hvíta hússins.

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Gott veganesti fyrir stjórnina

Breska þingið færði May hvern sigurinn á fætur öðrum þegar atkvæði voru greidd um breytingartilögur við áætlun forsætisráðherrans um framhaldið í Brexit-málinu. Fer með gott veganesti til Brussel.

BRETLAND Breska þingið vill ekki fresta útgöngu úr Evrópusambandinu, vill breytingar á umdeildri varúðarráðstöfun og vill ekki útiloka samningslausa útgöngu þótt það vilji hana ekki. Þetta var niðurstaðan þegar þingið greiddi í gær atkvæði um nokkrar breytingartilögur við áætlun ríkisstjórnar Theresu May um framhaldið í Brexit-málinu. Glundroði hefur ríkt í breskum stjórnámálum að undanförunu en þingið hafnaði útgöngusamningi sem stjórnin hafði gert við ESB á afgerandi hátt fyrir í mánuðinum.

Að atkvæðagreiðslum loknum sagði May að nú væri ljós leiðin að því að tryggja meirihluta á bak við samninginn. Viðræðurnar yrðu hins vegar ekki auðveldar. Þetta rímaði við ræðu hennar fyrir um daginn þar sem hún sagðist vita vel að ESB væri andvíggt öllum breytingum á samningnum. Hún tryði því samt sem áður að slíkt væri mögulegt.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, hélt sínu striki. „Varúðarráðstöfunin er hluti útgöngusamningsins og við munum ekki opna viðræður um hann á ný.“

Varúðarráðstöfunin (e. Backstop) felur í sér að Norður-Írland þurfi að hlýða stærri hluta af regluverki ESB til þess að koma í veg fyrir sýnileg landamæri. Ráðstöfunin gæti orðið varanleg, náist ekki sérstakt samkomulag um fyrirkomulagið. Þetta þykir meirihluta breska þingsins algjörlega út í hött, telja það fela í sér óeðlilega uppskiptingu Bretlands, og var varúðarráðstöfunin ein helsta ástæðan fyrir því að samningur May var kolfelldur fyrir í mánuðinum.

Þingið felldi tillögu Verkamannaflokksins um að ríkisstjórnin þyrfti

á útiloka samningslausa útgöngu og leitast þess í stað við að hafa útgönguna sem mýksta, það er að segja að sambandið við ESB yrði sem nánast, með 327 atkvæðum gegn 296. Jeremy Corbyn, leiðtogi flokksins, hefur itrekað farið fram á útilokun slíkrar útgöngu en því hefur May hafnað. Sagt það ekki hægt án þess að annaðhvort hætta við útgöngu eða samþykkja samning. Þingið felldi að auki þrjár tillögur um frestun útgöngudags.

Það studdi hins vegar tillögu Íhaldsmannsins Caroline Spelman, fyrrverandi umhverfisráðherra, er snerist um að þingið lýsti því yfir að samningslaus útganga væri ekki í boði. Þótt tillagan hafi komið frá Íhaldsmanni var þetta eini sigur stjórnarandstöðunnar í gærkvöldi, samþykkt með 318 atkvæðum gegn 310. Tillagan var ekki bindandi en setur þó þrýsting á May.

Ríkisstjórnin vann svo enn einn sigurinn þegar tillaga Grahams Brady Íhaldsmanns var samþykkt með 317 atkvæðum gegn 301. Ríkisstjórnin studdi tillöguna sem gekk út á að varúðarráðstöfuninni skyldi skipta út fyrir aðrar ráðstafanir.

Þingið sýndi sem sé fram á í gær að það vildi hvorki fresta útgöngu né útiloka samningslausa útgöngu með bindandi hætti. Stjórn mála-skýranda Sky News, sem og mörkuðum, þótti útgangspunkturinn sá að líkurnar á samningslausri útgöngu hefðu aukist. Þingið vildi hins vegar breyta varúðarráðstöfuninni til þess að samningurinn yrði þóknanlegri. May fer því með gott veganesti til Brussel og mun trúlega flagga þessari afstöðu þingsins í viðræðum við samninganefnd ESB.

thorgnyr@frettabladid.is



Mótumendur úr báðum fylkingum söfnuðust saman við þinghúsið í gær eins og þeir hafa gert fjölmörg kvöld undanfarin misseri. NORDICPHOTOS/AFP



Við smíðum þínar innréttingar

Í yfir 20 ár hefur Fagus sérhæft sig í smíði glæsilegra og fjölbreyttra innréttinga og innihurða.

Innréttingar frá Fagus eru allt í senn fallegar, hlaðnar þægindum og frábær vinnuaðstaða. Njóttu þess að vera í umhverfi sem er sérsníðið fyrir þig. Við smíðum þínar innréttingar.

FAGUS
TRÉSMÍÐJA

Unubakka 20 | 815 Þorlákshöfn
Sími: 483 3900 | Fax 483 3901
fagus@fagus.is | www.fagus.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Frostið var engin fyrirstaða

Þrátt fyrir að allt að sjö stiga frost hafi verið í höfuðborginni í gær var nóg um að vera í sjónum við Nauthólsvík. Ljósmyndari Fréttablaðsins rakst þar á léttklædda sjósundgarpa sem létu frostið ekkert á sig fá heldur stungu sér til sunds.



Sannarlega gráupplagt



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Gráupplagt og eitthvað sem hefði átt að gerast fyrir löngu síðan,“ sagði María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, á forsiðu þessa blaðs á mánudag um nýtt frumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar, sem segir að sálfræðiþjónusta skuli niðurgreidd af ríkinu. Rúmlega þriðjungur þingmanna hefur boðað að flytja frumvarpið með Þorgerði Katrínu, úr öllum flokkum.

Með frumvarpinu verður sálfræðiþjónusta felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga og veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta, á borð við heilsugæslu, þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfun. Með þessu er undirstrikið að andlegir sjúkdómar séu ekki minna verðir en líkamlegir og lögd áhersla á að greiða aðgengi allra að nauðsynlegum meðferðum.

Evrópsk tölfraedi gefur til kynna að um helmingur þeirra sem glíma við sjúkdóma í allri álfunni glími við geðraskanir. Talið er að einn af hverjum fimm þjáist af þunglyndi og kvíða á ári hverju. Engin ástæða er til annars en að ætla að íslenskur veruleiki sé svipaður því sem gerist hjá nágrannabjóðum. Raunar eiga Íslendingar Evrópumet í notkun þunglyndislyfja. Vandinn er hins vegar sá að þótt geðlyfin séu fin fyrir sinn hatt, þá virka þau ekki ein og sér.

Rannsóknir sýna nefnilega að samtalsmeðferðir skila mestum árangri þegar kemur að því að meðhöndla kvíða og þunglyndi, sem eru jafnframt algengustu geðraskanirnar. Það er því í besta falli tímasekkja að sálfræðiþjónusta sé ekki niðurgreidd af ríkinu, en geðlæknar til að mynda fái á sama tíma greitt úr opinberum sjóðum.

Þrátt fyrir rúmlega þrettánfaldan vöxt á notkun geðlyfja frá árinu 1975 hér á landi hefur þeim ekki fækkað sem fremja sjálfsvíg og öryrkjum vegna til að mynda þunglyndis og kvíða hefur fjölgað. Raunar eru tæp 40 prósent af örorku á Íslandi til komin vegna geðrænna veikinda og það fjölgar hratt í þeim hópi.

Fundið hefur verið að því að ekki sé búið að ætla kostnað við frumvarp Þorgerðar Katrínar. Eldri tölur, frá aldamótum, sýna að beinn og óbeinn kostnaður eingöngu vegna þunglyndis á Íslandi var varfærnislega áætlaður um sex milljarðar króna. Framreiknað mætti sennilega tvöfalda þá tölu. Það hefur sýnt sig að fyrirbyggjandi aðferðir, svo sem sálfræðiþjónusta, skila árangri og auka líkur á að einstaklingar nái heilsu og virkni í samfélaginu. Svigrúmið hlýtur því að vera að minnsta kosti eitthvað – svo ekki sé minnst á að erfitt er að setja verðmiða á hamingju fólks.

Engum flýgur í hug að einkatímar hjá sálfræðingum séu ávisun á það að allri óhamingju Íslendinga verði afstýrt. Hins vegar geta samtöl við fagmenn gert kraftaverk. Það sanna dæmin.

Þorgerður Katrín hittir einfaldlega naglann á höfuðið í þetta sinn. Frumvarpið er þjóðþrifamál.

Raunar eru tæp 40 prósent af örorku á Íslandi til komin vegna geðrænna veikinda og það fjölgar hratt í þeim hópi.

Halldór



Frá degi til dags

Bitlabaul

„Þá læt ég Bitlana baula á Tarzan,“ söng Ómar Ragnarsson, líklega fyrstur Íslendinga til þess að átta sig á því hversu Bitlalög henta vel í dægurþrasi. Frægt er þegar Stefán Eiríksson birti texta lagsins She Came in Through the Bathroom Window eftir að hann hætti sem lögreglustjóri. Sjálfur gerði hann lítið úr kenningum um að þarna væri hann að senda Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi dómismálaráðherra, kaldar kveðjur. Þetta væri einfaldlega uppáhalds Bitlalagið hans og ekki skemmdi fyrir að í textanum kæmi við sögu maður sem er að hætta í löggunni.

Hey bolabitur!

Löng hefð er fyrir því að bitlaaðáandinn Ólafur Ísleifsson velji lög með hljómsveitinni þegar hann ræðir við Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu. Þar var hann í vikunni og lagði Hey Bulldog hljómaði eftir að hann hafði upplýst að Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, hefði ekki svarað því hvaða orð hans á Klaustri, þar sem hann gerði meira af því að þegja en segja, hefðu kallað á opinbera forðamingu. Þetta býður óhjákvæmilega upp á pólitíska söngtextarýni. „You think you know me, but you haven't got a clue/ You can talk to me.“ Er Steingrímur bolabitur Bitlanna sem heldur að hann sé eitthvað spes þegar hann brosir?

thorarinn@frettabladid.is

Umhverfismálin eru lykilmál



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Samkvæmt nýlegri könnun Gallup nefna helmingi fleiri en áður umhverfismál og loftslagsbreytingar sem helstu áskoranirnar sem Ísland stendur frammi fyrir í dag. Áhyggjur Íslendinga af loftslagsbreytingum hafa aukist milli ára og fleiri segjast jafnframt hugsa mikið um hvað þau geti gert til að draga úr áhrifum sínum á loftslagið, nærri 60%.

Þetta er þó ekki einungis spurning um að hugsa heldur líka gera. Þannig var gleðilegt að sjá að mikill meirihluti landsmanna kveðst hafa breytt hegðun sinni síðastliðið ár til að lágmarka áhrif sín á umhverfi og loftslag. Þá segist um helmingur hafa breytt neysluvenjum sínum í sama tilgangi. Það sem hafði mest áhrif á breytta hegðun var aukin umræða, fréttumfjöllun og fræðsla.

Samkvæmt gagnagrunni Fjölmíðlavaktarinnar hefur fréttum sem innibera orðið „umhverfismál“ fjölgað um tæp 80% á einungis fimm árum. Plast hefur aldeilis komist á dagskrá en 56% aukning varð á fréttum um plast seinustu þrjú ár. Nær tvöföldun hefur orðið á fréttum um friðlýsingar á sama tímabili og æ fleiri fréttir eru fluttar um matarsóun. Árið 2010 innihéldu 164 fréttir orðið „loftslagsbreytingar“ en í fyrra tæplega 1.000 eða hátt í þrjár á dag.

Ég hef alltaf haft þá bjargföstu trú að það að auka sýnileika umhverfismála skipti máli og lagt áherslu á að við gerum í sameiningu allt sem við getum til að auka þennan sýnileika. Ég gladdist því að fá staðfest í könnuninni að þetta geti sannarlega verið afl til breytinga.

Mun fleiri en áður telja stjórnvöld almennt ná miklum árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samfélaginu. 19,6% voru á þeirri skoðun árið 2017 en 33,9% nú. Í könnuninni kemur líka fram að fólk vill að stjórnvaldamenn geri enn meira til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Það eru góðar fréttir.

Fólk vill samkvæmt könnuninni að ríki, sveitarfélög og fyrirtæki taki umhverfismálin föstum tókum. Umhverfismálin eru orðin lykilmál.



Samkvæmt gagnagrunni Fjölmíðlavaktarinnar hefur fréttum sem innibera orðið „umhverfismál“ fjölgað um tæp 80% á einungis fimm árum.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ~ Litil orka
- ~ Þröttleysi
- ~ Veik bein
- ~ Hormóna ójafnvægi
- ~ Svefntruflanir
- ~ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ~ Köllun líffæra
- ~ Óreglulegur hjartsláttur
- ~ Kvíði
- ~ Streita
- ~ Þirringur



www.mammaveitbest.is

Ættum við að veiða hvali?



Henry Alexander Henrysson
heimspekingur

Nokkur umræða hefur farið fram undanfarið um hvalveiðar Íslendinga og hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi þær. Eitt tilefnið var skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og það fremur jákvæða viðhorf til hvalveiða sem þar kemur fram. Slikt viðhorf var fyrirsjáanlegt. Maður hefði líka giskað á jákvætt svar hefði stofnunin verið spurð um miðja nítjándu öld hvort þrælhalda væri hagkvæmt. Í báðum tilvikum er spurningin ekki sú rétta. Umræða um hvalveiðar hefur lítið sem ekkert með hagkvæmni þeirra að gera í samtímanum, spurningin sem umræðan leitar alltaf að lokum í er hvort skotveiðar á þessum sjávarspendýrum séu siðferðilega réttlætanlegar.

Í nýlegu helgarblaði Fréttablaðsins var ég bedinn um að spá í siðferðileg álitamál framtíðarinnar. Ég hefði þar getað sagt með nokkurri vissu að þær hvalveiðar sem hafa verið í umræðunni munu ekki

eiga sér stað þegar við horfum áratugi fram í tímann. Viðhorf fólks til skotveiða á spendýrum og sú rök-ræða sem á sér stað um þessi viðhorf virðist ætla að leiða til þeirrar niðurstöðu að við stundum ekki slíkar veiðar á villtum dýrum. Þetta ætti ekki að koma á óvart. Siðferðileg viðmið taka breytingum og það er meðal annars hlutverk siðfræði að greina þessar breytingar. Í tilfelli skotveiða á villtum spendýrum er bæði ljóst í hvaða átt þessi viðhorf eru að þróast og að þau gera það í ljósi þess að þau eru að vinna rök-ræðuna sem á sér stað um þessi efni. Enn um stund er hins vegar ómögulegt að sjá fyrir hvaða viðhorf verða ofan á varðandi veiðar á villtum fuglum og fiskum.

Meginreglan virðist mér sem sagt vera sú að skotveiðar á villtum spendýrum séu siðferðilega ámælisverðar. Þær vekja sem sagt óþægilegar siðferðilegar kenndir hjá almenningi. En frá þessari meginreglu eru mikilvægar undantekningar sem enn þykja gildar ástæður fyrir því að leyfa skotveiðar ef þær eru framkvæmdar á eins mannúðlegan máta og mögulegt er. Og mér sýnist sem þessi rök muni halda. Augljósust slíkra ástæðna er ef lífsviðurværi manns byggir raunverulega á slíkum veiðum. Rík hefið getur einnig dugað til að réttlæta skotveiðar sem og



Flest samfélög setja sér fjölda laga og reglna um velferð dýra. Breytt viðhorf almennings til hvalveiða er einfaldlega hluti þróunar síðustu áratuga. Hlutverk stjórnvalda er að bregðast við og láta stefnumótun sína taka tillit til þess.

vernd fólks ef lífi eða heilsu fólks stafar hættu af villtu dýri. Nauðsynleg grisjun stofna er hins vegar líklega sú ástæða sem oftast er gefin fyrir því að leyfa skotveiðar. Oft stafar nauðsynin af því að menn hafa stigið inn í vistkerfi. Þá skortir oft rándýr til að halda stofnum í skefjum eða afmörkun landsvæða gerir það að verkum að dýr hafa ekki tækifæri til að leita fæðu nægilega víða. Hin siðferðilega niðurstaða er því sú að dýrin séu almennt betur sett ef veiðileyfi eru gefin á tiltekinn fjölda dýra og sagt er fyrir um hvenær má stunda veiðarnar.

Ekkert af þessum rökum hefur nokkurt gildi í rök-ræðum um hvalveiðar Íslendinga í samtímanum. Hvalir ógna ekki hibýlum fólks,



þeir verða seint skilgreindir sem meindýr, þeir voru ekki fluttir til Íslands líkt og hreindýr voru, vistkerfið er enn nægilega öflugt til að tryggja afkomu þeirra og það rými sem þeir hafa til að lifa er ekki takmarkað á nokkurn hátt. Á Íslandi halda heldur engin hefðarrök fyrir hvalveiðum. Mögulega mun sú stund renna upp að afmarkaðir stofnar hvala kalli á takmarkaða grisjun á mannúðlegan, en um leið kostnaðarsaman, hátt og einhverjar skotveiðar munu lengi enn vera réttlættar á öðrum sjávarspendýrum, eins og selum.

Persónulega tel ég að tími sé kominn til að leyfa umræðunni um mögulegar hvalveiðar Íslendinga að færast nær siðferðilegri hlið

spurningarinnar. Það þarf til dæmis ekki að vera að slíkar veiðar hefðu nokkur áhrif á ferðamannastraum, en þó svo að straumurinn héldist myndi það ekki svara spurningunni um réttmæti þeirra. Heimurinn hefur fyrir löngu farið að færa sig í þá átt að láta svið siðferðisins ná yfir fleiri dýrategundir en manninn. Við höfum sett strangar reglur um hvernig nýta má þau í tilraunum og reynt er að fylgja eftir reglum um meðferð þeirra í matvælaframleiðslu. Flest samfélög setja sér fjölda laga og reglna um velferð dýra. Breytt viðhorf almennings til hvalveiða er einfaldlega hluti þróunar síðustu áratuga. Hlutverk stjórnvalda er að bregðast við og láta stefnumótun sína taka tillit til þess.

Læmingjar í Reykjavík



Jón Hálfðanarson
eðlisfræðingur

Læmingjar eru lítil nagdýr sem lifa á norðlægum slóðum, þó ekki á Íslandi. Þegar þeir eru orðnir nógu margir segir þjóðsagan að þeir fylgi foringjanum í blindni út í hvað sem er og kasti sér í stríðum straumi fram af björgum ef það er hans vilji.

Högum við okkur eins og læmingjar? Já, við gerum það. Við sáum það í aðdraganda hruns bankanna fyrir rúmum áratug. Og nú eru sömu teikn uppi í ferðaðnaðinum. Það er fyrirsjáanlegt að hann á eftir að dragast saman. Línurit sýna að hann hefur náð hápunkti og á sumum sviðum er niðursveiflan farin að koma fram. Ég nefni þrjú flugfélög sem Íslendingar hafa komið nálægt. Primera Air er komið á hausinn með pompi og prakt. WOW air er í raun gjaldþrota, hefur dregið saman rekstur og berst fyrir að fá inn nýtt fjármagn. Við fylgjumst með þeirri baráttu og vonum að allt fari vel. Og hvað með Icelandair? Hver er stadan þar?

Samt halda menn áfram að byggja hótél eins og engin veðrabrigði hafi orðið og hraða heldur ferðinni. Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins í síðasta mánuði er áformað að taka um 1.500 ný hótélherbergi í notkun í Reykjavík á næstu tveimur árum. Í Kvosinni er verið að reisa stórt hótél skáhallt fyrir neðan Menntaskólann. Við Hörpu er lúxushótél í byggingu. Í frétt í Fréttablaðinu frá því í sumar er sagt að verkefnið sé komið 50 milljónir dollara fram úr upphaflegri áætlun, m.a. vegna hækkunar krónunnar. Ekki litlar upphæðir þar á ferðinni.

Og þá er komið að stóra hótélinu við Austurvöll. Heiðursborgarar Reykjavíkur hafa sameinast og mótmælt framkvæmdunum margsinnis. Þau benda á að verið

sé að vinna óbætanleg spjöll á viðkvæmum og söguhelgum reit í hjarta höfuðborgarinnar – Vigdís Finnbogadóttir, Friðrik Ólafsson, Þorgerður Ingólfssdóttir og Erró. En engan bilbug er að finna á þeim sem sjá um framkvæmdirnar, Lindarvatni ehf.

Forstjóri Icelandair er stjórnarformaður Lindarvatns. Icelandair Group á helmingshlut í Lindarvatni. Lífeyrissjóðirnir eiga meirihluta í Icelandair Group.



Högum við okkur eins og læmingjar? Já, við gerum það. Við sáum það í aðdraganda hruns bankanna fyrir rúmum áratug. Og nú eru sömu teikn uppi í ferðaðnaðinum. Það er fyrirsjáanlegt að hann á eftir að dragast saman.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur upplýst að eina fjármagnid sem eytt hafi verið í framkvæmdirnar komi frá kaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum sem Lindarvatn gaf út. Þá segir hann: „Um er að ræða gríðarlega áhættusama framkvæmd og ekki fæst séð að félagið sé full fjármagnað fyrir þeim flóknu og miklu framkvæmdum sem eftir eru. Þeir einu sem sitja eftir með alla áhættuna af þessu áhættusama verkefni eru því lífeyrissjóðirnir.“

Råd fjallamanna er skýrt: Þegar veður skipast í lofti þá skaltu snúa við. Það er engin skömm að því. Erum við eins og læmingjar? Nei, sagan um læmingjana er þjóðsaga. Þeir haga sér ekki svona. Ef til vill eru þeir skynsamari en við.

Opel Grandland X Aktiv sér um að koma þér og dótinu þínu á ævintýraslóðir

GRANDLAND X Aktiv

Betur útbúinn Grandland X fyrir Aktiv fólk

Aukahlutapakki sem inniheldur: Aukin veghæð
Toyo harðskelja vetrardekk / Toppgrind og skíðabogar
Vetrarmottur / Aurhlífar
Kaupauki: Árskort á skíðasvæði

Opel Grandland X Aktiv, verð frá:

4.490.000 kr.

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel á Krókhálsi 9.

Grandland X Aktiv er einnig frumsýndur í sýningarsal okkar í Reykjanessbæ

Opunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Billa Benna

Meiri harka í gríska boltanum

Landsliðsmarkvörðurinn Ögmundur Kristinsson er búinn að koma sér vel fyrir hjá Larissa. Stuðningsmenn í Grikklandi eru blóðheitt og er oft mögnuð stemming á leikjum en Ögmundur kann vel við það.

FÓTBOLTI Markvörðurinn Ögmundur Kristinsson varð síðasta sumar áttundi íslenski leikmaðurinn sem samdi við grískt félag þegar hann skrifaði undir hjá Larissa til tveggja ára og hefur hann komið sér vel fyrir í Grikklandi þar sem hann byrjar alla leiki. Eftir brósuga byrjun á tímabilinu hefur Larissa aðeins tapað tveimur afsíðustu tíu leikjum og er komið um miðja deild þegar tímabilið er hálfnað. Fram undan er leikur gegn stórveldinu Olympiakos síðar í dag eftir að Larissa tókst að næla í stig gegn Panathinaikos á dögnum þrátt fyrir að leika manni færri frá þriðju mínútu leiksins.

„Við erum búnir að vera í þínu síðustu daga og það er komin spenna fyrir leiknum gegn Olympiakos. Maður er spenntur fyrir því að spila þessa stærstu leiki. Við náðum í gott stig gegn Panathinaikos þrátt fyrir að vera manni færri frá upphafsmínútunum,“ sagði Ögmundur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

Larissa er kunnugt íslenskum knattspyrnuáðdáendum eftir að hafa mætt KR í undankeppni Evrópukeppni árið 2010.

„Það eru nokkur sögufær félög í Grikklandi, PAOK, Panathinaikos, Olympiakos og AEK þarna sem eru stærstu félögin. Þau eru með mestu peningana og bestu leikmannahópna og hafa sýnt það í Evrópu að þetta eru frábær lið. Larissa hefur unnið titla en er í hópnunum á eftir þessum stórlíðum. Fólk hér man vel eftir leikjunum gegn KR hérna um árið.“

Grískir stuðningsmenn eru þekktir fyrir að vera blóðheittir.

„Það er mjög skemmtilegt, það er mikill hiti í mönnum og það eru oft mikil læti á leikjum og í kringum leikina. Það hefur komið fyrir að lögreglan þurfi að nota tárags til að ná stjórn á stuðningsmönnum en það er frábært að spila í svona stemmingu,“ sagði Ögmundur sem þekkir það vel að spila í leikjum þar sem stuðningsmenn láta vel í sér heyra. Hann lék um árabíl með Hammarby þar sem nágrannslagurinn gegn AIK er ekkert grín.

„Maður þarf að vera undirbúinn fyrir svona stemmingu. Það er algjörlega einstakt að spila svona leiki eins og borgarslaginn um



Ögmundur í síðasta leik sínum fyrir íslenska landsliðið gegn Katar í árslok 2017 en hann var kallaður inn í landsliðið á ný í haust eftir að hafa misst af Heimsmeistaramótinu í Rússlandi í sumar sem leið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í Hollandi er meiri áhersla lögð á tækni en hér er meira um átök og meiri harka í leikjunum.

Ögmundur Kristinsson

Stokkhólm. Það er erfitt að finna betri stemmingu en í þessum leikjum.“

Eftir stutt stopp í Hollandi samdi Ögmundur við Larissa í sumar. Hann segir meiri hörku einkenna gríska knattspyrnu.

„Þetta er öðruvísi knattspyrna, hollenski boltinn er tekniskari og lögð áhersla á að spila út. Meiri

áhersla á tækni í stað baráttunnar. Í Grikklandi er meiri hiti í leikjunum, tekist meira á og meiri harka,“ sagði Ögmundur sem hafði úr nokkrum tilboðum að velja.

„Ein af lykilástæðum þess að ég kem hingað er að þjálfarateymið lagði mikla áherslu á að fá mig þegar ég var að skoða möguleikana í sumar. Ég var með nokkur tilboð á borðinu en eftir viðræður við Larissa var ég ákveðinn. Þeir töluðu um að ég myndi spila alla leiki sem var mjög jákvætt. Ég var held ég búinn að fá eina æfingu þegar ég byrjaði fyrsta leikinn,“ sagði hann léttur og hélt áfram:

„Það þrífast allir leikmenn á því

að finna fyrir trausti, ekki bara markmenn heldur leikmenn í öllum stöðum. Manni líður vel og fær sjálftraust ef maður finnur fyrir trausti þjálfarateymisins og þá spilar maður betur.“

Ögmundur á að baki fimmtán leiki með A-landsliðinu og var í leikmannahópnum í síðustu tveimur landsleikjahléum.

„Stefnan er að vera í íslenska landsliðinu áfram. Þjálfarateymið leggst vel í mig, við áttum gott spjall í síðustu landsliðsverkefnum. Nú er það undir manni komið að spila vel með félagsliðinu og þá koma tækifæri með landsliðinu.“

kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin



Arsenal - Cardiff 2-1
1-0 Aubameyang (viti) (66.), 2-0 A. Lacazette (83.), 2-1 Nathanie Mendez-Laing (90.).

Huddersfield - Everton 0-1
0-1 Richarlison (3.).

Fulham - Brighton 4-2
0-1 G. Murray (4.), 0-2 G. Murray (17.), 1-2 C. Chambers (47.), 2-2 A. Mitrovic (58.), 3-2 A. Mitrovic (74.), 4-2 Luciano Vietto (79.).

Wolves - West Ham 3-0
1-0 Romain Saiss (66.), 2-0 Raúl Jiménez (80.), 3-0 Raúl Jiménez (86.).

Man.Utd - Burnley 2-2
0-1 A. Barnes (51.), 0-2 Chris Wood (81.), 1-2 Paul Pogba (viti) (88.), 2-2 V. Lindelöf (90.).

Newcastle - Man.City 2-1
0-1 Sergio Agüero (1.), 1-1 Salomón Rondón (66.), 2-1 Matt Ritchie (viti) (80.).

Olisdeild kvenna



Fram - KA/Þór 31-24
Fram: Steinunn Björnsdóttir 9, Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Karen Knútsdóttir 6.
KA/Þór: Martha Hermannsdóttir 10, Hulda B. Tryggvadóttir 5, Öluf M. Hlynisdóttir 4.

HK - Valur 14-30
HK: Elva Arinbjarnar 4, Sigríður Hauksdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 3.
Valur: Sandra Erlingsdóttir 8, Lovisa Thompson 6, Alina Molkova 4.

Stjarnan - Haukar 23-28
Stjarnan: Elisabet Gunnarsdóttir 4, Stefania Theódórsdóttir 4, Þórey A. Ásgeirsdóttir 4.
Haukar: Berta Rut Harðardóttir 8, María Peireira 6, Birta Lind Jóhannsdóttir 4, Ramune Pekarskyte 4.

Efri	Neðri		
Valur	23	KA/Þór	13
Fram	21	Stjarnan	9
Haukar	18	HK	7
ÍBV	17	Selfoss	4



Helena mun leika í Frakklandi í vetur.

Helena Rut í fallbaráttuna í Frakklandi

HANDBOLTI Helena Rut Örvarsdóttir, landsliðskona í handbolta, gekk í dag til liðs við franska félagið Dijon, en þetta kom fram á Twitter-síðu félagsins í gærkvöldi. Þar kom fram að samningur Helenu Rutar við Dijon sé út yfirstandandi leiktið og verður staðan tekin í vor hvort framlengt verði um eina leiktið til viðbótar.

Helena, sem er 24 ára gömul vinstri skytta, kemur til franska félagsins frá Byåsen í Noregi, en þar hefur hún spilað í eitt og hálft ár eftir að hafa komið þangað frá Stjórnunni.

Næsti leikur Dijon er 9. febrúar, en liðið mætir þá Bourg-de-Péage á útivelli. Dijon er með sex stig eftir 15 umferðir í frönsku efstu deildinni, en leikurinn við Bourg-de-Péage er lykilleikur í fallbaráttu deildarinnar. – hó

Forystan getur orðið sjö stig

ENSKI BOLTINN Fjórir leikir fara fram í 24. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla í kvöld og lýkur þar af leiðandi 24. umferð deildarinnar. Liverpool, sem hefur fjögurra stiga forskot á Manchester City á toppnum, fær Leicester City í heimsókn á Anfield. Mikil forföll hafa herjað á varnarlinu Liverpool í aðdraganda þessa leiks.

Joe Gomez og Dejan Lovren verða að öllum líkindum fjarri góðu gamni. Trent Alexander-Arnold og Fabinho eru svo í kapphlaupi við tímann við að ná sér af þeim meislum sem hafa verið að plaga þá. Virgil Van Dijk hefur síðan verið að glíma við veikindi í vikunni. Lesa mátti þó úr orðum Klopp á blaðamannafundi sem haldinn var í gær að Van Dijk hefði hrist af sér veikindin og myndi spila í kvöld. Þá tekur James Milner út leikbann í þessum leik.

» Mikil baráttu er um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta keppnistímabili.

Tottenham Hotspur, sem er í þriðja sæti deildarinnar með 51 stig fyrir þennan leik, glímir hins vegar við meislavandræði hinum megin á vellinum þar sem Harry Kane og Dele Alli er fjarri góðu gamni vegna meiðsla. Það er hins vegar huggun harmi gegn fyrir Tottenham að liðið hefur heimt Son Heung-Min aftur eftir þátttöku framherjans með Suður-Kóreu í Asíubikarnum.

Gonzalo Higuain leikur sinn fyrsta deildarleik fyrir Chelsea þegar liðið sækir Bournemouth heim. Chelsea sem situr í fjórða sæti deildarinnar með 47 stig, er í harðri baráttu við Tottenham Hotspur, Arsenal og Manchester United um sæti í Meistaradeild Evrópu. – hó

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhóla 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Við eigum rætur
að rekja til íslenskrar
sveitar, uxum úr grasi í
íslenskri mold, vökvuð
íslensku vatni.

HVAR LIGGJA ÞÍNAR RÆTUR?

Við erum íslensk
náttúruafurð. Íslenskt
salat er bragðgott,
hollt og ferskt og þú
veist hvaðan það kemur.



Ösp í Laugarási

Garðyrkjubændurnir Ragnar og Sigrún leggja rækt við að færa þér ferskt salat í handhægum umbúðum.
Þau bjóða þér upp á gómsætt úrval af salati. Taktu eftir miðanum næst þegar þú verslar.

Veldu íslenskt salat – ekki bara eitthvað bland í poka.

islenskt.is



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1933 Adolf Hitler er settur í embætti kanslara Þýskalands.

1938 Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

1945 Mannskæðasti skiptapi sögunnar verður þegar sovéskur kabátur sökkvir þýska skipinu Wilhelm Gustloff og 9.343 fórust.

1959 Danska skipið MS Hans Hedtoft ferst í jómfrúarferð sinni til Grænlands.

1968 Vietnamstríðið: Fyrsta orrustan um Saigon.

1969 Bítlarnir spila í síðasta sinn opinberlega.

1971 Frost mælist 19,7°C í Reykjavík sem var það kaldasta síðan 1918.

1972 Blóðugi sunnudagurinn 1972 þegar 26 mótmælendur og áhorfendur eru skotnir af breska hernum í Derry á Norður-Irlandi.

1972 Pakistan segir sig úr Breska samveldinu.

1974 G. Gordon Liddy er dæmdur sekur í Watergate-málinu.

1975 Fyrsta frimerkið kemur út í Færeyjum.

1981 Einn mesti töffari knattspyrnuheimsins, **Dimitar Berbatov**, er í heiminn borinn.

1982 Fyrsti tölvuvírusinn, Elk Cloner, er uppgötvaður.

2005 Fyrstu frjálsu þingkosningarnar frá 1958 haldnar í Írak.

2006 Íslenska stuttmyndin Síðasti bærinn tilnefnd til Óskarsverðlauna.

2010 Kona lætur lífið og 7 ára drengur slasast þegar þau falla í sprungu á Langjökli.

2011 Kraftlyftingafélag Garðabæjar, Heiðrún, stofnað.



ÞETTA GERÐIST: 30. JANÚAR 1988

Listasafn Íslands opnað í gamla íshúsinu við Fríkirkjuveg

Listasafn Íslands var opnað í gamla íshúsinu á Fríkirkjuvegi 7 þennan dag árið 1988. Húsið var hannað af Guðjóni Samúelssyni árið 1916 fyrir fyrir-tækið Herðubreið. Síðar hýsti það Framsóknarhúsið og frá árinu 1961 Glaumbæ sem brann 1971. Eftir það fékk listasafnið það í sínar hendur en það þurfti þó algerrar endurnýjunar við og flutti safnið ekki inn í húsið fyrr en 1988.

Safnið er í eigu íslenska ríkisins en það var stofnað í Kaupmanna-höfn í október 1884 af Birni Bjarnar-syni (1853-1918), síðar sýslumanni. Stofn safnsins voru gjafir listamanna, einkum danskra. Listasafnið var sjálfstæð stofnun frá 1884 til 1916 er Alþingi ákvað að gera það að deild í Þjóðminjasafni Íslands. Með lögum um Menntamálaráð 1928 var safnið síðan sett beint undir stjórn ráðsins.

Verk safnsins voru til sýnis í Alþingishúsinu frá 1885 til 1950 þegar það fluttist í Safnahúsið við Suðurgötu sem það deildi með Þjóðminja-safni Íslands. Listasafnið var formlega opnað þar 1951 og hlaut fullt sjálfstæði að lögum árið 1961. Árið 1987 fluttist safnið síðan að Fríkirkjuvegi 7.

Árið 1916 var listasafnið gert að deild í Þjóðminjasafni Íslands. Safnkosturinn var þá geymdur viðs vegar og lánaður til opinberra stofnana og skóla um allt land. Árið 1950 var



fyrsti forstöðumaður safnsins, Selma Jónsdóttir, ráðinn og því fenginn staður á efstu hæð nýja hússins sem hafði verið reist yfir Þjóðminjasafnið við Suðurgötu. Þá var safnkosturinn

endurheimtur alls staðar að og fékkst að mestu leyti til baka.

Með nýjum lögum 1961 varð safnið svo sjálfstæð stofnun sem heyrir beint undir menntamálaráðuneytið.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Úlfar Garðar Randversson
fyrirverandi vörubilstjóri
í Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 22. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 1. febrúar klukkan 13.00.

Þórir Úlfarsson
Guðlaugur Jón Úlfarsson
Gyða Úlfarsdóttir
Jóna Sigríður Úlfarsdóttir
Úlfar Randver Úlfarsson
Matthildur Úlfarsdóttir
Haraldur Sigurðsson
Geir Sigurðsson

Sigríður Einarisdóttir
Maria Pálsdóttir
Erlingur Kristensson
Berglind Þorleifsdóttir
Sæunn Magnúsdóttir

og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jóhanna Ólafsdóttir
frá Garði í Kelduhverfi,

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri laugardaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Garðskirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

Ólafur Brynjar Sigurðsson
Jón Sigurðsson
Sigurgeir Sigurðsson
Kristín Björnsdóttir

Kristbjörg Á. Magnúsdóttir
Þorbjörg Bragadóttir
Aðalheiður Magnúsdóttir
Valur Magnússon

og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Þórunn Ólafsdóttir

dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést að morgni 24. janúar. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 31. janúar kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ragnheiður Sigfúsdóttir
Jón Ólafur Sigfússon
Kristján Þór Sigfússon
Haukur Sigfússon

Þorgeir Jóhannesson
Alda Skarphéðinsdóttir
Ágústa Magnúsdóttir
Diana Olsen



Elskulegur sambylismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir og afi,

Þórarinn Guðlaugsson

matreiðslumeistari,

lést 26. janúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 15.00.

Þóra Davíðsdóttir

Hrund Þórarins Ingudóttir
Mjóll Þórarinsdóttir
Drífa Þórarinsdóttir
Katla Þórarinsdóttir
Rannveig Hafsteinsdóttir
Þórunn Hafsteinsdóttir

Páll Skaftason
Haraldur Eyjar Grétarsson
Heiðar Jón Heiðarsson
Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson
Guðni Stefánsson
Martin Sjóvold Skavang
barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Ásdís Danielsdóttir

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður til heimilis að Vaðlaseli 10,

lést í faðmi sinna nánustu síðastliðinn laugardag. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.

Jóhanna Sigurðardóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Birna Sigurðardóttir
Daniel Sigurðarson

Haraldur S. Svavarsson
Stefnir Páll Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Tómas Jens Pálsson

frá Litlu-Heiði,

sem lést þann 19. janúar sl., verður jarðsönginn frá Víkurkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 13.00.

Steinunn Þorbergsdóttir

Valdimar Tómasson
Sigrún Tómasdóttir
Páll Tómasson

Ragnhildur Hjaltadóttir
Engilbert Ó.H. Snorrason
Elisabet Ásta Magnúsdóttir

Tómas Jökull, Bergsteinn Páll og Sigrún Ólafía



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga Dóra Gústafsdóttir

lést sunnudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 6. febrúar kl. 13.

Einar Ósvald Lövdahl

Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl
Jóhanna Sólveig Lövdahl
Ragnhildur Hjördís Lövdahl
Birgir Ármannsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg frænka okkar og mágkona,

Sigrún Hólmgeirsdóttir

frá Hellulandi, Aðaldal, Gnoðarvogi 72, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð líknardeilda og heimahlyningar Landspítala.

Þorbjörg Aðalsteinsdóttir
Karen H. Jóhannsdóttir
Þorbjörg Völundardóttir
Kristbjörg Kristjánsdóttir

Hólmgeir Hermannsson
Magnús Hermannsson
Hanna Dóra Hermannsdóttir
Bergþór Hermannsson
María G. Hannesdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. janúar 2019

4. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX


OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Fyrstu skrefin lofa ekki góðu

Mikill meirihluti félaga í Kauphöllinni hefur komið á fót tilnefningarnefnd. Skiptar skoðanir hvort þær muni þjóna tilgangi sínum en stjórnarformaður LIVE segir tæplega hægt að snúa við úr þessu. Framkvæmdin í stjórnarkjöri Haga sögð klúður og ótraustvekjandi. » 8-9



Ráðendur félaga hafa freistast til að nota tilnefningarnefndir sem eins konar verkfæri til að tryggja stjórnarmenn hliðholla sér.



»2
**Með jafn mikið í sjóðfélagala-
lánnum og hlutabréfum**

Hlutdeild sjóðfélagala af heildar-
eignum lífeyrissjóðanna hækkaði
hratt á síðasta ári og er næstum
því jafn há og hlutdeild innlendra
hlutabréfa. Vantar fleiri fjárfesta á
markaðinn, segir í dósent í hagfræði.

»4
**Upplýstu ekki um afstöðu
ríkissaksóknara**

Umboðsmaður Alþingis segist ekki
hafa fengið upplýsingar um afstöðu
ríkissaksóknara til gildis reglna um
gjalddeyrishóft sem refsheimilda
á fundi með Seðlabankanum í
nóvember 2015. Sakar bankann um
að gera sér upp afstöðu til þess að
réttlæta gerðir sínar.

»10
**Mektardagar vogunar-
sjóða eru að baki**

Þriðja árið í röð sem fleiri vogunar-
sjóðum er lokað en er hleypt af
stokkunum. Ávöxtun vogunarsjóða
hefur farið stíglækkandi og þóknar
hafa lækkað.

OAKLEY

Oakley bretta-
og skíðagleraugu,
margar gerðir.



Oakley bretta-
og skíðahjálmar,
margir litir.



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Leggur 66°Norður til 3,2 milljarða í hlutafé

Bandarískur fjárfestingasjóður, sem gekk frá samkomulagi um kaup á minnihluta í Sjóklæðagerðinni 66°Norður í júlí í fyrra, hefur lagt félaginu til nýtt hlutafé að jafnvirði um 3,2 milljarða króna. Með hlutafjárakningunni tryggir sjóðurinn sér tæplega helmingshlut í 66°Norður.



Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður.

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður, segir í samtali við Markaðinn að hlutafjárakningin hafi klárast í desember á liðnu ári og hún komi til í beinu framhaldi af samkomulagi síðasta sumar um sölu á hlut til alþjóðlegs fjárfestingasjóðs í því skyni að tryggja fjármögnun á áframhaldandi uppbyggingu félagsins erlendis.

Markaðurinn upplýsti fyrst um kaupin þann 18. júlí síðastliðinn en ráðgjafarfrýrtækið Rothschild í London hafði umsjón með söluhlutnum fyrir hönd 66°Norður. Þá var Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, einnig á meðal ráðgjafa seljenda í viðskiptunum. Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um nafn kaupandans en samkvæmt heimildum er um að ræða bandarískan sjóð sem hefur ekki áður komið að fjárfestingum á Íslandi.

Hjónin Helgi og Bjarney Harðardóttir, sem eiga núna rúmlega helmingshlut í 66°Norður, komu fyrst inn í hluthafahóp fyrirtækisins 2011 og eignuðust það síðan að fullu tveimur árum síðar. Heildartekjur 66°Norður, sem rekur tíu verslanir hér á landi og tvær í Kaupmannahöfn, námu samtals um 3,86 milljarðum króna á árinu 2017. Fyrirtækið var hins vegar rekið með 115 milljóna króna tapi en hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam tæplega 161 milljón króna. Heildareignir í árslok 2017 voru um 3,3 milljarðar en eiginfjárhlutfall félagsins nam þá aðeins um 3,8 prósentum.

Helgi segir aðspurður í samtali við Markaðinn að afkoma 66°Norður hafi batnað á síðasta ári og að „heilbrigður vöxtur“ hafi verið í tekjum félagsins. – hae

Eiga orðið jafn mikið í lánnum og hlutabréfum

Hlutdeild sjóðfélaga-lána af heildareignum lífeyrissjóðanna hækk- aði hratt á síðasta ári og er næstum því jafn há og hlutdeild innlendra hlutabréfa. Vantar fleiri fjárfesta á markaðinn, segir dósent í hagfræði.

Vægi innlendra hlutabréfa annars vegar og sjóðfélagalána hins vegar í eignasafni lífeyrissjóða landsins var nánast jafn mikið í lok nóvember síðastliðins. Til samanburðar var hlutdeild innlendra hlutabréfa af heildareignum lífeyrissjóðanna hins vegar um þriðjung hærri en hlutdeild sjóðfélagalána í byrjun ársins.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir ljóst að lífeyrissjóðirnir hafi haldið að sér höndum á hlutabréfamarkaði undanfarið. Þess í stað hafi þeir einbeitt sér meira að sjóðfélagalánum og erlendum fjárfestingum. Það kunnist að skýra af hverju hlutabréfamarkaðurinn hafi legið nær flatur á síðustu þremur til fjórum árum.

„Það vantar sárlega fleiri fjárfesta á hlutabréfamarkaðinn,“ nefnir Ásgeir.

Samkvæmt tölum sem birtar eru á vef Seðlabankans áttu lífeyrissjóðirnir samanlagt tæplega 433 milljarða króna í innlendum hlutabréfum í lok nóvember í fyrra og var hlutfall bréfanna þá 10,0 prósent af heildareignum sjóðanna. Á sama tíma áttu sjóðirnir ríflega 419 milljarða króna í sjóðfélagalánum og var hlutfall lánanna 9,7 prósent af heildareignum þeirra sem voru alls 4.324 milljarðar króna.

Vægi sjóðfélagalánanna fór ört vaxandi á síðasta ári, líkt og árin þar á undan, á meðan vægi innlendu hlutabréfanna fór minnkandi. Þannig námu sjóðfélagalán 8,4 prósentum af heildareignum lífeyrissjóðanna í byrjun ársins, borið saman við 9,7 prósent í lok nóvember sama ár, en til samanburðar var hlutfallið 5,4 prósent í ársbyrjun 2016.


Innlend hlutabréf voru 11,6 prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna í janúar í fyrra, samanborið við 10,0 prósent í nóvember síðastliðnum, en hlutfallið fór hæst í 15 prósent á haustmánuðum 2015.

Þó ber að geta þess að gengislækkun hlutabréfa í Icelandair Group, en bréfin hafa lækkað um 70 prósent í verði frá haustinu 2015, skýrir að einhverju leyti minnkandi vægi hluta-



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.

Minnkandi vægi íslenskra hlutabréfa



bréfa í eignasafni lífeyrissjóðanna enda eiga sjóðirnir hlutfallslega stóran eignarhlut í flugfélaginu miðað við önnur skráð félög.


Samhliða aukinni áherslu á sjóðfélagalán og minni áherslu á innlendar hlutabréfafjárfestingar hafa lífeyrissjóðirnir auknið erlendar fjárfestingar sínar jafnt og þétt á umliðnum árum. Námu erlendar eignir sjóðanna – sem eru alls 1.173 milljarðar króna – um 27,1 prósent af heildareignum þeirra í nóvember í fyrra en hlutfallið var 24,1 prósent í byrjun ársins. Sé litið til ársbyrjunar 2016 var sambærilegt hlutfall 21,6 prósent.

Ásgeir bendir á að lífeyrissjóðirnir hafi selt sig aðeins út á hlutabréfamarkaði en fáir hafi komið á móti og fyllt það skarð sem sjóðirnir hafa skilið eftir sig.

„Svo virðist sem almennir fjárfestar hálfvegis forðist markaðinn,“ nefnir Ásgeir og vísar til þróunarinnar frá því að fjármálakreppan skall á fyrir um tíu árum. Í raun megi segja að fasteignir hafi tekið við af hlutabréfum

sem sparnaðarleið fyrir smærri fjárfesta. Ásgeir var einn af ráðgjöfum stjórnvalda við ritun Hvitbókar um fjármálakerfið, sem gefin var út í desember, og skrifaði álitserð um framtíð fjármálakerfisins. Þar lagði hann fram nokkrar tillögur sem miða að því að fjölga virkum fjárfestum á íslenskum fjármálamarkaði en tillögurnar fólust meðal annars í því að gefa öðrum en lífeyrissjóðunum færi á því að taka að sér ávöxtun séreignar-sparnaðar, leyfa frjálsa fór erlendra langtímaffjárfesta inn á markaðinn, án bindiskyldu, og gefa almenningi skattalega hvata til þess að kaupa hlutabréf.

Hvað varðar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði bendir Ásgeir á að á sínum tíma, þegar markaðurinn var byggður upp á tíunda áratug tuttugustu aldar, hafi almenningur verið hvattur til hlutabréfakaupa með skattalegum hvötum. „Það má því vel velta þeirri hugmynd að endurtaka leikinn og hvetja þannig fleiri aðila til þess að taka þátt í markaðinum,“ skrifar Ásgeir í álitserðinni.



IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróid iðn- og þjónustufyrirtæki með 35 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmiðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Ársvelta um 45 milljónir króna og hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.

Beðið með sölu á lúxusíbúðum

Ekki hefur verið ákveðið hvenær lúxusíbúðir í þremur blokkum á Hafnartorgi sem ÞG Verk byggir verða settar formlega í sölu. Þorvaldur Gissurarson, forstjóri fyrirtækisins, segir að það fari eftir markaðsaðstæðum hvenær sala hefjist. Kjarasamningar séu lausir og fasteignamarkaðurinn sé í biðstöðu. „Það er ekki óeðlilegt miðað við þá óvissu sem er til staðar,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

ÞG Verk hafði áður sett lúxusíbúðir í tveimur húsum á Hafnartorginu sem eru nær Lækjargötu til sölu. Samkvæmt söluvef Hafnartorgs eru tíu íbúðir seldar. Fram kom í frétt í Morgunblaðinu í september að sex íbúðir hefðu verið seldar. „Það mjatlast út,“ segir Þorvaldur. Að hans sögn eru 30 íbúðir



Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verk.

í húsunum sem eru til sölu. Samkvæmt söluvefnum eru samanlagt 76 íbúðir á Hafnartorginu.

Blokkirnar eru tilbúnar að utan. Reiknað er með að aðrar íbúðir en þær sem eru á efstu hæð verði fullbúnar eftir um tvo mánuði. Eftu hæðirnar eru tilbúnar undir tréverk og boðið upp á að kaupendur geti valið frágang.

Þorvaldur segir að verkefnið kosti um 13-14 milljarða króna. Um það

bil helmingur fjárhæðarinnar sé lánsfé frá Landsbankanum. „Eins lengi og þarf á að halda,“ svarar Þorvaldur spurður hve lengi fyrirtækið geti beðið með að selja eignirnar á meðan markaðsaðstæður eru krefjandi.

„Ég hef engar áhyggjur af Hafnartorgi. Það er ekkert óeðlilegt að svona verkefni taki lengri tíma í markaðssetningu og sölu en hefðbundið húsnaði. Það kemur ekki á óvart. Þetta er allt önnur vara sem verið að bjóða en annars staðar,“ segir hann og nefnir að það hafi verið reyndin í velheppnaðri uppbyggingu við Akerbryggju í Ósló. „Ég hef fulla trú á að Hafnartorg, verslun, skrifstofur og íbúðir eigi eftir að slá í gegn þegar fram líða stundir.“ – hvj

Byggðu umhverfisvænt hús -úr krosslímdu tré



Stór eða lítil

- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús

úr krosslímdu tré

Þjóðum einnig

glugga, hurðir og
utanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Upplýstu ekki um afstöðu ríkissaksóknara

Umboðsmaður Alþingis segist ekki hafa fengið upplýsingar um afstöðu ríkissaksóknara til gildis gjaldeyrisreglna sem refsheimilda á fundi í Seðlabankanum í nóvember 2015. Hann sakar bankann um að gera sér upp afstöðu til þess að réttlæta gerðir sínar.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stjórnendur Seðlabanka Íslands gerðu umboðsmanni Alþingis ekki grein fyrir afstöðu ríkissaksóknara um að engin nothæf refsheimild hefði verið fyrir hendi vegna brota gegn reglum um gjaldeyrisreglur á fundi sem þeir áttu saman í húsaáttunum bankans síðla nóvembermánaðar árið 2015.

Umrædd afstaða ríkissaksóknara kom í ljós í maí árið 2014 þegar hann staðfesti ákvarðanir sérstaks saksóknara um að hætta rannsókn á nokkrum málum, sem vörðudu meint brot gegn reglum um gjaldeyrisreglur og byggðust á kærnum Seðlabankans, vegna skorts á gildum refsheimildum. Þá hafði umboðsmaður jafnframt gert áþekkar athugasemdir og ríkissaksóknari í bréfi sem hann skrifaði forsvarsmönnum Seðlabankans í október árið 2015, rúmum mánuði áður en hann fundaði með þeim.

Í álitinu sem umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, lauk í liðinni viku vegna kvörtunar af hálfu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, gagnrýnir hann harðlega vinnubrögð stjórnenda Seðlabankans að þessu leyti.

Af álitinu má ráða að umboðsmanni hafi ekki verið kunnugt um áður nefnda afstöðu ríkissaksóknara frá árinu 2014 fyrr en honum barst kvörtunin frá Þorsteini Má síðasta sumar, í júní 2018, en í kjölfar hennar krafði umboðsmaður Seðlabankann skýringu á málinu. Spurði umboðsmaður bankann meðal annars hvort og þá hvernig ákvörðun hans um að leggja 1,3 milljóna króna stjórnvaldssekt á Þorstein Má væri í samræmi við afstöðu ríkissaksóknara.

Umboðsmaður rekur í álitinu sínu að hann hafi fundað með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og fleiri starfsmönnum bankans 25. nóvember 2015. Þrátt fyrir að umboðsmaður hafi áður gert svipaðar athugasemdir og ríkissaksóknari og dregið í efa að bráðabirgðaákvæði í gjaldeyrislögum væri nægjanleg heimild fyrir seðlabankann til þess að leggja á sektir vegna brota gegn reglum um gjaldeyrisreglur, þá hafi bankinn ekki gert „grein fyrir afstöðu hans [ríkissaksóknara] á þessum fundi eða mér afhent afrit af umræddum úrlausnum ríkissaksóknara“.

Ákvörðunin um stjórnvaldssektina, sem kvörtun Þorsteins Más laut að, var tekin 1. september 2016, ríflega tveimur árum eftir að Seðlabankanum varð fyrst kunnugt um afstöðu ríkissaksóknara til gildis gjaldeyrisreglna bankans sem fullnægjandi refsheimilda. Þorsteinn Már var meðal annars sakadur um að hafa ekki skilað innan tilskilinnna tímamarka erlendum gjaldeyri sem



Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Umboðsmaður Alþingis gerir athugasemdir við stjórnvísu Seðlabankans vegna sektar sem bankinn lagði á Þorstein Má Baldvinsson, forstjóra Samherja. Telur umboðsmaður að svar bankans við kröfu Þorsteins Más hafi ekki verið í samræmi við lög. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Í báðum þessum tilvikum er mér geð upp afstaða til réttlætningar á gerðum Seðlabankans án þess að farið sé rétt með.

Úr álitinu umboðsmanns Alþingis



Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.

hann fékk greiddan á árinu 2010 vegna endurgreiðslu láns til fjármálafyrirtækis.

Umboðsmanni gerð upp afstaða Í álitinu umboðsmanns kemur fram hörð gagnrýni á stjórnvísu og vinnubrögð Seðlabankans í málum sem varða framkvæmd og eftirlit með gjaldeyrislögum. Þá telur umboðsmaður jafnframt skýringar bankans til sín gagnrýniverðar. Til að mynda sakar umboðsmaður bankann um að gera honum upp afstöðu til réttlætningar á gjörðum bankans án þess að fara rétt með.

„Þarna er farin sú leið til rétt-

Skylt að endurgreiða stjórnvaldssektir?

Að því gefnu að dómstólar telji að bráðabirgðaákvæði í lögum um gjaldeyrisreglur hafi ekki haft að geyma fullnægjandi heimild fyrir Seðlabankann til þess að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á reglum settum samkvæmt ákvæðinu væri íslenska ríkinu skylt að eiga frumkvæði að því að endurgreiða þær sektir sem hafa verið lagðar á í samræmi við almennar reglur kröfurettar.

Þetta er ein af niðurstöðum álitsergerðar sem Gizur Bergsteinsson hæstaréttarlögmaður vann að beiðni Seðlabankans sumarið 2014.

Í álitsergerðinni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur jafnframt fram að niðurstaða um það hvort sá sem hafi sætt álagningu stjórnvaldssektar geti auk þess krafist dráttarvaxta og bóta fyrir annað tjón ráðist af því hvort háttsemi Seðlabankans yrði talin saknæm. Að mati Gizurar er hæpið að sú yrði talin raunin.

„Þarna er farin sú leið til rétt-

lætningar á gerðum stjórnvaldsins að vísa til gerða og svara annarra án þess að rétt sé farið með eða tilefni sé til þeirra ályktana sem dregnar eru,“ segir á einum stað í álitinu umboðsmanns.

Í álitinu margtírekar umboðsmaður að hann hafi allt frá árinu 2011, þar á meðal í bréfi í október 2015, talið „vafamál“ hvort áður nefnt bráðabirgðaákvæði í gjaldeyrislögum hafi falið í sér nægjanlega refsheimild fyrir Seðlabankann.

„Ég tel ástæðu til að taka fram að ég taldi ekki þörf á að kveða sterkar að orði en þarna var gert enda hafði Seðlabankinn í bréfi til mín, dags. 7. júlí 2011, tekið fram að bankinn hefði enn ekki hafið formlegt stjórnvísulag vegna meintra brota á lögum nr. 87/1992 [lögum um gjaldeyrisreglur] og reglum settum samkvæmt þeim,“ segir í álitinu. Því til viðbótar hafi Alþingi samþykkt á haustmánuðum 2011 að fella reglur Seðlabankans inn í gjaldeyrislög.

Fáeinum mánuðum síðar réðst gjaldeyriseftirlit Seðlabankans sem kunnugt er í húsléit á skrifstofum Samherja á Akureyri og í Reykjavík vegna meintra brota útgerðarinnar á gjaldeyrislögum. Stjórnvaldssekt sem Seðlabankinn lagði á Samherja í því máli var felld niður með dómi Hæstaréttar í fyrra.

Minnir á meðalhófsregluna

Umboðsmaður minnir í álitinu sínu stjórnendur Seðlabankans einnig á að við meðferð valdheimilda, svo sem álagningu stjórnvaldssekta, beri stjórnvöldum að gæta varfærni og meðalhófs.

Bæði ríkissaksóknari og aðrir ákær-endur hafi ákveðið á sínum tíma að fylgja ekki eftir kærnum Seðlabankans eða falla frá ákærum vegna annmarka sem þeir töldu vera á gjaldeyrisreglunum sem refsheimild. Þær ákvarðanir séu til marks um að stjórnvöld hafi „bæði heimild og raunar skyldu til þess að gæta sérstaklega að því hvort sú refsheimild sem reynir á í málum sem þau fjalla um sé fullnægjandi. Slíkt mat getur leitt til þess að stjórnvaldið ákveði að fella viðkomandi mál niður,“ segir umboðsmaður.

Því til viðbótar sér umboðsmaður ástæðu til þess að benda forsvarsmönnum Seðlabankans á – í ljósi svara bankans til Þorsteins Más um að bankinn hafi gætt jafnræðis við meðferð gjaldeyrisreglna – að hafi stjórnvöld tekið ákvörðun sem er ekki í samræmi við lög leiddi jafnræðisreglur ekki til þess að stjórnvöld verði að viðhafa sömu framkvæmd í tilvikum annarra. Forsenda þess að jafnræðisreglur eigi við sé sú að stjórnvöld leysi úr málum í samræmi við lög.

Móðurfélag RPC Promens selt til bandarísks fjárfestingafélags

Bandaríska fjárfestingafélagið Apollo Global Management er að ganga frá kaupum á öllu hlutafé í breska umbúðarísanum RPC Group, móðurfélagi Sæplasts á Dalvík og Tempra í Hafnarfirði. Kaupverðið er um 3,3 milljarðar punda sem jafngildir um 520 milljörðum króna.

Hluthafar RPC Group, sem er stærsti framleiðandi plastumbúða í Evrópu, fá greidd 782 pens fyrir hvern hlut og er verðið tæplega átta prósentum hærra en markaðsvirði framleiðandans.

Breski framleiðandinn, sem var skraddur á hlutabréfamarkaði Lundúnum árið 1993, hefur vaxið hratt á

undanförunum árum með kaupum og yfirtökum á minni keppinautum en RPC Group keypti sem kunnugt er íslenska plastframleiðandann Promens í ársbyrjun 2015. Fól kaupverðið í sér að heildarvirði Promens hafi verið um 61,6 milljarðar króna en seljendur voru Framtakssjóður Íslands og Eignarhaldsfélagið Landsbankinn.

Sæplast, dótturfélag RPC Group, rekur þrjár verksmíðjur, á Íslandi, í Kanada og á Spáni, en rætur fyrirtækisins má rekja til Dalvíkur þar sem það var stofnað árið 1984.

Alls starfar RPC Group í 33 ríkjum og eru starfsmenn framleiðandans

520

milljarðar króna er kaupverð Apollo Global á RPC Group.

um 25 þúsund talsins. Stjórn plastframleiðandans átti í vetur í viðræðum við tvö fjárfestingafélög, Apollo Global og Bain Capital, um mögulega yfirtöku en það var ekki fyrr en í síðustu viku að fyrirnefnda fjárfestingafélagið samþykkti að kaupa RPC Group. – kj



RPC Group keypti íslenska plastframleiðandann Promens í ársbyrjun 2015.

Miklu meira en bara ódýrt

Bílrúðusköfur

Verð frá kr. 395



1.285

Silikon spray



685

Lásaspray



995

Dekkjáhreinsir



685

De-icer



695

Hálkubroddar



frá 2.995

Teygjanlegt reipi, 4 Tonn



495

Rassapotur



frá 3.895

Startkaplar



2.485

Dráttartóg 2tonn 4m



995

Rúðuvökvi

Snjóskóflur

Verð frá kr. 2.995



Snjósköfur

Verð frá kr. 2.985

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Föttum ekki að nýsköpun er spretthlaup

Formaður hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins segir að breyta þurfi Íslandi úr einhæfu auðlindahagkerfi í að byggja á hátekniíðnaði. Tæknin mun drífa áfram hagvöxt á 21. öldinni. Efla þurfi umgjörðina um nýsköpun með því að afnema þak á endurgreiðslur við rannsóknir og þróun, bæta aðgang að vaxtarfjármagni, auðvelda ráðningu erlendra starfsmanna og styrkja menntakerfið.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is




Það þarf að vinna ötullega að því að breyta Íslandi úr einhæfu, sveiflukenndu auðlindahagkerfi – en með ferðamannasprengingunni hefur það færst enn meira í þá átt – í að byggja í ríkari mæli á hátekniíðnaði sem myndi veða á móti sveiflum auðlindanna,“ segir Tryggvi Hjaltason sem er formaður hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins og fer fyrir greiningardeild hjá CCP.

„Það þurfti ekki meira en að eitt fyrirtæki, WOW air, glímdi við rekstrarvanda til þess að allt hagkerfið léki á reiðiskjálfi. Hátekni-fyrirtæki sem selja alþjóðlega geta margfaldast að stærð jafnvel þótt það yrði aflabrestur, olíuverð ryki upp eða ferðamönnum fækkaði hratt. Starfsemi þeirra byggir ekki á þessum gæðum,“ segir hann.

Tryggvi segir að mörg lönd átti sig á að hátekni-fyrirtæki muni drífa áfram hagvöxt á 21. öldinni og hafi ráðist í aðgerðir til að ýta undir nýsköpun, rannsóknir og þróun. „Hér á landi hefur margt gott verið gert. Nema hvað aðrar þjóðir eru að fara enn hraðar í slík verkefni. Við erum ekki að dragast aftur úr vegna aðgerðaleyfis heldur af því að við erum ekki að fatta að þetta er spretthlaup. Hefðum við verið meðvituð um það hefði þak á endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar verið afnumið en ekki hækkað,“ segir hann. Þakið var hækkað úr 300 milljónum í 600 milljónir um áramótin. Um er að ræða kostnað við þróun sem leyfilegt er að draga frá skatti. En Tryggvi bætir þó við að sú aðgerð stjórnvalda sé engu að síður öflugasta skrefið sem hefur verið stigið í átt að því að auka samkeppnishæfni Íslands alþjóðlega í þessum málum á síðustu árum.

„Það skýtur skökku við að það er ekki þak á endurgreiðslum á 25 pró-



„Rannsóknir hafa sýnt fram á að mikilvægasta skrefið fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem hafa orðið að einhyrningum, það er verðmetin á einn milljarð dollara, er hve ríkulega fjármögnun þau fengu á vaxtarstiginu,“ segir Tryggvi Hjaltason, formaður hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samfélagið í góðri stöðu til að tæknivæða heilbrigðis- og menntakerfið

Tryggvi segir að efla megi heilbrigðis- og menntakerfið með aukinni nýsköpun. „Þessar stóðir samfélagsins eru fjármagnaðar og reknar af ríkinu. Á næstu 25 árum munu útgjöld til heilbrigðismála aukast verulega vegna þess að þjóðin verður sífellt eldri. Nær eina fjórhjórðun leiðin til að efla

skilvirkni og hagkvæmni kerfisins er með auknum tæknistuðningi. Auk þess þarf að nútímavæða menntakerfið. Tæknivæðing er því grundvallaratriði fyrir þá sem nýta þjónustuna og skattgreiðendur. Viljum við áfram góð og helst aukin lífsgæði þá er þetta svarið. Á sama tíma sitja lífeyrissjóðir á um 4.000

milljörðum króna með yfir 100 milljarða króna endurfjárfestingarþörf á ári. Samfélagið er því í afar áhugaverðri stöðu til að láta til sín taka í þessum málaflokkum. Venjulegt fólk, sem á t.d. veika ættingja eða börn í skóla, mun svo sannarlega njóta góðs af framförum á þessu sviði.“

inn í samfélagið. Það er ekki nóg að þeir fái atvinnuleysi heldur þurfa makar þeirra það líka og börnin þurfa að komast í alþjóðlega vottaðan skóla. Fólk þarf jú að geta flutt fjölskylduna hingað til lands. Sá þáttur hefur gleymst,“ segir Tryggvi.

Menntakerfið að dragast aftur úr

Hins vegar þurfi að efla menntakerfið til að mennta fólk til þessara starfa. „Ég hef áhyggjur af því að menntakerfið sé að dragast aftur úr,“ segir hann og nefnir að um þriðjungur útskrifaðra drengja úr grunnskóla kunni ekki að lesa almennilega samkvæmt mælingum menntamálaráðuneytisins.

Tryggvi vekur athygli á að þau landsvæði, sem hafi ekki auðnast að taka þátt í síðustu þremur iðnbýltingum, verði illa leikin efna-hagslega. Þau svæði sem hins vegar taki þátt njóti góðs af því allt fram að næstu tæknibýltingu.

Að þessu öllu sögðu er hann bjartsýnn á framtíðina. „Á Íslandi getur regluverkið tekið mun hraðari breytingum en hjá stærri og svífaseinni ríkjum. Auk þess eru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Þórdís Kolbrún Gylfadóttir nýsköpunarráðherra öll dæmi um leiðtoga í stjórn-málum sem skilja vel mikilvægi þess að beina Íslandi á braut nýsköpunar.“

Hátekni-fyrirtæki sem selja alþjóðlega geta margfaldast að stærð jafnvel þótt það yrði aflabrestur, olíuverð rjúki upp eða ferðamönnum fækkaði hratt.

Tryggvi Hjaltason



sentum af framleiðslukostnaði kvikmyndu. Sú löggjöf bendir til að Ísland sækist eftir stórum kvikmyndaverkefnum – sem hefur heppnast – en að við viljum ekki of stór verkefni sem varða rannsóknir og þróun,“ segir hann.

Gott að ala hér upp börn

Tryggvi segir að Ísland sé ákjósanlegur staður til að ala upp börn og vísar til norræna velferðarkerfisins og að fyrirtæki sýni foreldrum mikinn skilning varðandi veikindi barna og fleira tengt uppeldi þeirra. „Ísland er hins vegar ekki endilega vettvangur áhugaverðra starfa fyrir afkvæmin. Það eru helst tækifæri í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og hefðbundnum iðnaði. Þessu þarf að breyta. Það þarf að skapa fleiri spennandi hálaunastörf sem tengd eru alþjóðasamfélaginu.“

Aðspurður hvað þurfi til að efla umgjörðina um nýsköpun og þróun, annað en að afnema fyrrnefnt þak á endurgreiðslur við rannsóknir og þróun, bendir hann á að efla þurfi aðgang að vaxtarfjármagni. Það megi t.a.m. gera með byggja brýr til fjárfesta í Bandaríkjunum, eins og gert hafi verið í Ísrael,

Írlandi og fleiri löndum.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að mikilvægasta skrefið fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem hafa orðið að einhyrningum, það er verðmetin á einn milljarð dollara, er hve ríkulega fjármögnun þau fengu á vaxtarstiginu. Til að setja stærðirnar í samhengi, þótt þau fyrirtæki hafi ekki orðið að einhyrningum, þá sótti Plain Vanilla 25 milljónir dollara og CCP 40 milljónir dollara á sínum vaxtarskrefum. Það eru þrjár og fimm milljarðar króna. Það er traúla hægt að sækja slíkt fjármagn eingöngu til íslenskra fjárfesta,“ segir hann.

Þessu til viðbótar þurfi nýsköpunarfyrirtæki greiðan aðgang að þekkingu. Hana megi nálgast með tvennum hætti. Annars vegar sé hægt að flytja hana inn. „Það þarf að verða auðveldara að ráða erlenda sérfræðinga og aðlaga þá

Greinendur Landsbanka spá hóflegri hækkun á hlutabréfamarkaði

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir „hóflegri“ verðhækkun á íslenskum hlutabréfamarkaði í ár eftir erfitt ár í fyrra. Þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að markaðurinn sé undirverðlagður, sé lítið til verðkennitalna, þarf „ansi margt“ að falla með honum til þess að hann taki miklum hækkunum á árinu, að sögn greinenda bankans.

„Kjarasamningar [þurfa] að leysast farsællega, flugframboð að skýrast og ekki minnka, afkomubati að nást í rekstri, vænt samlegðaráhrif hjá stærstu innlendu félögum að raungerast, innflæðishöft að hverfa og tvískráning Marel's að verða að

veruleika og takast vel,“ að því er segir í nýlegri afkomuspá hagfræðideildarinnar sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Greinendur Landsbankans spá því að samanlagðar tekjur félaga á aðallista Kauphallarinnar aukist um 16 prósent í ár frá fyrra ári og að rekstrarhagnaður félaganna aukist jafnframt um 20 prósent. Gert er ráð fyrir um 3,5 prósentu innri tekjuvexti á árinu og 7 prósentu innri EBITDA-vexti.

Í afkomuspánni er niðurstaða yfirstandandi kjaraviðræðna sögð verða einn helsti áhrifavaldurinn í afkomu skráðra félaga á fyrri helm-

ingi ársins. Mikil hækkun launa muni koma misjafnlega niður á félögum en helst séu það langvinn verkföll sem geti komið illa við öll félögin. Auk þess ríki óvissa um flugframboð til landsins á árinu.

„Bakslag í komu ferðamanna, eða dvalarlengd þeirra, ásamt langvarandi verkföllum er versta sviðsmyndin þegar horft er á árið 2019,“ segir í afkomuspánni.

Töluverð óvissa ríkir um þróun ytri þátta í rekstri margra félaga, að sögn Landsbankans. Sérfræðingar bankans benda til að mynda á að alþjóðleg spenna, hærri fjármagnskostnaður og hækkandi kjúklinga-

16%

vöxtur í tekjum skráðra fyrirtækja á aðallista Kauphallarinnar á milli ára, er spá Landsbankans.

verð valdi óvissu um hver þróun pantanabókar Marel's verður. Þá gæti hækkandi rekstrarkostnaður og hugsanlega lítill loðnukvóti bitíð í rekstur HB Granda á árinu. Þá

glími Eimskip við mikla samkeppni og erfið alþjóðleg skilyrði.

Hagfræðideildin býst við betri afkomu hjá Icelandair Group á þessu ári en bendir um leið á að verulegur afkomubati sé hins vegar innbyggður í núverandi markaðsverð félagsins. Þó sé líklegt að tap verði á rekstri flugfélagsins í ár, sér í lagi ef flugfargjöld hækka ekki.

„Hvað varðar innlendu félögin er samkeppni innan geiranna enn þá hörð og erfið vinna fram undan við að ná fram samlegðaráhrifum af stórum sameiningum sem markaðurinn væntir að raungerist á árinu,“ segir í afkomuspánni. – kj



Klæðskerasniðin skrifstofurými til leigu

Laus eru til leigu rúmgóð skrifstofu- og verslunarrými með fallegu útsýni að Höfðabakka 9. Við húsið eru næg bílastæði fyrir bæði gesti og starfsfólk og auðvelt er að nálgast ýmsa þjónustu í nærumhverfi. Höfðabakki 9 er í alfaraleið og nálægt fjölförnum samgönguæðum.

Rýmin sem um ræðir eru á ýmsum hæðum.



Heil hæð um 900 m²

Hálf hæð um 450 m²

Gert er ráð fyrir að aðlaga rýmið að þörfum leigutaka í góðu samstarfi.

Myndir af uppgerðum rýmum, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is. Einnig veitir Halldór Jensson sölustjóri upplýsingar í síma 840-2100 eða á halldor@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Nefndirnar fara eins og eldur í sinu um Kauphöllina

Mikill meirihluti félaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar hefur komið á fót tilnefningarnefnd. Skiptar skoðanir eru á því hvort nefndirnar muni þjóna tilgangi sínum en stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna segir tæplega hægt að snúa við úr þessu. Framkvæmdin í stjórnarkjöri Haga sögð klúður og ótraustvekjandi.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Tilnefningarnefnd

Arion banki	■	Origo	■
Eik	■	Reginn	■
Eimskip	●	Reitir	■
Festi	■	Símínn	■
HB Grandi	—	Sjóvá	■
Hagar	■	Skeljungur	■
Heimavellir	●	Sýn	■
Icelandair	●	TM	■
Marel	●	VÍS	■

■ Já ● Nei — Í undirbúningi

Tilnefningarnefndir hafa náð mikilli útbreiðslu í Kauphöllinni á skömmum tíma og meira en helmingur skráðra félaga á aðallista ákvað að koma slíkri nefnd á fót í fyrra. Formælendur nefndanna segja þær formfestingu á góðum stjórnarháttum sem hafi gefið góða raun á erlendri grundu svo árum skiptir. Þær auki fjölbreytni stjórna og skapi frið í kringum stjórnarkjör. Stjórnarformaður Sýnar segir árangur fjarskiptafélagsins af tilnefningarnefnd tvímælalausan.

Andmælendur tilnefningarnefnda efast um að þær séu til þess fallnar að ná yfirlýstum markmiðum. Nefndirnar geti grafið undan áhrifum minnihlutans og skapað „eilífðarvél gagnkvæmra bitlinga“. Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna segir að enn sé of snemmt að fullyrða um ágæti nefndanna. Framkvæmdin hér á landi hafi hingað til ekki verið traustvekjandi.

Fjarskiptafélagið Sýn varð haustið 2014 fyrst skráðra félaga á hlutabréfamarkaði hér á landi til að skipa slíka nefnd og Skeljungur fylgdi í kjölfarið árið 2016. Það urðu síðan þáttaskil vorið 2018 þegar bandaríska sjóðastýringar-

Eaton Vance segir nefndirnar auka virði

Tilnefningarnefndir náðu útbreiðslu í Kauphöllinni árið 2018 eftir bréfaskriftir Eaton Vance til þeirra skráðu félaga sem sjóðir bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins höfðu fjárfest í. Eaton Vance hefur síðustu ár verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn á hælendum hlutabréfamarkaði. Sjóðsstjórinn Patrick Campbell hefur haft yfirumsjón með fjárfestingum Eaton Vance í íslenskum verðbréfum. Markaðurinn sendi honum fyrirspurn og spurði hvers vegna sjóðastýringarfyrirtækið hefði haft frumkvæði að því að tilnefningarnefndum væri komið á fót.

„Við höfum trú á því að það sé öllum hluthöfum í hag að hvetja til sterkra og sjálfstæðra stjórnarháttanna. Það felur í sér að skýra hlutverk og skyldur, og hvetja tilnefningarnefndir til að finna sterka frambjóðendur með þekkingu, sérhæfingu og reynslu svo að þeir geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart hluthöfum. Við höfum trú á því að til lengri tíma litið muni þessi aðferð auka virði fyrir hluthafana,“ skrifar Campbell.

Eins og Markaðurinn greindi frá um miðjan janúar hafa sjóðir á vegum Eaton Vance Management, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum síðla árs 2015, minnkað markvisst við sig í skráðum félögum í Kauphöll Íslands á allra síðustu mánuðum.

Við höfum trú á því að til lengri tíma litið muni þessi aðferð auka virði fyrir hluthafana.

Patrick Campbell, sjóðsstjóri hjá Eaton Vance



Mér hefur virst að tilnefningarnefndir séu heldur til þess fallnar að grafa undan möguleika minni hluthafa til að hafa áhrif við stjórnarkjör.

Jón Þórisson, lögfræðingur hjá Dranga



annars Norðurlöndunum og Bretlandi, þar sem tilnefningarnefndir hafa verið notaðar í áratugi. Þar var mun meiri friður í kringum stjórnarfundina en á Íslandi og miklu betri undirbúningur,“ segir Heiðar í samtali við Markaðinn.

Tilnefningarnefndir gegna raunar tvenns konar hlutverkum. Annað þeirra er úttekt á stjórnarstörfum á milli aðalfunda. Mikilvægt er að nefndin gefi sér nægan tíma fyrir störf sín að mati Heiðars. „Tilnefningarnefnd okkar byrjar að vinna um fimm mánuðum fyrir aðalfund. Hún hittir stjórnarmenn, fer yfir stjórnarstörfin og gerir úttekt á þeim. Ef einhver hluthafi ætlaði að kynna sér málið svo ýtarlega þá myndi hann gera sig að innherja. Þess vegna er gott að hafa tilnefningarnefnd sem er kosin af hluthöfum og gerir úttekt fyrir þeirra hönd,“ segir Heiðar.

Hitt hlutverk tilnefningarnefndar er sem áður segir að leggja fram tillögur um næstu samsetningu stjórnarinnar. Þannig getur nefndin metið hvers konar þekkingu vantar í stjórnina, ráðfært sig við hluthafa um frambjóðendur og hagað tillögnum eftir því. Hún getur einnig leitað eftir frambjóðendum upp á sitt eindæmi.

„Eitt skiptið held ég að fjórir lögfræðingar hafi setið í stjórn VÍS, en þar hafa verið kosningar á hverju ári og stundum oftar. Hversu margir stjórnarmenn höfðu þá reynslu af rekstri, tryggingastarfsemi og fleiru sem nauðsynlegt er til að hægt sé að horfa til framtíðar í svona sérhæfðu fyrirtæki,“ segir Heiðar sem telur annan ávinning fyrirkomulagsins felast í því að minna verði um árekstra vegna stjórnarkjörs.

Það þarf að varast það að festa formið og starfið of mikið í upphafi. Markaðsaðilar eru að fóta sig á þessari vegferð.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs



Eins sé tryggt að farið sé eftir lögum um hlutfall kynja í stjórn ólíkt því sem er þegar kosningar ráða ferðinni.

„Þetta er stýrðara ferli sem minnkar árekstrana sem verða alltaf í kringum stjórnarkjör. Það tekur tíma að róa slíkt og friða fólk, og ef það á að gerast á hverju einasta ári þá er hætt við að stjórnarstörfin líði fyrir,“ segir Heiðar. Spurður hvort tilnefningarnefndir hafi reynst Sýn vel svarar hann játandi.

„Við höfum náð miklum árangri hvað varðar aðalfundi, samsetningu stjórnar og ánægju hluthafa. Reynslan hefur tvímælalaus verið góð og enginn hluthafi Sýnar hefur lýst sig mótfallinn fyrirkomulaginu.“

Heiðar tekur fram að tillögur nefndarinnar séu aðeins ráðgefandi. Hluthafar geti ákveðið að greiða atkvæði í ósamræmi við tillögurnar ef þeir telja að nefndin hafi ekki staðið í stykkinu.

„Við getum alltaf farið aftur í sama farið og þess vegna er ekki verið að draga úr hluthafalýðræðinu að neinu skapi. Auk þess getur hluthafi heimað margfeldiskosningu og ef það er samþykkt þá hafa tillögur nefndarinnar litið að segja. En með því að tillögur tilnefningarnefndar liggja frammi fyrir aðalfundi hátt í mánuð fyrir fund, eftir ýtarlega vinnu og samtöl við hluthafa, gefst öllum nægur tími til að taka upplýsta ákvörðun um samsetningu stjórnar á aðalfundi.“

Kann ekki góðri lukku að stýra Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur verið varfærinn í afstöðu sinni gagnvart tilnefningarnefndum, að sögn Guðrúnar Hafsteinsdóttur, stjórnarformanns sjóðsins.





MIDVIKUDAGUR 30. JANÚAR 2019

Heimilið



Söluteymi Valitor, f.v.: Sigrún Jónsdóttir, Kristján Brooks, Steinar Thors, Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir og Guðlaug K. Pálsdóttir. MYND/EYÞÓR

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Gott samstarf í sölu- og greiðslulausnum

Valitor, SalesCloud og Snæland Grímsson hafa þróað saman sérsniðna sölu- lausn sem hentar ferðapjónustuaðilum sérstaklega vel. Nú er lítið mál að ganga frá sölu ferða á staðnum, taka við greiðslum og prenta öll gögn. ➔2

Framhald af forsiðu →

Síðasta haust hófu Valitor, Snæland Grímsson og SalesCloud samstarf við þróun á sölu- og greiðslulausn fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu. Verkefnið gekk út á að auðvelda sölustarf og einfalda uppgjör sem þessir aðilar leystu vel með góðri samvinnu. „Við vildum færa okkur í nútímann og finna spjaldtölvulausn sem tengist beint við þögn“, segir Kristján Gunnarsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Snælandi Grímssyni. „Það sem skiptir mestu máli fyrir sölumann er að hann þurfi ekki að hugsa um tæknina heldur horfa framan í fólkið, brosa og kynna hversu skemmtileg ferðin sé sem viðkomandi ferðamaður er að fara í. Snæland Grímsson þurfti lausn sem virkar hvar sem er, tækin eru á 4G og við ákveðum hvar sölumenn eru staðsettir en aðalsalan fer fram í rútunni á leiðinni til Reykjavíkur.“

SalesCloud hefur hannað sölukerfi sem getur tengst ýmsum kerfum, t.d. öllum helstu bókhaldskerfum sem eru í notkun á Íslandi. Það þýðir að ef fyrirtæki er með Navision, dk, Reglu eða sambærileg kerfi þá er hægt að tengja SalesCloud við þau kerfi til að bóka söluna. „Kerfið er hýst í skýi en er með off-line virkni þannig að það virkar einnig ef netsamband dettur niður. Búnaðurinn samanstendur af hugbúnaði (appi), spjaldtölvu, peningaskúffu, eldhúsprentara og þögn. Uppsetningu og tækjum er stillt upp eftir þörfum söluáðila. Önnur kerfi sem Sales Cloud getur tengst eru Facebook, Mail-Chimp, WooCommerce, Wix og Weebly. Kerfið er hannað í grunninn til að þjónusta veitingastaði, áskriftarsölu, smásölu og miðasölu svo að fátt eitt sé nefnt.“

Söluferlið leikur einn

Kristján er spurður hvernig Snæland hafi nálgast SalesCloud og segir hann að fyrirtækið hafi haft samband við fyrirtækjalausnir Valitor þar sem söluráðgjafar þeirra hafi bent á SalesCloud.

„Söluferlið hjá Snælandi Grímssyni fer þannig fram að sölufulltrúar kynna fyrir viðskiptavinum, sem staddir eru í rútunni, þær ferðir sem eru í boð hverju sinni. Viðskiptavinur bókar og greiðir ferðina samtímis sem er besti kostur fyrir báða aðila. Þannig klárar ferðamaðurinn að skipuleggja heimsókn sína til Íslands í rútunni og fær ferðagögnin strax þar sem búnaður getur prentað út miða þegar sala fer fram. Skipuleggjendur ferðanna fá síðan allar upplýsingar varðandi söluna á ferðinni.“

Hann segir skipta miklu máli að vita hvaða ferð ferðalangurinn hefur pantað, hversu mörg sæti eru seld í hverja ferð, hvar ferðamaður verður sóttur og að það sé ekki tvíbókað í ferðina en í innleiðingafærlinu fór Helgi hjá SalesCloud með Snælandi Grímssyni í söluferð til að fylgja verkefnum eftir og aðlagja það að þeirra þörfum.

Eftirspurn breytist


Samhliða fjölgun ferðamanna hefur orðið mikil breyting á því hvernig kaup á ferðaþjónustu fara fram segir Kristján. „Við erum að hluta til orðin eins og ferðaskrifstofa og sjáum um farþegarflutninga, ráðum fararstjóra og bílstjóra og semjum við hótél. Við erum með stóran erlendan samstarfsaðila, TUI, sem er með starfsemi út um allan heim. Þeir gera ákveðnar gæðakröfur og SalesCloud er eitt af þeim verkfærum sem auðvelda okkur að uppfylla þær gæðakröfur. Samstarfsaðilar okkar eru farnir að gera auknar kröfur varðandi



Kristján Gunnarsson, vörubróunarstjóri Snælands Grímssonar, er mjög ánægður með samstarfið.



Sölufulltrúi Snælands Grímssonar að störfum.



Söluviðmót SalesCloud er einfalt og þægilegt.

Starfsmenn söluteymis Valitor taka vel á móti viðskiptavinum og finna bestu lausnir fyrir hvern og einn.
MYNDIR/EYÞÓR

„Það sem skiptir mestu máli fyrir sölumann er að hann þurfi ekki að hugsa um tæknina heldur horfa framan í fólkið, brosa og kynna hversu skemmtileg ferðin sé sem viðkomandi ferðamaður er að fara í.“

umhverfismál, þekkingu starfsfólks og rekjanleg uppgjör.“

Það eru ekki mörg fyrirtæki sem eru með átta rútur í rekstri og sækja ferðamenn á 22 hótél í Reykjavík. Snæland Grímsson þarf því að geta þjónustað ferðamenn vel og staðið undir væntingum þeirra. „Að geta selt ferðir og tekið á móti greiðslum, gert ferðagögnin klár vegna ferðar sem fara á í daginn eftir eða næstu daga, auðveldar allt ferli og eykur ánægju og traust viðskiptavinarins. Greiðslur skila sér á rétta staði strax og því er þetta tekjuflæði gríðarlega verðmætt“, segir Kristján.

SalesCloud virðisaukandi

Vinnusparnaður er mikill eftir innleiðinguna enda sækist Snæland Grímsson eftir að fara sem hagkvæmasta leið í rekstri. „Virðisaukinn fyrir okkur er að við þurfum ekki að handfæra uppfærslur og skýið auðveldar um leið allt utanumhald. Uppgjörin eru orðin mun einfaldari en áður. Við erum í fyrsta skipti að fá aðgang að kerfi sem hefur tengingu á milli kortafærslunnar og vörunnar sem er keypt sem er gríðarlega mikilvægt upp á bókhaldið ef eitthvað klikkar í söluinni eða þegar þarf að endurgreiða. Það sem við höfum fundið er að söluferlið flæðir nú óhindrað.“

Til þjónustu reiðubúinn

Aðgangur að öllum færslum er síðan aðgengilegur hjá þjónustuvef Valitor. „Þar getum við stemmt af, séð allar færslur og yfirlitin. Við ætlum svo að fara í það að fá yfirllestur bókhaldsgagna þegar við erum komin inn í nýja bókhaldskerfið okkar“, segir Kristján að lokum.

UTmessan

MIDVIKUDAGUR 30. JANÚAR 2019

Kynningar: Sendill is Unimaze Marel Sensa Cubus Annata Uniconta



Ingibergur Stefnisson hugbúnaðarsérfræðingur, Hildur Ýr Þráinsdóttir þjónustufulltrúi og Markús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sendils is Unimaze ehf. MYND/EYÞÓR

Auðveldum rafræna viðskiptaferla

Það verður spennandi að kíkja við hjá íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Unimaze á UTmessunni. Kjarnavara Unimaze er skeytamiðlun fyrir rafræn viðskiptaskjöl en nýjar lausnir verða kynntar.

Á UTmessunni viljum við hitta alla þá sem við höfum verið í samskiptum við, hvort sem það eru beinir viðskiptavinir eða aðrir notendur," segir Markús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Unimaze.

„Við tókum áhugafólki um umhverfisvernd fagnandi, þeim sem vilja spara pappír og flutninga, sem og öllum þeim sem vilja fræðast um rafræna reikninga eða okkar þjónustu sérstaklega, og ekki síst bjóðum við velkomna þá sem vilja vera fyrstir til að prófa nýja og byltingarkennda viðbót við vörurval okkar," segir Markús, fullur tilhlökkunar.

Bætt þjónusta og nýjar notendamiðaðar lausnir

„Kjarnavara Unimaze er skeytamiðlarinn sem er í eðli sínu nokkurs konar „svartur kassi“ gagnvart notandanum," útskýrir Markús.

Notendur þjónustunnar eru fyrst og fremst fjármálastjórar og bókarar, en aðeins litill hluti þeirra notar viðmótið til að finna skeyti, skoða ferilskrár og þess háttar. Margir vita bara af skeytamiðlaranum á bak við bókhaldskerfið.

„Nú á næstu dögum og vikum kynnum við nýja virkni til að höfða til viðtækari hóps notenda. Auk þess að geta unnið með skeyti bjóðum við upp á þjónustu sem

gerir notendum mögulegt að einfalda og flýta verkferlum, sjá viðskiptayfirlit og fleira hjálplegt. Með því færum við okkur nær notandanum og hann verður meira var við þjónustuna," upplýsir Markús.

Þessu tengt mun Unimaze efla þjónustu sína við skeytamiðlunina.

„Hingað til hafa tæknimenn sinnt allri þjónustunni en nú mun sérstakur þjónustufulltrúi sinna þessum málum í nánara sambandi við samstarfsaðila og viðskiptavinini," upplýsir Markús.

Hvað er skeytamiðlari?

Skeytamiðlari er nokkurs konar rafrænt pósthús.

„Sem dæmi senda bókhaldskerfi skeyti sem innihalda rafræna reikning og viðhengi inn í skeytamiðlarann. Við sjáum svo um að miðla reikningnum áfram til viðtakanda og koma honum á það form sem hann skilur," útskýrir Markús.

Bókhaldskerfi viðtakanda sækir síðan skeytið frá skeytamiðlaranum á svipaðan hátt.

„Þannig kemst reikningur úr bókhaldi útgefanda í bókhald viðtakanda án innsláttar hjá viðtakandanum, til dæmis beint inn í samþykktarkerfi," segir Markús.

Oft eru viðbótarupplýsingar í reikningi, til dæmis kostnaðar-

stöð, verknúmer eða önnur samningsnúmer, notuð hjá viðtakanda til að koma reikningi í samþykkt til yfirmanns eða innkaupaáðila hjá viðkomandi deild.

„Því verður mikið hagræði af notkun rafræna reikninga og passað er upp á að skeyti uppfylli allar kröfur staðla áður en þau eru send frá útgefanda. Ef útgefandi er á öðru neti og skeytið uppfyllir ekki staðal, er viðtakanda birt skeytið með athugasemd og hann hefur val um hvernig hann meðhöndlar skeytið," útskýrir Markús.

Framhald á síðu 2 ➔

Framhald af forsiðu →

Samstarf við þjónustufyrirtæki

Markmið Unimaze er að tryggja gæði og að staðlar séu uppfylltir.

„Við höfum barist fyrir notkun opinna staðla á Íslandi og gefum ráðgefandi álit um útfærslu á samþættingu og kröfum við innleiðingu staðla,“ segir Markús.

Helstu samstarfsaðilar Unimaze frá upphafi hafa verið dk hugbúnaður, Origo og Deloitte.

„Við erum virkir þátttakendur í opnum staðlasamtökum; ICEPRO (Staðlaráði Íslands) og CEN (Staðlaráði Evrópu),“ upplýsir Markús sem á árunum 2010 til 2012 starfaði sem ritstjóri og ráðgjafi í CEN verkefni sem gaf út handbók um kröfur við úrvinnslu rafræna reikninga frá bæði lagalegu og tæknilegu sjónarhorni: „Good Practice: e-Invoicing Compliance Guidelines“.

„Við erum líka aðilar að OpenPEPPOL, samtökum skeytamiðlara og höfum verið virkir þátttakendur í þeirri staðlavinnu frá árinu 2009,“ segir Markús.

Staðlar og þróun þeirra

Staðlar eru tvenns konar: formstaðlar um viðskiptaskjöl og samskiptastaðlar fyrir miðlun viðskiptaskjala.

„Formstaðlar lýsa innihaldi og uppbyggingu viðskiptaskjala á tölvutæku sniði og lýsa því hvernig setja má fram reikning eða pöntun,“ útskýrir Markús.

„Margir þekkja formstaðla undir nöfnunum NES og BII, eða sem tækniforskrift FUT, sem er Fagráð í upplýsingatækni og nefnd innan Staðlaráðs Íslands. Bæði þessir formstaðlar eru nú runnir úr gildi

en um nýliðin áramót var kynntur nýr staðall, hið svokallaða evrópska norm (EN).“

Markús segir nýja EN-staðalinn bæta úr göllum eldri staðla.

„Innleiðing á EN-staðlinum og AS4 skeytamiðlun í samræmi við kröfur Evrópusambandsins er í fullum gangi hjá okkur, meðal annars í tengslum við POOL-TSPs verkefnið sem styrkt er að hluta af „Connecting Europe Facility“ (CEF) rammaáætluninni. EN-staðallinn bætir samvirkni og dregur verulega úr eða útilokar vandamál sem komu upp áður, þar sem í eldri staðla vantaði skilgreiningar og ýmis atriði og þeir voru ónákvæm í hvað varðar túlkun á framsetningu á einstökum atriðum innan reikninga. Þar má nefna nákvæmni í aukastöfum, hvort að VSK-númer bæru að vera á réttu sniði og þess háttar,“ upplýsir Markús og reiknar með að EN-staðallinn verði allsráðandi innan tveggja ára.

„Hann mun bæta gæði á netinu og stuðningur við bókunarupplýsingar er margfalt betri en í eldri stöðlum.“

Samskiptastaðlar lýsa því hvernig finna megi upplýsingar um hæfni tiltekins viðtakanda til að taka á móti viðskiptaskjali, til dæmis reikningi og hvar og með hvaða hætti (tækni) megi senda til hans.

„Þannig segja þeir til um hvaða formstaðal viðtakandi styður og hvaða netþjónn tekur við skeytinu,“ útskýrir Markús.

Saga og þróun fyrirtækisins

Miðlun Sendils, skeytamiðlun, hefur verið í rekstri síðan í febrúar 2011.

„Sérhæfing Sendils er á sviði rafræna viðskipta, það er með-



Ingibergur, Hildur Ýr og Markús hlakka mikið til að taka á móti viðskiptavinum Unimaze á UTMessunni í Hörpu 8. og 9. febrúar. MYND/EYFÓR

höndlun og miðlun rafræna reikninga og annarra viðskiptaskjala,“ útskýrir Markús.

Heiðar Jón Hannesson, nú framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Háskólans í Reykjavík, starfaði við viðskiptaþróun á fyrstu fimm rekstrarárum skeytamiðlunar, og Björn Friðgeir Björnsson,

nú ráðgjafi Deloitte Consulting, starfaði einnig við hugbúnaðarþróun um fimm ára skeið.

„Hugbúnaðarþróunin fer nú að miklu leyti fram á skrifstofu Unimaze Software í Belgrad í Serbíu en að auki höfum við nýlega ráðið hugbúnaðarsérfræðing og þjónustufulltrúa til starfa á skrifstofu

okkar í Reykjavík. Þá hefur Origo nýverið keypt sig inn í fyrirtækið og sannarlega spennandi tímar og áskoranir sem fylgja því á næstunni,“ segir Markús.

Nýtt lógó Unimaze hefur verið hannað og er nú í kynningu.

„Við höfum notað vörumerkið Sendill og sendill.is á Íslandi en hyggjumst hætta að tengja það við félagið. Tilteknar vörur nota þó nafnið áfram: Miðlun Sendils, sem er skeytamiðlari fyrir allar gerðir fyrirtækja (SaaS/skýjalausn), Einka-sendill, sem er skeytamiðlari sem fyrirtæki setja upp í eigið rekstrarumhverfi, og Vefsendill sem er einfalt sölukerfi á vefnum fyrir einyrkja og örfyrirtæki,“ útskýrir Markús.

„Nýtt viðmót og nýjar viðbætur við lausnirnar verða kynntar á næstunni. Það eru spennandi nýjungar sem snúa að viðskiptayfirlitum, greiðslutilkynningum og samþættingu við innkaupalausnir, auk þess að einfalda verkferla í kringum flóknari þætti reikningaúrvinnslu,“ segir Markús.

Sjá nánar á unimaze.com og sendill.is.



Samfjármagnað af Sjóði fyrir samtengda Evrópu hjá Evrópusambandinu



Skeytamiðlun fyrir rafræna reikninga og önnur viðskiptaskjöl með beintengingu við viðskiptakerfi og fullri gæðatryggingu.



Njóttu hámarks hagræðis með uppsetningu á eigin skeytamiðlara innanhúss eða á eigin vélbúnaði í skýinu.



Sendu einstaka reikninga og kreditnótur ókeypis til fyrirtækja og opinberra aðila. Fyrir einstaklinga og sjálfstæða verktaka.



Náðu fram skilvirkari viðskiptum með betri yfirsýn og öruggum samskiptum sem tryggja fagleg vinnubrögð og bættu verkferla.

- Með lausnum Unimaze getur þú átt í samskiptum við öll fyrirtæki innan Evrópu sem styðja rafræna reikninga innan Evrópustaðli.
- Gæði gagna eru uppfyllt með sannreyningu allra viðskiptaskjala í Miðlun Sendils / EinkaSendli.



sendill is Unimaze ehf. | Unimaze Software | sendill.is
Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Iceland | Sími 588 7575

HAGRÆÐI

Með stöðlun og tryggum gæðum gagna má opna fyrir sjálfvirkni í rafrænum viðskiptaferlum sem skilar sér í hagræði.

ÖRYGGI

Gögnum verður ekki breytt í fórum okkar. Ferill gagna milli sendanda og móttakanda er skráður og þar með er rekjanlegt hvenær gögn voru send, snert og sótt.

GÆÐI

Við tryggjum gæði gagna með því að sannreyna ítarlega öll formleg gögn, bæði hvað varðar formstaðla og viðskiptareglur.

STÖÐLUN

Öll gögnin eru í samræmi við almenna og útbreidda staðla.

UMHVERFISVERND

Rafvæðing viðskiptaferala leiðir til minni aksturs og prentunar.



Sannkölluð uppskeruveisla

UTmessan í Hörpu í Reykjavík hefur fest sig rækilega í sessi undanfarin ár. Hún samanstendur af ráðstefnu- og sýningardegi og opnum degi fyrir almenning sem jafnan er mjög vel sóttur.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



UTmessan verður haldin í níunda sinn dagana 8.-9. febrúar í Hörpu. Eins og fyrr ár er hún tvískipt; annars vegar í ráðstefnu- og sýningardag fyrir tölvu- og tæknifólk á föstudeginum og hins vegar verður opinn dagur fyrir almenning á laugardeginum.

UTmessan er fyrir löngu búin að festa sig rækilega í sessi, bæði meðal fagfólks en ekki síður almennings sem þykir bæði skemmtilegt og spennandi að heimsækja Hörpu og skoða margt það nýjasta í tölvu- og tæknigeiranum segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýrslutæknifélags Íslands (Ský), sem stendur fyrir UTmessunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands auk Platinum samstarfsaðila. „Við munum bjóða upp á nýjung í ár sem er UTmessuvikan. Þá munu nokkrir stórir aðilar tengdir tölvugeiranum bjóða upp á opið hús í vikunni fyrir UTmessuna þar sem m.a. verður hægt að læra að forrita á stuttu forritunarnámskeiði í HR, sækja fræðslufundi hjá Deloitte og Sensa eða hlusta á fyrirlestur um rafíþróttir hjá Origo.“

Fjölbreyttir viðburðir

Einnig verður haldið Reboot Hack á Háskólatorgi helgina 2.-3. febrúar í fyrsta sinn á Íslandi sem hluti af UTmessunni. „Þar keppa þátttakendur saman í hópum og vinna í rúmlega 24 tíma við að þróa hugmynd eða tæknilausn algjörlega frá grunni. Afurðin getur verið í formi vefsíðu, smáforrits, smátækis eða hvernig tækni sem er, imyndunarafflið fær að ráða ríkjum ásamt tiltækum hjálpartólum. Það má segja að þetta sé hálfgerð blanda af forritunarkeppni og nýsköpunarkeppni þar sem þátttakendur fá rými til þess að læra, hanna, byggja og skapa.“

Skipuleggjendur UTmessunnar hafa í samstarfi við Háskóla Íslands einnig flutt inn risa tungl sem er nákvæm eftirlíking af yfirborði tunglsins. „Það verður sett upp í Hörpu mánudaginn 4. febrúar og mun standa þar í eina viku. Til efnið er að í ár eru 50 ár frá fyrstu tungllendingunni og hefur þróun í tölvutækninni tekið risastökk á þessum tíma og er nú órjúfanlegur hluti af daglegu lífi allra. Frítt er á alla viðburði í UTmessuvikunni en það þarf að skrá sig fyrir fram á suma þeirra.“

Metnaðarfull dagskrá

Ráðstefnudagurinn í ár er mjög metnaðarfullur að sögn Arnheiðar. „Það eru tíu ráðstefnulínur í gangi yfir daginn í öllum söllum Hörpu og því auðvelt fyrir ráðstefnugesti að finna eitthvað áhugavert að hlusta á. Lykilfyrirlestrar verða í Eldborg og að þessu sinni byrjum við daginn á að heyra í virtum erlendum fyrirlesurum sem segja frá reynslu sinni í tækniheiminum og hvernig fjölbreytni í þessum geira er nauðsynleg. Um 50 fyrirlestrar eru í boði, þ.á.m. áhuga-verðir íslenskir fyrirlestrar, og geta ráðstefnugestir því heyrst af því nýjasta sem er að gerast í fjártækni, öryggi, fjarskiptum, sjálfvirkni og gagnagreind svo eitthvað sé nefnt. Ráðstefnudeginum lýkur með því að forseti Íslands afhendir Upplýsingatækniverðlaunin í 10. sinn og verður vegleg verðlaunahátíð í Eldborg fyrir tölvugeirann.“



„Við munum bjóða upp á nýjung í ár sem er UTmessuvikan. Þá munu nokkrir stórir aðilar tengdir tölvugeiranum bjóða upp á opið hús í vikunni fyrir UTmessuna,“ segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ský. MYND/ANTON BRINK



Risaeðlur, vélmennir, tölvuleikir, golfhermar og drónar verða meðal viðburða sem verða í boði á opna deginum, laugardaginn 9. febrúar. MYND/UTMESSAN



Fjölmörg fyrirtæki verða með bása á UTmessunni. MYND/UTMESSAN



Fjölmargir skemmtilegir viðburðir verða í boði fyrir yngstu kynslóðina á opna deginum. MYND/UTMESSAN

„Það má segja að UTmessan sé sannkölluð uppskeruhátíð tölvugeirans og margir sem mæta eingöngu til að efla tengslanetið.“

Glæsilegt sýningarsvæði

Á laugardeginum mun tölvugeirinn bjóða almenningi að kíkja við í sýningarbasum, fræðast um það nýjasta í tölvutækninni og sýna um leið hvað störf í tölvugeiranum eru mun fjölbreyttari og skemmtilegri en margir halda. „Háskólarnir verða

með glæsilegt sýningarsvæði ásamt Tækniskólanum í Silfurbergi og Norðurljósum og auk þess verður fræðsludagskrá tengd geimnum og tunglferðum í gangi í Eldborg yfir daginn. Íslenskættaði geimfarinn Bjarni Tryggvason segir frá sögu mannaðra geimfara. Formleg verðlaunaafhending keppenda Reboot Hack fer fram í Kaldalóni fyrir hádegi og eftir hádegi verður boðið upp á örfyrirlestra um ýmis málefni tengd tölvutækninni. Hönnunarkeppni HÍ, sem er fastur liður á UTmessunni, fer fram í Silfurbergi og er alltaf gaman að sjá hvernig farartækjum keppenda gengur að keyra í gegnum þrautbrautina.“

Ekki má gleyma risaeðlum og vélmennum en í ár verður handbolta-vélmenni á staðnum sem gestir geta reynt að skora hjá, tölvuleikir, golfhermar, drónar og alls konar skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna. „Tunglið verður sýnilegt úr öllum



Arnheiður Guðmundsdóttir (t.v.), ásamt Lindu Björk Bergsveinsdóttur en í sameiningu sjá þær um alla anga UTmessunnar í ár. MYND/ANTON BRINK

áttum og við erum mjög spennt fyrir að sjá hvernig það nýtur sín í Hörpu. Glerhjúpurrinn mun spila með tunglinu og sýna þekkt stjörnumerki þegar fer að rökkva. Tunglið hefur vakið mikla athygli þar sem það hefur verið sett upp en listaverkið flakkar um heiminn á stórum sýningum.“

Fjölbreyttur kostur

UTmessan hefur enn mikla þýðingu fyrir tölvu- og tæknigeirann hér á landi að sögn Arnheiðar. „Hún er sá vettvangur sem sýnir best hvað tölvu- og tæknigeirinn er stór og fjölbreyttur á Íslandi enda er mikil aðsókn fyrirtækja á bæði sýningarsvæðið og ráðstefnunna. Það má segja að UTmessan sé sannkölluð

uppskeruhátíð tölvugeirans og margir sem mæta eingöngu til að efla tengslanetið. Þar gefst líka tækifæri fyrir tölvugeirann til að sýna ungu fólk sem er að velja sér framtíðarstarf að tölvugeirinn sé góður og fjölbreyttur kostur. Þannig vonumst við til þess að UTmessan sé hluti af því stóra verkefni að fleiri mennti sig í tölvu- og tæknigreinum.“

UTmessan stendur yfir dagana 8.-9. febrúar í Hörpu en UTmessuvikan stendur yfir dagana 2.-11. febrúar á ýmsum stöðum. Ókeypis er inn á laugardag í Hörpu. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á www.utmessan.is.

Marel notar spálíkön til að umbylta framleiðsluferli

Frammistaða véla verður tryggð og óvænt viðhald verður lágmarkað með nýrri tækni sem er í þróun og prófunum hjá Marel. Tæknin gengur út á að þjálfa vélar og hagnýta gögn úr framleiðsluferlum þannig að nýtni aukist verulega til hagsbóta fyrir matvælaframleiðendur.

Birgitta Strange, framleiðsluverkfræðingur hjá Marel, heldur erindi á UTMessunni undir yfirskriftinni Viðhald með spálíkönnum (e. Predictive Maintenance with IoT). Að sögn Birgittu er Marel, sem sérhæfir sig í hátæknilausnum fyrir matvælaframleiðendur, með háleit vaxtarmarkmið næstu árin bæði hvað varðar innri og ytri vöxt. „Við sjáum fyrir okkur aukningu bæði í sölu á kerfum og hugbúnaði, en ekki síður í þjónustu. Þar sjáum við mikið af tækifærum þar sem við getum nýtt okkur nýja tækni og gögn úr framleiðsluferlinu til að bæta ferla og auka virði,“ segir Birgitta.

Marel er í dag að þróa áfram vörur innan IoT (Internet of things) með það að markmiði að gera viðskiptavinum kleift að færa sig úr því að sinna bilunum og fyrirbyggjandi viðhaldi yfir í fyrirbyggjandi viðhald byggt á spálíkönnum. „Það gengur út á að spá fyrir um bilanir tækja og íhluta áður en vandamálin koma upp, en spánnar byggja á streymandi gögnum frá vélunum,“ útskýrir Birgitta.

Að sögn Birgittu gerir IoT tæknin það að verkum að hægt er að safna gríðarlega miklu magni af gögnum frá vélum í rauntíma. „Það gerir okkur kleift að nýta bæði söguleg og rauntímagögn til að greina og meta frammistöðu vélanna okkar ásamt því að geta spáð fyrir um bilanir á mikilvægum íhlutum.“ Birgitta segir mesta flækjustigið ekki endilega koma fram í gagnasöfnuninni heldur þegar þarf að breyta þeim yfir í nytsamlegar upplýsingar sem bæta framleiðsluferlið. „Að því vinnur fólk með ólíkan bakgrunn; fólk með þekkingu á gagnavísindum, verkfræðingur og forritarar ásamt okkar helstu sérfræðingum sem búa yfir mikilli þekkingu á þeim vélum sem við framleiðum og á því hvernig viðskiptavinir okkar og verksmiðjur á þeirra vegum starfa,“ útskýrir Birgitta.

„Það gengur út á að spá fyrir um bilanir tækja og íhluta áður en vandamálin koma upp, en spánnar byggja á streymandi gögnum frá vélunum.“

Birgitta Strange

Hún segir það hafa mikinn ávinning í för með sér fyrir matvælaframleiðendur að geta komið í veg fyrir framleiðslustöðvun vegna bilana. „Ef við ímyndum okkur kjúklingaverksmiðju sem er að keyra um fimmtán þúsund kjúklinga í gegn á hverri klukkustund er alveg ljóst að það hefur mjög miklar og kostnaðarsamar afleiðingar í för með sér ef stöðva þarf framleiðsluna, jafnvel þó að það sé aðeins í skamma stund.“

Birgitta segir verið að vinna að því að umbylta matvælaframleiðslu á heimsvísu. Slík verkefni verða oft og tíðum mjög flókin og því mikilvægt að nálgast þau á réttan hátt. „Það er mikilvægt að einblína fyrst á virðið sem hægt er að skapa áður en við sökkrum okkur í tæknina.“

Birgitta mun í erindi sínu fara yfir IoT vegferð Marel og hvernig fyrirtækið hefur nálgast stórgögn og greiningar við að þróa framleiðslutækni framtíðarinnar.



Birgitta segir það hafa mikinn ávinning í för með sér fyrir matvælaframleiðendur að geta komið í veg fyrir framleiðslustöðvun vegna bilana.
MYND/ERNIR

Er framtíðin þín?

EY hefur sérhæft sig í að veita fyrirtækjum ráðgjöf á vegferð þeirra til stafrænnar framtíðar.



EY
Building a better working world

The better the question. The better the answer. The better the world works.

www.ey.is | www.ey.com

Við erum veikustu hlekkirnir

Guðmundur Stefán Björnsson, framkvæmdastjóri yfir ferlum og öryggi hjá Sensa, segir að með auknu tæknilegu öryggi beinist athygli tölvuprjóta í meiri mæli að starfsfólki fyrirtækja.

Það hefur sýnt sig að tölvuprjotar beina athyglinni meira að því að finna veikleika hjá starfsfólkinu,“ segir Guðmundur. „Tölvukerfi flestra fyrirtækja eru nokkuð vel varin og mikið er lagt upp úr því að óprúttir aðilar geti ekki komist inn fyrir. En þegar þeir komast ekki inn þá láta þeir bara bjóða sér inn,“ heldur hann áfram og tekur dæmi: „Ef ég kem til þín og það er læst þá kemst ég ekki inn svo það næsta sem ég geri er að banka upp á þegar þú ert heima og reyna að plata mig inn til þín. Þetta er til dæmis gert með því að fá fólk til að smella á alls kyns tengla, það er verið að falsa tölvupósta og ýmislegt sem hefur verið nýlega í fréttum.“

Guðmundur segir aðferðir tölvuprjótanna vera mjög keimlikar. „Það er verið að biðja þig um að gera eitthvað eins og að setja inn lykilorð, kreditkortaupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar sem eru síðan misnotaðar. Og þetta þarf yfirleitt alltaf að gerast mjög fljótt. Það er mjög mikilvægt að fyrirtæki gefi þessu meiri gaum og fræði fólkið sitt um tölvuöryggismál.“ Hann bendir á að á sama tíma sé verið að herða persónuverndarlög bæði héraðs og erlendis. „Um leið og aukin krafa er um verndun persónugagna og sektarheimildir orðnar mun hærri verður það að skotfæri fyrir þá sem vilja jafnvel knésetja fyrirtæki eða koma fyrirtækjum illa.“

Guðmundur segist verða var



Guðmundur Stefán Björnsson, framkvæmdastjóri yfir ferlum og öryggi hjá Sensa, segir að helstu áhættuþættir í gagnöryggi snúi að manneskjum en ekki kerfum og því sé til dæmis mikilvægt að velja lykilorðin sín vel. MYND/STEFÁN

við öryggi hjá starfsfólki þar sem hann kemur til að halda fyrirlestur, sem hann kallar vitundarvakningu um öryggismál, og að sumir þori varla að smella á tengla sem fylgja tölvupóstum eða koma í gegnum samfélagsmiðla. „En það að gera ekki neitt getur verið stærsta vandamálið ef þú

færð grunsamlegan tölvupóst eða hlekk. Þá borgar sig að gera þeim aðilum sem sinna öryggismálum í fyrirtækinu viðvart því kannski er það ekki neitt en of oft hefur slík hunsun leitt til alvarlegri hluta.“ Þá vill hann benda á mikilvægi sterkra lykilorða. „Það eru til dæmi um að aðilar beri saman starfs-

mannaupplýsingar á vefjum fyrirtækja, keyri þær saman við þjóðskrá og eru þá komnir með nöfn og fæðingardaga barna og maka sem eru langalgengustu lykilorðin sem fólk býr til. Með því að keyra þessar upplýsingar í gegnum ákveðin kerfi er ekki erfitt að finna slík lykilorð. Á meðan öryggis-

„Það er mjög mikilvægt að fyrirtæki gefi þessu meiri gaum og fræði fólkið sitt um tölvuöryggismál.“

kerfin verða stöðugt betri erum það við sjálf sem erum veikustu hlekkirnir.“

Nú er mikið talað um skýjavæðingu og eðlilega vekur það spurningar hjá fyrirtækjunum. „En í skýjalausnum hafa orðið gríðarlegar framfarir og mikið af lausnum sem hjálpar fyrirtækjum að verjast árásum af þessu tagi.“ Hann beinir máli sínu ekki síður til okkar sem einstaklinga. „Við þurfum að fara að opna augun meira sem einstaklingar ekki síður en sem starfsmenn fyrirtækja, koma okkur inn í það hvernig þessi heimur virkar svo við getum varið okkur sjálf. Sensa býður bæði viðskiptavinum og öðrum fyrirtækjum upp á vitundarvakningu um öryggismál en ýmis fyrirtæki á Íslandi bjóða upp á slíka fræðslu. Fyrirtæki og stofnanir eiga ekki að vera feimin við að fá sérfræðinga í heimsókn til að fjalla um þessi mál með starfsfólki og byrja samtalið. Meðvitund og samtal meðal starfsmanna er orðið jafn mikilvægt og tæknilegar varnir gegn tölvuglæpum.“

Það eru netkerfi alls staðar

Ómar Henningsson, rafeindatæknifræðingur hjá Sensa, heldur fyrirlestur um sögu og framtíð netkerfa til að kynna þennan spennandi starfsvettvang fyrir aldurshópnum 18-25 ára.

Langar þig að skyggast inn í spennandi heim netfræðanna? Hann Ómar Henningsson ætlar að segja okkur skemmtilegar og áhugaverðar sögur af netkerfum og hvernig þau hafa orðið svona mikilvæg fyrir daglegt líf okkar.

Ómar lærði rafeindatæknifræði í Kaupmannahöfn og hefur unnið með netkerfi í 25 ár og fylgst með breytingum á samfélaginu sem tengjast tölvutækni og netkerfum í tæp 30 ár.

„Allir nota netkerfi á einhvern hátt, fyrirtækin og heimilin. Það eru netkerfi alls staðar,“ segir Ómar og tekur dæmi: „Símanir eru alltaf á einhverju netkerfi, hvort sem það er þráðlaust net eða 4G. Að fá stöðugt flæði af upplýsingum yfir netið þykir sjálfsagt, en fáir hugsa út í hvernig þetta virkar.“

Í fyrirlestrinum „Saga og grunnur netkerfa“ sem verður haldinn 5. og 6. febrúar í höfuðstöðvum Sensa í Ármúla 31 mun Ómar rekja sögu netkerfa frá því fyrstu sveitasímanir voru teknir í notkun. „Þar talaði fólk saman, þetta var í sjálfu sér net eins og internetið er í dag, þar var mannfólkið að tala saman en á netkerfinu eru það tölvurnar sem tala saman. Internetið er bara eitt af netkerfunum og það virkar ekki ósvipað og pósturinn, ef þú skilur hvernig hann virkar er hægt



Ómar Henningsson rafeindatæknifræðingur fjallar um netkerfi og fleira í fyrirlestri á vegum Sensa. MYND/STEFÁN

að sjá hvernig netkerfið virkar.“ Ómar bætir við að starf við rekstur tölvuneta sé sambærilegt við fjölda annarra starfa. „Á sama hátt og við leggjum vegi fyrir umferð eða vatnslagnir í hús þá erum við að leggjja netkerfi hvort sem það er á

þræði eða þráðlaust, sem flytur raf-ræn samskipti okkar á réttan stað á öruggan hátt og án þess að hika. Allt byggir þó á grunneiningum sem í dag eru IP samskipti. Starfið hjá okkur felst í því að hanna og setja upp netkerfi eftir mis-

munandi þörfum fyrirtækja,“ segir Ómar og bætir við: „Það er hægt að setja upp netkerfi á marga mismunandi vegu svo framarlega sem ákveðnum grunnreglum er fylgt. Við hjá Sensa erum sérfræðingar í netkerfum og erum með fjölda

„Allir nota netkerfi á einhvern hátt, fyrirtækin og heimilin. Það eru netkerfi alls staðar.“

af fólk í sérfræðivinnu. Öryggi er sennilega það svið innan netkerfa þar sem þróunin er örust. Öryggi er ekki bara eitthvað eitt heldur samspil margra hluta eða lausna. Til dæmis henta ekki sömu öryggislausnir bönkum og heimilum og síðan eru þarna á milli aðilar eins og Síminn sem sjá til þess að þessir aðilar geti tengst saman.

Hann segir að vinna með netkerfi snúist mikið um samskipti við fólk. „Mannleg samskipti eru mikilvæg í þessu fagi, tæknipökklingin ein og sér nær ekki nema viss langt. Starfið felst mikið í því að vinna með öðru fólki hjá viðskiptavinum og oft er það hópur af starfsmönnum okkar sem kemur að þessum verkefnum. Helsta flækjustigið felst oft í að finna út úr því hvernig hlutirnir eiga að vera, en þegar allir eru orðnir sammála og skilja hver annan þá er afgangurinn „bara“ framkvæmd.“

Leiðandi fyrirtæki

Annata er leiðandi á heimsvísu í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir fjölbreyttar atvinnugreinar.

Annata er rótgróið íslenskt fyrirtæki sem er í dag leiðandi á heimsvísu í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir framleiðendur, innflytjendur, dreifingar- og söluaðila bíla, stórra vinnuvéla og hvers kyns tækjabúnaðar segir Pétur Snæland, þróunarstjóri Annata. „Mikil og hröð framþróun í þeim geira krefst sífellt nýrra, öflugri og flóknari lausna og alþjóðlegt teymi okkar stendur mjög framarlega í slíkri þróun. Til dæmis erum við nú að vinna með Microsoft að nýjum lausnum sem byggja á nýjustu IoT og gagnagreindartækni.“

Samstarfsaðili Microsoft

Fyrirtækið hefur lengi átt afar þétt samstarf við ýmis teymi innan Microsoft, bæði varðandi þróun og markaðssetningu Microsoft Dynamics viðskiptalausna og nú einnig Azure skýjalausna segir Pétur. „Með þessu hjálpum við Microsoft að bæta vörur sínar og styrkja sína stöðu og í staðinn fáum við ómetanlegan stuðning við þróun og markaðssetningu á vörum okkar á alþjóðlegum vettvangi. Það vita það kannski fáir á Íslandi en Annata er meðal fimm helstu samstarfsaðila Microsoft á sviði viðskiptalausna í heiminum í dag.“ Annata býður upp á margvís-



Pétur Snæland er þróunarstjóri Annata. MYND/ERNIR

legar lausnir fyrir framleiðslu, sölu, þjónustu og leigu bíla og tækja segir Pétur. „Þessar lausnir halda utan um lífsferil tækja og hvers konar viðskipti eða þjónustu sem þeim tengist. Sem dæmi um viðskiptavini okkar mætti nefna framleiðendur þungavinnuvéla í Evrópu og Asíu, vélmenna og lækningatækja í Japan, námuvinnsluvéla í Ástralíu, flugvéla hluta í Evrópu, einnig bílasölur í Bandaríkjunum og tækjaleigur í Bretlandi.“

Síðast en ekki síst má nefna helstu bílaumboð á Íslandi, en þau eru okkur mikilvægur samstarfsaðili.“

Vöxtur næstu árin

Pétur segir stjórnendur Annata sjá fram á mikinn vöxt næstu árin. „Þá er ég bæði að tala um í nýsköpun og gagnagreind, sem og stórum alþjóðlegum verkefnum. Við munum því halda áfram að styrkja teymin í Asíu, Evrópu, Ameríku og hérlandis, því með alþjóðlegri teymisvinnu nýtist hugvit og styrkleikar okkar best í þeim spennandi tækifærum sem eru fram undan.“

Nánari upplýsingar á www.annata.net.



Listaverkið, sem er sjö metrar í þvermál, er með nákvæmum háskerpu-myndum frá NASA af yfirborði tunglsins.

Tunglið skín á gesti Hörpu

Listaverkið Museum of the Moon eftir listamanninn Luke Jerram verður til sýnis á UTmessunni í Hörpu í tilefni af 50 ára afmæli tunglgöngunnar.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Í ár eru 50 ár frá því geimfarið Apollo 11 frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) lenti á yfirborði tunglsins. Um 500 milljónir manna sátu við sjónvörp sín og fylgdust með geimfarinum Neil Armstrong stíga sín fyrstu skref í þessu framaní umhverfi.

Í tilefni af þessum tímamótum mun UTmessan bjóða almenningi á sérstaka dagskrá í Eldborgarsalnum þar sem gestum gefst meðal annars kostur á að líta til baka, fræðast um tæknina sem kom mannkyninu til tunglsins, hvernig það er að búa í geimnum og hvert tæknin muni leiða okkur í geimferðum á næstu 50 árum eða svo.

Gestum verður boðið að komast í meira návígi við tunglið en áður hefur þekkt á Íslandi og að skoða nákvæmt yfirborð tunglsins með berum augum.

Listaverkið Museum of the Moon eftir breska listamanninn Luke Jerram verður sýnt í almenna rýminu í Hörpu meðan á UTmessunni stendur. Listaverkið, sem er sjö metrar í þvermál, er upplásið tungl með nákvæmum háskerpu-myndum frá NASA af yfirborði tunglsins. Skalinn á tunglinu er 1:500.000, þar sem hver sentimetri á upplýstri kúlunni samsvarar um fimm kílómetrum á yfirborði tunglsins.

Frá því að listaverkið leit dagsins ljós hefur það ferðast um heiminn og verið til sýnis bæði innan- sem utan-dyra.

Frá því að listaverkið leit dagsins ljós hefur það ferðast um heiminn og verið til sýnis bæði innan- sem utandyra. Hver sýning er því einstök sem gefur áhorfandanum ólíka upplifun og möguleika á túlkun listaverksins. UTmessan, Ský og Háskóli Íslands standa að uppsetningu listaverksins í Hörpu.

Í tunglinu er ljósabúnaður og mun það lýsa upp innra rými Hörpu með fallegu tunglsljósi á kvöldin. Ljósahjúpur Hörpu mun einnig leika hlutverk með listaverkinu og setja svip sinn á upplifun gesta og þeirra sem ferðast fram hjá Hörpu.

Tunglið mun rísa í Hörpu þegar skyggja fer mánudaginn 4. febrúar og mun lýsa á hverju kvöldi til og með 11. febrúar.



Viltu kynnast spennandi starfsvettvangi?

Ert þú netsérfræðingur framtíðarinnar?



Saga og grunnur netkerfa

Í tilefni af UTmessu vikunni býður **Sensa** ungu fólki (18–25 ára) á kynningu um uppbyggingu netkerfa.

Áhugaverður fyrirlestur sem stiklar á stóru í sögu tölvuneta allt frá gamla sveitasímanum til nútíma kerfa.

Fyrirlesturinn gefur skemmtilega yfirsýn yfir virkilega áhugaverðan og fjölbreyttan starfsvettvang sem Sensa sérhæfir sig í.

Hvar:

Sensa, Ármúla 31, 108 Reykjavík

Hvenær:

Þriðjudaginn 5. febrúar frá kl. 16–18
Miðvikudaginn 6. febrúar frá kl. 16–18

Fyrirlesturinn er ókeypis.

Sætaframboð er takmarkað.



Fyrirlesari:

Ómar Henningsson

Ómar er menntaður rafeindatæknifræðingur og hefur starfað við hönnun og uppsetningu netkerfa í meira en 25 ár ásamt því að bjóða upp á námskeið fyrir viðskiptavinum.

Hann er einn reynslumesti netsérfræðingur landsins og hefur verið með CCIE gráðu Cisco síðan 1996. Ómar sat í ráðgjafaráði Cisco (CCIE Advisory Council) frá 2014–2018 þar sem hann tók þátt í að móta menntunarstefnu Cisco m.a. hvernig endurmenntun er háttað.

Skráning á sensa.is/starfsvettvangur



Hraðasta bókhaldskerfi í heimi

Uniconta er fullkomnasta en jafnframt einfaldasta bókhaldskerfi í heimi. Notendur þess spara milljónir á milljónir ofan og eiga engin orð til að lýsa ánægju sinni og afköstum.

Uniconta er hraðasta bókhaldskerfi í heimi, hagkvæmt, traust og einfalt í notkun,“ segir Ingvaldur Thor Einarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi.

Ingvaldur er að tala um nýjasta og öflugasta bókhaldskerfið úr smiðju Danans Eriks Damgaard sem er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna.

„Erik hefur haft 30 ár til að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við bókhaldskerfin Concorde XAL og Axapta en Microsoft keypti fyrirtæki hans árið 2001 fyrir um 200 milljarða króna og allar götur síðan hafa lausnir Eriks verið flaggskipið í lausnaframboði hugbúnaðarrisans Microsoft,“ útskýrir Ingvaldur.

Uniconta kom fyrst á markað í Danmörku 2016 og sló strax í gegn.

„Eftir að hafa unnið hjá Microsoft í fáein ár sá Erik gat á bókhaldsmarkaðnum og hóf þróun á bókhaldskerfinu Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum forrit eða app á tölvu eða snjalltæki,“ upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem einstaklega notendavænt og getur sparað þúsundir klukkustunda í vinnu.

Kerfi sem svarar þínum þörfum

Uniconta má líkja við Lego. Það er í grunninn fjárhagsbókhaldskerfi en ofan á bætast viðskipta- og lánardrottakerfi, birgða-, framleiðslu-, verkbókhalds-, kröfu- og CRM-kerfi. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, lánardrottana og viðskiptavinakerfi með sölu-reikningum og svo er bætt við lausnum eftir þörfum.

„Uniconta er langbesti kosturinn fyrir minni og meðalstóru fyrirtæki sem þurfa ekki lengur að setja milljónir króna í séraðlaganir á stóru og flóknu kerfi. Það hentar breiðum hópi og ólíkum þörfum en meðal viðskiptavina sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, fyrirtæki sem framleiða lækningatæki, heilsu- og snyrtivörur og verktafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Það sýnir að þarfir fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta mætir þeim öllum,“ segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókanarkerfa hins vegar.

„Uniconta er .NET kerfi, byggt á nýjustu tækni frá Microsoft. Kerfið keyrir á Microsoft SQL-gagna-grunni og notendur vinna í gegnum forritaskil eða API. Hægt er að framkalla allar aðgerðir í gegnum API en biðlarinn, sem flestir nota, vinnur á þessum API,“ útskýrir Ingvaldur.

Fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér þessa eiginleika Uniconta og nú þegar eru yfir 100 sérlausnir í boði sem tengjast við Uniconta API.

„Hér á landi vinnur Uniconta til dæmis á móti þremur ólíkum afgreiðslukerfum, vefverslunum sem keyra í Shopify og WooCommerce, auk þess sem kerfið tengist lóðbeint við bókanarkerfi eins og Godo. Þessi kerfi sækja upplýsingar í Uniconta og skila þangað pöntunum og færslum. Þannig sparast þúsundir klukkustunda í innsláttar-



Ingvaldur Thor Einarsson er stofnandi og framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. MYND/EYÞÓR

Uniconta er skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki. Hún er skýjalausn sem uppfærir sjálfkrafa og því þurfa fyrirtækin aldrei frammar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur.

vinnu og hætta á innsláttarvillum er úr sögunni. Samþáttun kerfa, sem áður var flókið og kostnaðarsamt ferli, er nú leikur einn,“ upplýsir Ingvaldur.

Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja.

„Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka teninga í Excel eða PowerBI sem keyra á raungögnum úr Uniconta og í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á tilbúna tengingar við Uniconta,“ upplýsir Ingvaldur en þess má geta að Uniconta má nota á öllum tækjum: Windows- og Mac-tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Ingvaldur var í leit að nýju bókhaldskerfi fyrir íslensk fyrirtæki þegar hann komst á snodir um Uniconta árið 2015.

„Þegar ég hafði skoðað það sem í boði var á markaðnum sá ég ekkert sem mér leist á. Flest kerfi byggðu á gamalli tækni og kostnaður var óhóflega hár. Ég fór þá að skoða hvað menn væru að gera í öðrum

löndum og rakst á grein um Erik og nýja bókhaldskerfið hans, Uniconta,“ upplýsir Ingvaldur sem setti sig strax í samband við Erik.

„Tveimur vikum síðar ákváðum við að staðfæra Uniconta fyrir Ísland og stofna fyrirtæki hér á landi til að sinna dreifingu og markaðssetningu kerfisins. Eftir tæplega eins árs vinnu við staðfærslu kerfisins fengum við endurskoðendur og bókara til að prófa Uniconta sem staðfesti grun okkar um að hér væri um framúrskarandi lausn að ræða og vorum afar ánægðir,“ segir Ingvaldur sem hleypti Uniconta fullmótuðu af stokkunum fyrir íslenskan markað á síðari hluta árs 2017.

„Uniconta var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál. Fjöldi notenda hér á landi er kominn yfir eitt þúsund og vel á þriðja hundrað íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál og rekstur, birgðir, framleiðslu og verk,“ upplýsir Ingvaldur.

Hann segir flest íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni.

„Mörg bókhaldskerfanna voru smiðuð á síðustu öld þegar tækni umhverfið var allt annað, og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásættanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi,“ útskýrir Ingvaldur.

„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics NAV, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar

Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna.

og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærir sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei frammar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur.“

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.500 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda geti það verið flókið, seinlegt og kostnaðarsamt.

„Það þarf þó engum að vaxa í augum að setja upp Uniconta-bókhaldskerfið. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki yfir í eina til tvær vikur þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og reynt að gera það á eins skömmum tíma og unnt er, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það.“

Uniconta er seld sem hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.499 krónur án vsk., en sú áskrift hentar einyrkjum og aðilum í einföldum rekstri.

„Menn bæta svo við notendum, kerfiseiningum, færslum og við-

bótarlausnum eftir þörfum,“ segir Ingvaldur. „Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósent sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjölum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það mun spara alla innsláttarvinnu og nær útrýma mistökum,“ segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun.

„Það tekur tíma að byggja upp traust á markaði og við vitum að okkar viðskiptavinir eru ánægðir. Við leggjum okkur fram um að hlusta á óskir viðskiptavina og bestu hugmyndirnar koma frá fólki sem notar kerfið daglega og kallar eftir nýjum og snjóllum leiðum til að gera hlutina. Allar upplýsingar eru geymdar með öruggum hætti og eingöngu aðgengilegar eigendum fyrirtækja sem stýra sjálfir hverjir hafa aðgang að bókhaldskerfinu, enda okkar hugmyndafræði að við eigum ekki upplýsingarnar heldur viðskiptavinurinn sjálfur. Við leggjum vörumerki okkar og orðspor að veði að allar upplýsingar eru geymdar með öruggum hætti og notendur geta alltaf nálgast sínar upplýsingar hvar sem þeir eru staddir.“

Uniconta Ísland er í Hlíðasmára 2. Sími 415 4600. Nánari upplýsingar á uniconta.is

Gagnadrifin fyrirtæki taka betri rekstrarákvarðanir

Cubus aðstoðar fyrirtæki við að ná tökum á rekstrar-gögnum með því að hámarka sjálfvirkni við meðhöndlun gagna.

Andri Páll Heiðberg, eigandi og ráðgjafi hjá Cubus ehf., segir að í dag sé gífurlegt framboð sértækra hugbúnaðarlausna. „Og því er orðið algengara að fyrirtæki og stofnanir tileinki sér „best of breed“ stefnu í upplýsingatækni,“ segir hann og heldur áfram: „Með því er átt við að í stað þess að leysa þarfir allra rekstrarþátta í einu heildarkerfi eru valdar saman mismunandi lausnir sem hver um sig þjónar tilteknu hlutverki. Þetta kallar á auknar kröfur um samþættingu gagna úr ólíkum kerfum svo hægt sé að fá heildarmynd af rekstrinum.“ Andri segir þær lausnir sem Cubus býður upp á styðja vel við þessar kröfur og



Andri Páll Heiðberg, eigandi og ráðgjafi hjá Cubus ehf., segir ríka kröfu hjá fyrirtækjum um öruggt aðgengi að gögnum. MYND/ANTON BRINK

gera það með skilvirkari hætti en áður þekktist. „Discovery Hub frá TimeXtender er ein þeirra, en þar er um ræða viðskiptagreindarlausn þar sem einfalt er að draga saman gögn úr ólíkum kerfum og gera þau aðgengileg notendum í því tóli sem þeir kjósa.“ Stefán Rafn, eigandi og framkvæmdastjóri Cubus kynnti lausnina fyrst

á Íslandi fyrir næstum 10 árum síðan og hefur hún hlotið góðar viðtökur, en mörg af stærri fyrirtækjum landsins nýta sér lausnina. „Með því að hámarka sjálfvirkni við þróun og rekstur gagnaferla og -líkana er komið í veg fyrir siendurtekna handavinnu og auðvelt er að gera breytingar þegar mæta þarf breyttum þörfum,“

„Nútímifyrirtækjum er stýrt á grunni traustra upplýsinga.“

segir hann og Andri Páll bætir við: „Það er einmitt þessi siendurtekna handavinna við meðhöndlun gagna sem auðvelt er að lágmarka með réttu lausninni. Margir kannast við það verklag að afrita gögn úr hinum ýmsu kerfum yfir í Excel þar sem unnið er með þau áfram, þau tengd saman og jafnvel ytri gögnum blandað saman við. Oft liggur mikill tími á bak við svona skýrslur og það þarf að uppfæra þær reglulega með nýjum gögnum með sama handvirka ferlinu. Þessi vinnubrögð eru seinleg og auka einnig líkur á villum og mistökum í aðgerðum sem getur reynst dýrkeypt.“ Það getur líka verið mikil áhætta fölginn í því þegar flókin samantekt á gögnum og

útreikningar liggja á herðum eins starfsmanns.

Andri Páll bendir enn fremur á að nútímifyrirtækjum er stýrt á grunni traustra upplýsinga. „Stjórnendur og starfsmenn gera æ ríkari kröfur um að ný gögn séu ávallt aðgengileg hratt og örugglega. Gagnvirk mælaborð og skýrslur eru öflug tól sem gefa starfsmönnum góðan grundvöll til ákvarðanatöku,“ segir hann og Stefán Rafn bætir við: „Þegar kemur að framsetningu gagna þá höfum við sérstaklega bent á Power BI frá Microsoft, en tólið hefur verið í mikilli sókn síðustu ár, enda öflug og ódýr lausn sem margir eru farnir að þekkja og nýta sér. Fyrir minni fyrirtæki getur Power BI verið notað bæði fyrir gagnavinnslu og framsetningu upplýsinga í mælaborðum og skýrslum sem hægt er að nálgast í vafra og með appi í snjallsíma.“ Þeir benda enn fremur á að starfsmenn Cubus hafi viðtæka reynslu af viðskiptagreindarverkefnum af öllum stærðargráðum úr fjölbreyttum atvinnugreinum.

Nánari upplýsingar um Cubus og þá þjónustu og lausnir sem Cubus býður upp á má finna á cubus.is.

HEILDARDAGSKRÁ UTMESSUNAR 2019

Nánari upplýsingar um skráningu og tímasetningar er að finna á www.utmessan.is

UTmessu vikan (off-venue) 2. – 11. febrúar

Viðburðir um allan bæ, opnir almenningi á meðan húsrúm leyfir – **Fritt inn** en þarf að skrá sig fyrirfram á suma viðburðina

Dags.	Efni	Staður
2. og 3. febrúar	Reboot Hack Fyrsta hækkaþon á Íslandi sem er fyrir nemendur og skipulagt af nemendum þeim að kostnaðarlausu	Háskólatorg
4. til 11. febrúar	Tunglið rís á UTMessunni í Hörpu Museum of the Moon er listaverk eftir breska listamanninn Luke Jerram. Í tilefni af því að hálf öld er síðan fyrsti maðurinn steig á tunglið tengjum við tölvutækni og geimferðir við UTMessuna í ár	Hörpu
4. febrúar	Netöryggi fyrir foreldra Netöryggisfræðslufundur fyrir foreldra	Deloitte kl. 19:30-20:30
5. og 6. febrúar	Viltu kynast áhugaverðum starfsvettvangi? Langar þig að fræðast um tólin og tækin sem gera okkur kleift að tala saman á netinu? Kynningin er ætluð ungu fólki 18-25 ára Takmarkað sætaframboð og þarf að skrá sig fyrirfram	Sensa kl. 16:00-18:00
6. febrúar	Grunnatriði í forritun fyrir byrjendur Einstakt tækifæri fyrir alla til að prófa að forrita Námskeiðið verður í M201 í HR	Háskólanum í Rvk. kl. 17:30-19:00
7. febrúar	Eru raflífróttir alvöru íþróttir? Reynsla Dana frá 2006	Origo kl. 15:00-17:00

UTmessan ráðstefnudagur 8. febrúar

Lokuð ráðstefna tölvu- og tæknifólks ásamt sýningu fyrir ráðstefnugesti
Ráðstefnudagur tölvugeirans og afhending Upplýsingatækniverðlauna Ský Upplýsingar um dagskrá, verð og skráningu er að finna á www.utmessan.is

UTmessan sýningardagur 9. febrúar

Opið hús í Hörpu frá kl. 10 – 17 og frítt inn fyrir alla
Stórsýning tölvu- og tæknifyrirtækja og háskóla. Sjáðu risatunglið sem heillar alla. Geimfarar og fleiri með stutta fyrirlestra um heima og geima. Kíkið á dagskrá laugardagsins á www.utmessan.is

Þar sem allt tengist

UTmessan.is

ský | HÁSKÓLI ÍSLANDS | origo. | Deloitte. | sensa | Opin kerfi

Bílar & Farartæki

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélur




Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgræin bremsuviðgerðir. Renni diskur og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852



viðgerðir...
Óþaklausar tækjaberir
hafa áhrif á barn.

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skílar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur verkefnum í almennt múrverk- flíslagnir-flotun og fl. Uppl hjá Þórði í s: 618-5286

Keypt & Selt

Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

Til leigu 2ja herbergja 50 m² íbúð á 2. hæð neðarlega á Laugarvegi. Leigist með húsgögnum, öllum húsbúnaði, hita og hússjóði. Leiguverð 220þ, eins mánaðar trygging. Laus. Uppl. 8933137.

For rent a 50 sqm, fully furnished apartment on first floor in city centre Reykjavik. Price per month 220.000 ISK, including heat. One month deposit. Vacant. Information 8933137.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði eða heildsala 90 fm við Bildshöfða Rvk. Til leigu-langtímaleiga. Uppl. S:893-9777

Til leigu 165 fm iðnaðarbíl í Hafnarfirði við Steinhelli, langtímaleiga. Uppl í s:893-9777

Atvinna

Atvinna í boði

AUKAVINNA.

Ábyrgur starfskraftur óskast á kvöld og eða helgarvaktir í sjoppu í 101 RVK. Umsóknir sendist á atvinna234@gmail.com

Atvinna óskast

STARFSMENN til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is



viðgerðir...
betta eiga menn á aðstoð
og heil af hnu knda í of þreki

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU



Job.is

Fasteignir

Melabraut 28

170 Seltjarnarnes



OPIÐ HÚS

fimmtudaginn 31.jan. kl. 17:15 – 17:45

Tæplega 160 fm mið sérhæð með bílskúr á Seltjarnarnesi
Fjögur góð svefnherbergi
Björt og vel skipulögð
Búið að endurnýja flestar lagnir



Nánari upplýsingar veitir:

Jason Ólafsson, lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **73,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -


Til sölu

Heilir gluggar til sölu


2 opnanlegir og 1 stór



Position: 2

Viking14
outside view

Position: 3

Viking14
outside view

Verð aðeins 130 þús fyrir allt saman.

Upplýsingar í síma 860 0662, Einar

Tilkynningar



FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu

2018/2019

sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 685/2018

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Árborg (Stokkseyri, Eyrarbakki)
Suðurnesjabæ (Sandgerði og Garður)
Skagaströnd, Norðurþing (Raufarhöfn og Kópasker)
Langanesbyggð (Bakkafjörður og Þórshöfn)
Hornafjörð
Snæfellsbæ (Arnarstapi, Hellissandur, Rif og Ólafsvík)
Blönduós

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í ofanskráðum byggðarlögum, sbr. auglýsingu nr. 31/2019 í Stjórnartíðindum

Ennfremur auglýsir Fiskistofa eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Borgarfjarðarhrepp (Borgarfjörður eystri)
Djúpavogshrepp (Djúpivogur)
Akureyrarbæ (Grímsey og Hrísey)
Grundarfjarðarbæ (Grundarfjörður)

Ofangreind fjögur sveitarfélög hafa ákveðið að byggðakvóta þar skuli úthlutað samkvæmt reglugerð ráðuneytisins nr. 685/2018 án sérreglna.

Öllum umsóknum skal skilað í gegnum rafræna umsóknargátt á vef Fiskistofu.

Opnað verður fyrir umsóknir kl 10 fimmtudaginn 31. janúar 2019

Samningi við vinnsluaðila skal skilað með tölvupósti fyrir lok umsóknarfrests á eyðublaði sem er að finna á vef Fiskistofu og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar 2019.

Fiskistofa, 30. janúar 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stunda.



Fréttablaðið.is
stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ

Þjónusta

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Indverskt höfuð og andlitsnudd,
litun og plokkun á augabrúnir
Verð 7.000,-

Munið gjafabréfin okkar.

Tímamantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og nuddstofan smart



Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



●● Ég held að þessari þróun verði tæplega snúid við úr þessu en við verðum að vera meðvítuð um að framkvæmdin skiptir miklu máli.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna



●● Þetta er stýrðara ferli sem minnkar árekstrana sem verða alltaf í kringum stjórnarkjör.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður Sýnar



●● Kannski er næsta skrefið í góðum stjórnarháttum að Kauphöllinni eða fyrirtækjaskrá RSK verði falið að skipa tilnefningarnefndir.

Gunnar Þór Gíslason, einn eigenda Brimgarða



Tilnefningarnefndir í hnotskurn

Skipun

- Hluthafafundur skal skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð.
- Nefndin skal vera skipuð þremur mönnum hið minnsta og skal meirihluti nefndarinnar vera óháður félaginu.
- Stjórnarmönnum félagsins er heimilt að sitja í tilnefningarnefnd en þeir skulu ekki mynda meirihluta hennar né gegna formennsku. Þá skulu hvorki stjórnendur félagsins né starfsmenn þess eiga sæti í tilnefningarnefnd.

Hlutverk

- Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess. Skulu frambjóðendur metnir út frá hæfni reynslu og þekkingu.
- Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.
- Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar.

„Við vorum mótfallin þessum tilögum í upphafi en þegar skriðan fór af stað í fyrria tókum við þá afstöðu að við þyrftum að stökkva á vagninn og reyna að hafa áhrif á ferlið,“ segir Guðrún í samtali við Markaðinn. „Ég held að þessari þróun verði tæplega snúid við úr þessu en við verðum að vera meðvítuð um að framkvæmdin skipti miklu máli og um þau álitamál sem þessum nefndum fylgja.“

Í þessu samhengi varpar Guðrún fram þeirri spurningu hvort tilnefningarnefndir eigi að heyra undir hluthafa eða stjórn félagsins. Segist hún sjálf vera hlynnt því að nefndin eigi að heyra beint undir hluthafa.

„Næsta spurning er hvort stjórnarmenn félaga eigi að sitja í tilnefningarnefndum. Ég tel að þeir eigi ekki að gera það, ekki nema stjórnarmaður sé að yfirgefa félagið þannig að hann sitji ekki í þeirri

stjórn sem hann sjálfur skipar.“

Þá segir Guðrún enn of snemmt að fullyrða um ágæti fyrirkomulagsins enda hafi ferlinu hjá einhverjum fyrirtækjum verið ábótavant.

„Í þeim tilvikum get ég ekki annað en dregið þá ályktun að stjórnendur og ráðendur félaga hafi freistast til að nota tilnefningarnefndir sem eins konar verkfæri til að tryggja stjórnarmenn hliðholla sér og það jafnvel þótt verulega hafi skort á hæfi í einhverjum tilvikum tilnefndra,“ segir hún.

„Þá kann það ekki góðri lukku að stýra ef tilnefningarnefnd er beinlínis háð stórum eiganda sem stýrir félaginu. Þessi dæmi vekja ekki traust á að um framfaraskref hafi verið að ræða við upptöku tilnefningarnefnda.“

Eilífðarvél gagnkvæmra bitlinga
Fjárfestingafélagið Brimgarðar greiddi í fyrria atkvæði gegn því að tilnefningarnefndum yrði komið á fót í fasteignafélagunum Reitum og Eik. Gunnar Þór Gíslason, einn

eigenda Brimgarða, hefur verið andvígur tilnefningarnefndum og telur ólíklegt að nefndirnar muni þjóna tilgangi sínum. Þvert á móti hefur hann áhyggjur af því að þær muni draga úr nauðsynlegri endurnýjun í stjórnun félaga.

„Í fyrsta lagi held ég að þetta muni letja þá, sem hafa hug á því að bjóða sig nýja fram í stjórn félaga, að gefa kost á sér ef þeir eiga á hættu að vera hafnað af andlitslausri tilnefningarnefnd áður en þeir fá að kynna sig og sín áherslumál fyrir hluthöfum,“ segir Gunnar Þór í samtali við Markaðinn.

„Í öðru lagi tel ég verulega hættu á því að við séum að búa til eilífðarvél gagnkvæmra bitlinga, sérstaklega ef stjórnarmenn tilnefna tilnefningarnefnd, eða skipa sjálfa sig í tilnefningarnefndina, sem tilnefnir stjórnina, sem mun svo aftur tilnefna tilnefningarnefndina að ári eða tveimur liðnum,“ bætir Gunnar við.

Ef markmiðið er að bæta stjórnarhætti er nær, að mati Gunnars, að félög setji sér stefnu um hvernig endurnýjun stjórnar skuli háttað. Setja megi ákvæði um hversu lengi hver stjórnarmaður megi sitja samfellt í stjórn eða ákvæði um að hið minnsta einn stjórnarmaður skuli koma nýr inn í stjórnina með reglulegu millibili.

„Það er svo ákveðin kaldhæðni í því að hluthöfum sé enn treyst til að velja tilnefningarnefndir en þeim er ekki treystandi til að velja sér stjórnarmenn án hjálpar. Kannski að næsta skrefið í góðum stjórnarháttum sé að Kauphöllinni eða fyrirtækjaskrá RSK verði falið að skipa tilnefningarnefndir almenningshlutafélaga?“ spyr Gunnar Þór.

Þá telur hann að of fáir stjórnarmenn almenningshlutafélaga hafi persónulega hagsmuni af góðu gengi félaganna. Tilnefningarnefndir leysi ekki þann vanda.

„Vegna einhvers konar þýðingarvillu á erlendum stjórnarháttareglum þykir það jafnvel óheppilegt að stjórnarmenn almenningshlutafélaga séu jafnframt hluthafar. Ég er þess fullviss að það sé betra fyrir alla hluthafa ef í stjórn félagsins veljast aðilar sem

hafa persónulega hagsmuni af því að félaginu gangi vel heldur en að hagsmunir stjórnarmanna séu þeir helstir að vera endurkjörnir á næsta aðalfundi.“

Klúður að ræða ekki við fleiri hluthafa

Störf tilnefningarnefndar Haga hafa vakið athygli en stjórnarkjör smásölurísans fór fram um miðjan janúar. Þóðað var til fundarins í byrjun desember og bar vinnuferli nefndarinnar þess merki að styttri tími var til stefnu en hefðbundið er í aðdraganda aðalfundar. Athygli vakti að aðeins var rætt við sex stærstu hluthafana. Í framboði var meðal annars Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og stofnandi Bónuss, en félög tengd eiginkonu hans, Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur, eru sjöundi stærsti hluthafi félagsins. Rétt er að taka fram að Ingibjörg Stefanía er eigandi Torgs, útgefanda Fréttablaðsins.

Heiðar segir klúður að nefndin hafi ekki rætt við fleiri hluthafa. Tilnefningarnefnd Sýnar hafi alltaf sett sig í samband við tuttugu stærstu hluthafana. „Þegar drög að skýrslunni er tilbúin geta allir hluthafar hitt nefndina hvenær sem er og það er sérstaklega óskað eftir því að hluthafar taki fundi með nefndinni til að tjá sína skoðun og koma með hugmyndir að stjórnarmönnum,“ segir Heiðar.

Guðrún segir að ekki sé annað hægt en að gagnrýna framkvæmdina hjá Högum. Lífeyrissjóður verslunarmanna er fjórði stærsti hluthafinn í Högum með 8,3 prósentu hlut. „Það var hvorki rætt við alla frambjóðendur né alla stærstu hluthafana,“ segir Guðrún og vísar til frambjóðendanna Söndru Hlífar Ocares og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar fjárfestis. „Þessi fyrstu skref lofa ekki góðu. Við verðum samt að vera minnug þess að við erum að feta okkar fyrstu spor og því mikilvægt að læra af mistökum og bæta ferlið til að auka tiltrú okkar allra á fyrirkomulaginu.“

Gunnar Þór segir að stjórnarkjörið hjá Högum vekji upp spurningar um gegnsæi í ákvörðunum tilnefningarnefnda.

„Það er kannski gefinn út einhver vaðall um hvernig nefndin hagaði störfum sínum en ekkert um af hverju sumir fengu náð fyrir augum nefndarinnar en aðrir ekki. Við vitum t.d. lítið um það af hverju Jón Ásgeir var ekki á lista tilnefningarnefndar í Högum. Var það vegna orðsporsáhættu félagsins, eða vegna þess að aðilar tengdir honum eru að hefja samkeppnisrekstur við Haga, hefur hann ekki næga reynslu af verslunarrekstri, rekstrarreynslu eða lögfræðisþekkingu, vildi forstjórinn ekki fá hann í stjórn eða er hann bara með ómögulega hárgreiðslu?“ spyr Gunnar og bætir við að hann telji eðlilegt að fólk sem þiggi laun fyrir að setjast í dómarsæti yfir þeim sem sækjast eftir að komast í stjórn almenningshlutafélaga geri hluthöfum almennilega grein fyrir tillögum sínum.

Grefur undan áhrifum minnihlutans

„Mér hefur virst að tilnefningarnefndir séu heldur til þess fallnar að grafa undan möguleika minnihluta til að hafa áhrif við stjórnarkjör,“ segir Jón, lögfræðingur hjá lögmannastofunni Dranga og fyrrverandi forstjóri VBS fjárfestingarbanka. Hann segir að niðurstaðan sé sú sama hvort sem hluthafar eða stjórn skipi tilnefningarnefndina.

„Í fyrria tilvikinu er auðveldara fyrir þá sem fara með meirihlutavald í félagi að hafa áhrif á hvernig þessi nefnd er skipuð. Í seinna tilvikinu er hætt við því að stjórnarmenn velji þá sem þeir telja að séu sér hliðhollir. Mér sýnist á öllu að hagsmunir minnihlutans séu að einhverju leyti fyrir borð bornir

þannig að erfiðara sé fyrir hluthafa í félagi sem telst til minnihluta að hafa áhrif,“ segir Jón.

Þá segir hann fyrirkomulagið gera frambjóðendum erfitt fyrir ef þeir hljóta ekki náð fyrir nefndinni. Beita megi öðrum aðferðum til að ná sömu markmiðum og tilnefningarnefndum er ætlað að ná.

„Ég held að rétta aðferðin sé sú að það sé áskilið að þeir sem bjóða sig fram til stjórnar setji fram með samræmdum hætti upplýsingar um sig sem skipta máli, eins og reynslu og þekkingu og menntun og hvað eina annað. Þessar upplýsingar verði settar fram með þeim hætti að hluthafar geti sjálfir metið frambjóðendur án tilkomu tilnefningarnefndar.“

Stjórnir fylgi eða skýri

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, tekur ekki undir þann málflytning að tilnefningarnefndir grafi undan möguleika minnihluta til að hafa áhrif við stjórnarkjör.

„Minnihlutavernd hefur ekkert augljóslega að gera með hvernig skipast í stjórnir fyrirtækja og þá hvernig tilnefningarnefnd starfar eins og ég skil lög um hlutafélög. Það er eins og að gengið sé út frá því að stofnanafjárfestar teljist til einhvers konar meirihluta jafnvel þó hver og einn þeirra eigi minna en 10% í skráðum félagum,“ segir Ólafur.

„Það ætti ekki að vera sérstök þörf á umræðu um tegundaflokkun fjárfesta sbr. einkafjárfestar og lífeyrissjóðir enda ber tilnefningarnefnd að gæta hagsmuna allra hluthafa og ráðfæra sig við sem fjölbreyttastan hóp.“

Ávinningurinn sem fólgin er í tilnefningarnefndum er að mati Ólafs sá að tryggt verður sem frekast er kostur að í stjórn veljist einstaklingar sem búa sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt. Skýrslur og skriflegur rökstuðningur slíkra nefnda séu betur til þess fallin að auka gagnsæi og stuðla að málefnalegri umræðu um skipan stjórnarmanna.

„Það er hins vegar okkar mat að það þurfi að varast það að festa formið og starfið of mikið í upphafi. Markaðsaðilar eru að fóta sig á þessari vegferð og það er við því að búast að það verði skiptar skoðanir um þetta form til að byrja með,“ segir Ólafur í samtali við Markaðinn.

„Opin umræða um kosti og galla þess sem hefur verið gert er mikilvægur hluti af þessu ferli. Leiðbeiningarnar eru mjög takmarkaðar og þess vegna er mikilvægt að taka skrefin og læra af þeim. Þetta er ekki stjórnarskrárbundið form og það er hægt að bæta og breyta á milli hluthafafunda.“

Spurður hvort sjóðurinn telji þörf á tilnefningarnefndum á íslenska hlutabréfamarkaðinum bendir Ólafur á að leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja séu gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöllinni og Samtökum atvinnulífsins. „Þessir aðilar væru varla að setja ákvæði um tilnefningarnefndir á Íslandi ef ekki væri talin þörf á þeim.“

Samkvæmt lögum þá ber fjármálafrýrtækjum og markaðsskráðum félagum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Í því sambandi nefnir Ólafur að mikilvægt sé að hafa í huga að þær eru leiðbeinandi og almenna reglan sé að „fylgja eða skýra“.

„Það hefur verulega skort á að stjórnir skýri það fyrir hluthöfum af hverju þær telja ekki vera tilefni til að fylgja ákvæðum um tilnefningarnefndir. Ef stjórn telur ekki þörf á tilnefningarnefnd þá verða að fylgja rök.“

Telurðu líklegt að lífeyrissjóðir muni í langflestum tilfellum greiða atkvæði í samræmi við tillögur tilnefningarnefnda?

„Mér finnst líklegt að stofnanafjárfestar fari eftir tillögum nefnda og nýti sér þann rökstuðning sem nefndirnar leggja til. Það eykur líkur á því að í heild beri stjórn félagsins með sér breidd í hæfni, reynslu og þekkingu.“

Mektardagar vogunarsjóða eru að baki

Þriðja árið í röð sem fleiri vogunarsjóðum er lokað en er hleypt af stokkunum. Ávöxtun vogunarsjóða hefur farið stíglækkandi. Þóknunar hafa lækkað. Efnaðir sjóðsstjórar stýra í ríkari mæli einungis eigin fjármunum en tilhugsunin um ríkulegar greiðslur heilla enn.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivi@frettabladid.is



Mektardagar vogunarsjóða eru að baki. Dæmi eru um að efnaðir sjóðsstjórar hafi kosið að draga saman seglin og stýra nú eingöngu eigin fjármunum. Þeirra á meðal er George Soros og nú er John Paulson, sem hagnaðist um 20 milljarða dollara með því að veðja á að fasteignabólan í Bandaríkjunum myndi springa fyrir rúmlega áratug, að leiða hugann að því að gera slíkt hið sama innan tveggja ára. Honum hefur ekki vegnað vel á undanförunum árum en margir fjárfestar leituðu til Paulsons eftir að frægðarsól hans reis.

Ávöxtun vogunarsjóða hefur farið stíglækkandi. Hún var að meðaltali 3,4 prósent á ári frá árinu 2010 samanborið við 6,4 prósent á áratugnum frá 2000. Á blómaskeiðinu, 1990-2000, var ávöxtunin 18,3 prósent á ári. Þetta kemur fram í fréttaskýringu Financial Times.

Vogunarsjóðir eru þekktir fyrir að rukka tvö prósent af eignum í stýringu fyrir þjónustu sína og 20 prósent af hagnaði. Fyrirnefndur Paulson hefur sagt að þegar ávöxtunin er góð og eignir í stýringu fara vaxandi „þá rignir þóknunum af himnum ofan“.

Breyttir tímar

Tímarnir hafa hins vegar breyst. Nú rukka einungis þrjú prósent vogunarsjóða tvö prósent af eignum í stýringu og 16 prósent þeirra taka fimm tung af hagnaðinum. Credit Suisse telur að meðalþóknun sé nú 1,45 prósent af eignum í stýringu og 16,9 prósent af hagnaði. Skjólstaðingar vogunarsjóða kjósa nú fremur ódýrari fjárfestingarstefnu og vilja semja um lægri þóknunir.

Starfsumhverfi vogunarsjóða hefur tekið stakkaskiptum. Til viðbótar við að þeim gengur erfiðlega að fá sömu þóknunir og áður, fer regluverkið sem þeir verða að fylgja sístækkandi og umhverfið til fjárfestinga verður æ strembnara. Jafnframt vilja lifeyrissjóðir ekki taka jafn mikla áhættu og vogunarsjóðir



George Soros stýrir nú eingöngu eigin fjármunum en var eitt sinn einn þekktasti sjóðsstjóri heims. NORDICPHOTOS/GETTY

Paulson færðist of mikið í fang

Það hefur ekki allt leikið í höndunum á John Paulson eftir að hann veðjaði á að fasteignabólan í Bandaríkjunum myndi springa fyrir rúmum áratug. Fyrir þann tíma rak hann lítinn sjóð sem veðjaði meðal annars á sameiningar og yfirtökur fyrirtækja. Fjárfestar leituðu til hans í stríðum straumi eftir að viðskiptin komust í sviðsljósið og námu eignir í stýringu 38 milljörðum dollara þegar best lét árið 2011. Eftir fjölmargar mishæppnaðar fjárfestingar í gulli, hlutabréfum heilbrigðisfyrirtækja, lyfjafyrirtækja, banka og þýskum ríkisskuldabréfum hafa eignir í stýringu skroppið saman í 8,7 milljarða dollara. Margir telja að Paulson hafi færst of mikið fang eftir velgengnina og talið sig geta sýnt yfirburði á öllum mörkuðum og fjárfestingastefnum.



horfa til. Þeir sækjast eftir stöðugri fjárfestingarkostum.

Samhliða vaxandi regluverki vex kostnaður sjóðanna til að mæta kröfunum. Nú þarf að ráða rekstrarstjóra, starfsfólk sem gætir að því að reglum sé fylgt og fjárfestatengla. Fastur kostnaður er því ávallt hár.

Freistandi að skera niður
Fyrir efnaðan vogunarsjóðsstjóra,

sem á illa heppnaðar fjárfestingar að baki sem leitt hafa til þess að fjárfestar drögu fé úr sjóðnum, getur reynst freistandi skera niður kostnað sem fylgir því að stýra annarra manna fé. „Fjárfestar eru lífæð atvinnugreinarinnar en þeir eru kvöl og pina,“ sagði einn vogunarsjóðsstjóri í samtali við Financial Times. „Þeir skilja í raun og veru ekki hvað það er sem við gerum en

finnst þeir þurfa að spyrja okkur spjörunum úr öllum stundum til að sinna störfum sínum sem fjárförsluadili.“

Atvinnugreinin stendur þó ekki á brauðfötum. Sjóðsstjórar sem þykja skara fram úr geta enn haft mikið að segja um kaup sín og kjör. Það hefur farið vaxandi frá árinu 2010, miðað við eignir í stýringu, að sjóðirnir láti fjárfesta bera kostnað við greiningar og tækni sem nýtt er við þeirra vinnu.

Sumir kenna dapurri ávöxtun um að vogunarsjóðsstjórum hefur fjölgað hratt og því erfiðara að ávaxta fjármuni betur en það sem gengur og gerist. Aðrir kenna um að fjárfestar treysti í mun meiri mæli á tölvur og gervigreind en áður. Því til viðbótar hafa hátiðnivíðskipti rutt sér til rúms. Sagt er að það geri markaði flóknari og erfiðari viðureignar.

Fleiri sjóðum er lokað en opnað
Á síðasta ári var 580 vogunarsjóðum af um 11 þúsund á heimsvísu lokað. Það er þriðja árið í röð sem fleiri vogunarsjóðum er lokað

Fjárfestar eru lífæð atvinnugreinarinnar en þeir eru kvöl og pina.

Ónefndur vogunarsjóðsstjóri

en er hleypt af stokkunum. Sumir hafa hætt starfsemi vegna þess að ávöxtun þeirra hefur verið döpur, aðrir vegna þess hve kostnaðarsamt það er orðið að reka litla sjóði. Flira kemur til.

Michael Platt, stofnandi Blue-Crest eins stærsta vogunarsjóðs í Evrópu, vildi losna undan þeim hlekkjum sem varfærir stofnana-fjárfestar festu hann í á meðan Jonathan Jacobson sem rak Highfields Capital var einfaldlega orðinn leiður á því að hanga fyrir framan tölvuskjá í þrjá og hálfan áratug.

Stanley Druckenmiller, sem þekktur er fyrir að hafa felst breska pundið ásamt læriföður sínum George Soros árið 1992, kastaði inn handklæðinu árið 2010. Hann sagðist þurfa að horfast í augu við að það að keppa á fjármálamörkuðum svo lengi hafi tekið sinn toll.

Geta uppskorið ríkulega

Þrátt fyrir að vogunarsjóðir glími við erfiðleika kjósa ekki margir að sýsla einvörðungu með eigið fé. Þráin til að sanna sig, spennan við að stýra himinháum fjárhæðum og það að þegar vel gengur geta allra bestu sjóðsstjórnarnir uppskorið ríkulega, gerir það að verkum að fáir horfa til þess að stýra einungis eigin fjármunum. Enn fremur getur þeim reynst erfitt að ráða starfsfólk ef ekki væri fyrir þóknunir, vöxt og athyglina sem fylgir því að stýra annarra manna fé.

Lýsandi dæmi er Steve Cohen. Hann neyddist til að loka vogunarsjóði sínum, S.A.C. Capital Advisors, eftir að upp komst um innherjavik starfsmanna árið 2016. Cohen stofnaði annan vogunarsjóð um leið og hann átti þess kost. Á síðasta ári safnaði hann 5 milljörðum dollara fyrir nýjan sjóð á vegum Point 72. Hann þiggur í þóknun 2,75 prósent af eignum í stýringu og allt að 30 prósent af hagnaðinum.

Bandaríkin láta til skara skrifa gegn Huawei

Bandaríkin hafa ákært kínverska fyrirtækið Huawei fyrir að stela bandarískri tækni og fara á svig við refsiaðgerðir Bandaríkjanna gegn Íran. Ákæran mun varpa skugga á viðræður bandarískra og kínverska stjórnvalda, sem eiga að hefjast í dag, þar sem reyna á að koma í veg fyrir tollastríð. Þetta kemur fram í frétt Financial Times.

Eftir því hvaða refsingu dómsmálaráðuneytið fer fram á, gæti sakfelling haft áhrif á alþjóðlegan rekstur Huawei og komið fjármálastjóra fyrirtækisins og dóttur stofnandans, Meng Wanzhou, á bak við lás og slá. Hún er í Vancouver að verjast því fyrir dómstólum í Kanada að vera framseld til Bandaríkjanna. Huawei hafnar ásökunum.

Matthew Whitaker ríkissaksóknari segir að ásakanirnar séu alvarlegar. Fyrirtækið beiti iðnaðarnjósnum og brjóti gegn refsiaðgerðum ekki bara til að auka hagnað sinn heldur til að keppa í alþjóðlegum viðskiptum.



Meng Wanzhou,
fjármálastjóri
Huawei

„Bandaríkin líða það ekki,“ segir hann.

Stjórnendur Huawei stefndu á að selja fleiri síma árið 2012 en vandinn var að símar framleiðandans féllu oftar á gæðaprófum vélmennnis en keppinautarnir. Fyrirtækið brá því á það ráð að þróa eigið vélmenni með því að stela tækni frá T-Mobile. Starfsmenn fengu greiddan bónus fyrir að stela viðskiptaleyndarmálum og verðlaunaði fyrirtækið þau svæði sem komust á snöðir um verðmætustu leyndarmálin, segir í frétt The Wall Street Journal.

Í fyrra skákaði Huawei Apple og varð það fyrirtæki sem seldi næstflesta farsíma á heimsvísu. – hvj

Norwegian aflar sér ríflega 40 milljarða

Forsvarsmenn Norwegian Air Shuttle tilkynntu í gær að til staði að auka hlutfélag félagsins um þrjá milljarða norskra króna, jafnvirði um 42 milljarða íslenskra króna, til þess að skjóta styrkari stöðum undir fjárhag félagsins. Um leið greindu þeir frá því að rekstrartap norska flugfélagsins hefði numið ríflega 3,8 milljörðum norskra króna, um 53 milljörðum króna, á síðasta ári.

Í tilkynningu frá stjórn Norwegian var tekið fram að hún ætti ekki í viðræðum við neina mögulega kaupendur eftir að IAG, móðurfélag British Airways, sagðist í liðinni viku ekki ætla að gera yfirtökutillboð í félagið. Stjórnin væri hins vegar reiðubúin til þess að ræða við áhugasama fjárfesta.

Hlutabréf í norska flugfélaginu hriðföllu um þriðjung í verði þegar hlutabréfamarkaðurinn í Ósló var opnaður í gærmorgun en lækunin gekk að hluta til baka eftir því sem leið á daginn og nam um 12 prósentum um miðjan dag.

Hlutabréfin lækkuðu sem kunnugt er um liðlega fimm tung í verði í síðustu viku í kjölfar þess að IAG



Rekstrartap Norwegian var 53 milljarðar króna í fyrra. FRÉTTABLAÐID/GETTY

53

milljarðar króna var rekstrartap Norwegian í fyrra.

sagðist hafa fallið frá yfirtökuaformum sínum og selt hlut sinn í Norwegian.

Milljarðamæringurinn John Frederiksen, Björn Kjos, forstjóri

Norwegian, og Björn Kise, stjórnarformaður flugfélagsins, hafa skuldbundið sig til þess að taka þátt í fyrirhuguðu forkaupsréttarútbóði, að því er fram kemur í frétt Financial Times.

Björn Kjos sagði í samtali við norska fjölmiðla í gær að félagið ætlaði nú að leggja áherslu á arðsemi í stað vaxtar með því að selja frá sér flugvélar, fresta móttöku nýrra flugvéla og ná að öðru leyti fram sparnaði upp á allt að tveimur milljörðum norskra króna. – kjj

NÚ ÞÚ!

Reynsluaktu Rexton – sigurvegara jeppanna

Í fyrra var SsangYong Rexton kjörinn jeppi ársins af 4X4 Magazine. Þar keppti hann við marga af þekktustu jeppum heims. Fjöldmargir hafa reynsluekið nýjum Rexton og upplifað gæðin.

Nú er komið að þér!

Nokkrar umsagnir úr reynsluakstri:

„Ótrúlega þéttur!“

„Ennþá kemur manni eitthvað á óvart“

„Miklu meira pláss en ég bjóst við“

„Þetta er alvöru lúxus“

„Það er greinilega hugsað um hvert smáatriði“



Verð frá
6.990.000 kr.

Birt með fyrirvara um verð- og textabreytingar



ssangyong.benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílaúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Stefna á að fá 1-2 milljarða í fjárfestingu

Svipmynd

Andri Kristinsson

Nám:

MBA-gráða frá Stanford-háskóla. B.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands.

Störf:

Stofnandi og framkvæmdastjóri Travelade. Próunarstjóri hjá LinkedIn í San Francisco. Stofnandi og framkvæmdastjóri Icelandic Startups.

Fjölskylduhagir:

Í sambúð með Erlu Ósk Ásgeirsdóttur, forstöðumanni hjá Icelandair hótélum. Saman eignum við tvo drengi; Huga Snæ, 6 mánaða, og Baltasar Mána, 8 ára son Erlu.

Andri Kristinsson, framkvæmdastjóri Travelade, segir að ef árangur síðasta árs gefi fyrirheit um það sem framtíðin beri í skauti sér, sé ljóst að fyrirtækið þurfi að sækja um 1-2 milljarða króna í erlenda fjárfestingu til að styðja við frekari sókn.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef mjög gaman af hvers kyns útivist, gönguferðum í góðra vina hópi og fjallaklifri. Ég hef einnig gaman af því að hlaupa og hef í auknum mæli verið að snúa mér að langhlaupum í náttúrunni sem endurnærir bæði sál og líkama. Þá er ég einnig í karlakórnum Esjunni í sérlega góðum félagskap.

Hvernig er morgunnúttin þín?

Þá daga sem ég er ekki á ferðalögum þá er fasti punkturinn sá að ég fæ mér sopa af lýsi, espresso og morgunkorn til að koma mér af stað. Á öðru leyti eru morgnarnir (og stundum næturnar) yfirleitt fjölbreyttir enda líf og fjör á heimilinu með einn 6 mánaða gutta sem ákveður oftast en ekki upp á sitt eindæmi að breyta morgunnúttinu foreldranna.

Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?

Síðasta ráðstefna sem ég sótti var á vegum Íslenska ferðaklasans sem stóð nýlega fyrir mjög vel heppnum fundi um stafræna framtíð ferðapjónustunnar á Íslandi. Ég var þar í góðum hópi meðal fyrirlesara og fjallaði um hvaða lærdóm íslensk fyrirtæki í ferðapjónustu gætu dregið af fyrirtækjum í Kisildalnum á borð við AirBnB, Uber og LinkedIn.

Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?

Í síðustu flugferð lauk ég loks við eina af jólabókunum, Þorpið eftir Ragnar Jónsson, sem var finasta afþreying. Næst á leslistanum er síðan mjög áhugaverð bók sem ég fékk í bóndadagsgjöf í síðustu viku og var að byrja á, 21 Lessons for the 21st Century eftir Yuval Noah Harari, höfund Sapiens.



„Ég hef í auknum mæli verið að snúa mér að langhlaupum í náttúrunni sem endurnærir bæði sál og líkama,“ segir Andri Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég hef mjög gaman af því að elda góðan mat og hef stundum sagt í gríni við vini og fjölskyldu að ef allt annað myndi klikka þá myndi ég líklega opna hágæða veitingastað einhvers staðar uppi á fjöllum og ná þannig að sameina áhuga minn á mat og fjallamennsku.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?

Það eru ótalmargar áskoranir við að byggja upp litið fyrirtæki í jafn hröðum alþjóðlegum vexti og Travelade er, það má í raun segja að við blasi ný áskorun í hverjum mánuði. Efst á baugi hjá mér þennan mánuðinn er markaðssetning og dreifing á nýrri vöru sem við settum í loftið á dögunum og kallast „Wanderguide“. Þetta er nýstárleg veflausn sem gerir hverjum sem er kleift að búa til rafræna ferðahandbók á netinu á aðeins örfáum mínútum til að deila með ferðamönnum og selja afþreyingarferðir. Þessi lausn hefur fengið frábærar viðtökur undanfarið enda trúum við því að á næstu árum muni ferðamenn í auknum mæli nýta gagnvirkar og persónulegar ferðahandbækur á netinu til að bóka afþreyingu á ferðalögum í stað þess að nota hefðbundnar ferðaskrifstofur, prentaða bæklinga og bækur á borð við „Lonely Planet“.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?

Helsta áskorun íslenskrar ferðapjónustu – og reyndar allra þekkingar- og útflutningsfyrirtækja – eru sveiflur í gengi íslensku krónunnar. Það er mjög samkeppnishamlandi að reka fyrirtæki í umhverfi þar sem gengissveiflur eru jafn miklar og háar og raun ber vitni. Ég tel að eina vitið sé að Ísland verði hluti af stærra mynthagkerfi sem fyrst.

Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Travelade á næstu árum?

Ef árangur síðasta árs er einhver fyrirboði þess sem framtíðin ber í skauti sér er ljóst að Travelade mun fara í gegnum umtalsverðan vöxt, með tilheyrandi vaxtarverkjum, á næstu árum. Til að ná þeim árangri sem við stefnum á þarf bæði að margfalda starfsmannafjölda hjá okkur á næstu árum og líklega sækja um 1-2 milljarða í erlenda fjárfestingu til að styðja við frekari sókn. Þetta mun kalla á mikla áherslu hjá mér á að ráða inn rétta fólk til að hvetja til og opna skrifstofur í nokkrum öðrum löndum

til að styðja við sölu- og markaðssetningu.

Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?

Ég hef mjög gaman af því að elda góðan mat og hef stundum sagt í gríni við vini og fjölskyldu að ef allt annað myndi klikka þá myndi ég líklega opna hágæða veitingastað einhvers staðar uppi á fjöllum og ná þannig að sameina áhuga minn á mat og fjallamennsku. Er þó alls ekki viss um að þetta væri góð viðskipta-hugmynd, en hver veit!

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Eftir tíu ár vonast ég til að vera enn við stýrið hjá Travelade sem þá verður orðið alþjóðlegt stórfyrirtæki sem ég get verið stoltur af að hafa byggt upp frá grunni á Íslandi. Það er langhlaup að byggja upp fyrirtæki og ef ég líki því við maraþonhlaup, þá erum við sennilega bara rétt komin fram hjá fyrstu drykkjarstöðinni í dag. Ég mun sömuleiðis enn njóta þess að ferðast mikið og eiga gæðastundir með fjölskyldunni.

Karlmenn efla líka tengslanetið við konur



Rakel Sveinsdóttir formaður FKA

Viðurkenningarhátið FKA verður haldið 31. janúar í Gamla bíói klukkan 16.30. Þar heidurum við þrjár konur sem allar hafa skarað fram úr í atvinnulífinu. Þessari hátið hefur FKA staðið fyrir frá árinu 1999, að árinu 2001 undanskildu. Fyrsta konan til að hljóta FKA

viðurkenninguna var Hillary Rodham Clinton. Síðan þá hafa hátt í sjöttíu konur verið heiðraðar fyrir þeirra framlag í þágu íslensks atvinnulífs, einstaka aðilar reyndar inn á milli.

Á þessa hátið fjölmönnum við FKA-konur í hundraða tali og stundum hef ég verið spurð að því hvort karlmenn megji ekki mæta líka. Svárið er auðvitað: Jú, endilega! Sumum karlmönnum þykir mæting á hátiðina reyndar mjög sérstök upplifun. Það skýrist af því að þar eru kynjahlutföllin öflug við þau sem við eigum að venjast á viðburðum í atvinnulífinu.

Ég man til dæmis eftir einum karlkyns gesti á hátiðinni okkar í fyrra. Hann er ónefndur forstjóri í Kaup-

Ég nefni sem dæmi að 78% framkvæmdastjórnenda Kauphallarfyrirtækja eru karlmenn. Sem er mikil synd því rannsóknir sýna að meiri líkur eru á betri árangri með blönduðum teyimum.

hallarfyrirtæki. Þessi maður kom á hlaupum inn, glaður í bragði, heilsaði með virktum en snarstansaði síðan í anddyrinu og hvíslaði að mér: „Rakel, er ég eini karlmaðurinn sem er hérna?“ Ég hló og hughreysti hann með því að benda honum á hvaða karlmenn væru nú þegar komnir inn í sal. Þar hitti ég hann stundu síðar í hrókasamræðum við hóp FKA-kvenna og auðvitað skemmti hann sér konunglega. Nokkrum vikum síðar hitti ég þennan mann á fjölmennri ráðstefnu SA. Þar voru að venju mun fleiri karlmennt en konur. Við rifjuðum upp þetta litla atvik úr anddyrinu og ég benti honum á að oft liður konum í atvinnulífinu

nákvæmlega eins og honum leið þetta umrædda augnablik. Sérstaklega á fundum.

Ég nefni sem dæmi að 78% framkvæmdastjórnenda Kauphallarfyrirtækja eru karlmenn. Sem er mikil synd því rannsóknir sýna að meiri líkur eru á betri árangri með blönduðum teyimum. Ég hvet því forystumenn í atvinnulífinu til að nýta Viðurkenningarhátið FKA sem tækifæri til að efla tengslanetið sitt við konur í atvinnulífinu. Þarna fjölmönnum við á okkar stærstu hátið ársins og að okkar mati er það bara jákvætt að sem flestir fagni með okkur. Sjáumst í Gamla bíói á fimmtudag.

Valkostur fyrir viðskiptalífið



Agla Eir Vilhjálmsdóttir
sérfræðingur á
lögfræðisviði
Viðskiptaráðs

Norræni gerðardómsdagurinn (e. Nordic Arbitration day) var haldinn í fyrsta sinn í Stokkhólmi þann 18. janúar síðastliðinn. Markmið ráðstefnunnar var að koma gerðardómsrétti á Norðurlöndunum á framfæri og skapa tengsl milli lögfræðinga sem starfa á þessu sviði. Að deginum stóðu ung-gerðardómsfélögin á Norðurlöndunum og átta Íslendingar fulltrúa í skipulagningu dagsins. Á dagskrá ráðstefnunnar voru áhugaverð erindi um þau málefni sem efst eru á baugi í alþjóðlegum gerðardómsrétti og þá sérstaklega sem snúa að Norðurlöndunum. Ánægjulegt er að sjá hversu framarlega Norðurlöndin standa á þessu sviði, en gerðarmedferð er þó langt því frá jafn algeng héraðs og í nágrannalöndunum. Í Svíþjóð er þróun gerðardómsréttar komin hvað lengst á Norðurlöndunum, og er talið að 80% allra viðskiptatengdra ágreiningsmála á milli einkaaðila fari fyrir gerðardóm þar í landi.

Þegar kemur að úrlausn deilumála er gerðarmedferð raunhæfur valkostur sem þjónar oft hagsmunum samningsaðila betur en hin

almenna dómstólaleið. Þrátt fyrir að standa ekki jafnfætis Norðurlöndunum hefur gerðarmedferð í vaxandi mæli orðið fyrir valinu héraðs á síðustu árum. Þetta stafar ekki síst af aukinni vitund um þá fjölmörgu kosti sem fylgja því að fara með mál fyrir gerðardóm í stað hinna almennu dómstóla. Sá trúnaður sem ríkir og skilvirkni málsmedferðarinnar skipta þar höfuðmáli, en málsaðilar hafa vitaskuld verulegra hagsmuna að gæta af því að fá ágreining leystan sem fyrst.

Eitt af umræðuefnum norræna gerðardómsdagsins sneri að þeim tvenns konar gerðarmedferðum sem tíðkast, annars vegar einstaklega ákveðin gerðarmedferð (e. ad-hoc arbitration), en slíkt krefst mikillar þekkingar á gerðardómsrétti þar sem aðilar þurfa að semja sérstaklega um málsmedferðarreglur og umgjörð. Hins vegar er það sú gerðarmedferð sem er mun algengari á Norðurlöndunum, sem og annars staðar, þar sem notast er við gerðardómsstofnanir, sambærilegar Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands (e. Nordic Arbitration Centre), sem er eina gerðardómsstofnunin á Íslandi.

Af hverju gerðardómsmedferð?

Málsmedferð fyrir dómstólum getur tekið langan tíma, með tilheyrandi kostnaði. Algengt er að málsmedferð fyrir héraðsdómstólum taki hið minnsta níu mánuði og enn lengri tíma þegar mál eru flókin og umfangsmikil. Að ögleymdum tveimur öðrum dómstigum. Á móti



Með vaxandi álagi á dómstóla og sérhæfðari ágreiningsmálum eru fyrirtæki og einstaklingar í auknum mæli að átta sig á kostum þess að leysa úr ágreiningsmálum fyrir gerðardómi.

kemur að úrlausn gerðardóms liggur almennt fyrir innan sex mánaða frá því að mál hefst og er sú úrlausn endanleg, þannig að ekki er hægt að áfrýja henni til æðra dómstigs, sem felur í sér ákveðið hagræði. Sé ágreiningsefnið eða þeir hagsmunir

sem eru í húfi þess eðlis að mikilvægt sé að fá skjóta úrlausn getur því verið mun hentugra að leita til gerðardóms með ágreininginn.

Trúnaður gerðarmedferðar aðgreinir hana einnig skýrlega frá málsmedferð fyrir dómstólum, en trúnaður gildir um gerðarmedferðina og dómur eru ekki birtir opinberlega nema aðilar semji um slíkt, ólíkt því sem gengur og gerist fyrir almennum dómstólum. Málsmedferð fyrir gerðardómi er þar að auki sveigjanlegri en fyrir almennum dómstólum. Aðilar geta til að mynda samið um gagnaframlagningu og sönnunarfærslu, ásamt því að tilnefna gerðarmann og síðast en ekki síst leiða sérfræðiviti fyrir dóminn en íslenskir dómstólar

hafa ekki heimilað málsaðilum að kalla sérfræðiviti fyrir dóm. Þessu síðastnefnda atriði getur fylgt mikið kostnaðarhagræði þar sem matsgerðir og yfirmatsgerðir eru með kostnaðarsamari liðum héraðs dómsmála.

Með vaxandi álagi á dómstóla og sérhæfðari ágreiningsmálum eru fyrirtæki og einstaklingar í auknum mæli að átta sig á kostum þess að leysa úr ágreiningsmálum fyrir gerðardómi. Það er því óskandi að vegur gerðardómsréttar haldi áfram að vaxa og dafna hér á landi og í átt að því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum, þar sem gerðardómsréttur hefur öðlast sterka föt-festu og er að jafnaði fyrsti valkostur í viðskiptatengdum ágreiningi.



Kínversku mýsnar og verðbólgan



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri
Íslandsbanka

Zhao Zhiyong, íbúa Shanghai, hefur væntanlega brugðið nokkuð þegar hann kom heim úr vinnunni um árið og sá ástandið á ævisparnaðinum. Zhao hafði komið reiðufénu fyrir á öruggum stað, að því er hann hélt að minnsta kosti. Djúpt í frakkavasa inni í dimmum skáp var sparnaðurinn kannski ekki á glámbekk en það dugði ekki til að plata mýsnar sem runnu á peningalyktina og átu hvað þær gátu. Þar fóru skólagjöld barnsins og lífeyrir foreldranna.

Kínverjar eru almennt óvenju duglegir að spara. Heimilin leggja fyrir 25-35% af tekjum sínum og yfir helmingur leggur reglulega fyrir til skólagöngu barna sinna og í varasjóð. Þetta er hluti af menningu þeirra sem við mættum taka okkur til fyrirmyndar. Það er þó ekki síður

mikilvægt að vanda valið á sparnaðarforminu.

Ég veit ekki til þess að íslenska húsamúsin leggi sér peningaseðla til munnis en því miður líður varla sú vika að ég hitti ekki einhvern sem hefur horft upp á dýrmætan varasparnað rýrna vegna misskilnings er tengist Tryggingastofnun. Einhverra hluta vegna er hún æði lífseig sú mýta að stofnunin skerði greiðslur vegna eigna fólks og að skerðingar ellilífeyris hennar séu króna á móti krónu. Þetta veldur því að sumir telja sig koma betur út fjárhagslega með að fela sparifé sitt fyrir ríkinu í bankahólfum, koddaverum eða frakkavösum. Þar er ávöxtunin auðvitað engin en seðlarnir eru þess í stað étnir upp af íslenskri hliðstæðu kínversku mýsanna, verðbólgunni.

Sá sem stakk milljón undir dýnuna í upphafi árs 2009 á nú rúmar sjö hundruð þúsund krónur að raunvirði. Á reikningi eða í ríkisskuldabréfum hefðu skatturinn og Tryggingastofnun vissulega tekið sinn skerf af ávöxtuninni en stór hluti hennar hefði þó orðið eftir. Það hlýtur að vera betra að fá eitthvað en ekkert.

Tækifæri í ferðatengdri þjónustu í Borgarnesi

við Þjóðveg 1 / vestur / norður

Við erum að leita eftir **leigutaka / samstarfsaðila** um rekstur veitinga, verslunar og þjónustumiðstöðvar að Digranesbraut 4, Borgarnesi. Húsið verður tilbúið til afhendingar í apríl, með frágengnum gólfefnum og lýsingu í lofti. Staðsetning við brúarendann, milli Bónus og Arionbanka.



Digranesbraut 4 - Borgarnesi

Einstakt tækifæri
til að taka þátt í uppbyggingu reksturs á einum fjölfarnasta og besta verslunarstað á Vesturlandi

Nánari upplýsingar:
Borgarland ehf. / Kaupfélag Borgfirðinga svf.
Guðsteinn Einarsson
Egilsholti 1 - 310 Borgarnesi
gudsteinn@kb.is - Sími 660 8240

Skotsilfur



Öflugur liðsstyrkur

Cintamani hefur borist öflugur liðsstyrkur. **Jóhanna Waagfjörð** og **Sigurður Berntsson**, sérfræðingur hjá Arev, hafa tekið sæti í þriggja manna stjórn fyrirtækisins. Aðaleigandinn, Kristinn Már Gunnarsson, verður áfram stjórnarformaður. Jóhanna stýrði í um áratug fjármálum Haga, sem meðal annars rekur útivistar- og tiskuverlanir, og var um skeið forstjóri Pennans. Þá var hún stjórnarformaður fataframleiðandans Nikita þegar sportvörusamsteypan Amer Sports keypti félagið.



Upphefðin kemur að utan

Íslendingum í atvinnulífinu hefur stundum tekist glettilega vel upp við að klífa metorðastigann erlendis. Nefna má Tómas Má Sigurðsson, framkvæmdastjóra hjá

Alcoa á heimsvísu, Ólaf Jóhann Ólafsson, framkvæmdastjóra hjá Time Warner, og Jakob Sigurðsson, forstjóra breska fyrirtækisins Victrex.



Nýlega hafa stjórnendur ríkisstofnana látið til sín taka á erlendum vettvangi. Arna Kristín Einarsdóttir, sem hefur verið framkvæmdastjóri Símfóniunnar, mun taka við kanadíska þjóðarhljómsveitinni í Ottawa í sumar og nú hefur **Björn Zoëga**, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, tekið við sem forstjóri Karólínska sjúkrahússins í Stokkhólmi í Svíþjóð.


Kanna stöðu sína

Álit umboðsmanns Alþingis í máli Samherja gæti dregið dilk á eftir sér. Í álitsgerð sem Gizur Bergsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifaði



2014 sagði að ef dómstólar teldu að ákvæði í lögum um gjalddeyrismál hefði ekki haft að geyma fullnægjandi heimild fyrir Seðlabankann til að leggja á stjórnvaldssektor væri ríkinu skylt að eiga frumkvæði að því að endurgreiða sektirnar. Þótt álit umboðsmanns jafngildi ekki dómi þykir ljóst að sum fyrirtæki sem voru sektuð muni nú – í ljósi álita umboðsmanns og Gizurar – kanna réttarstöðu sína.

Býr sig undir rafbílavæðinguna



Þýski bílaframleiðandinn Volkswagen segist ætla að ná fram tveggja milljarða evra sparnaði á næstu sex árum til þess að vera vel í stakk búinn til þess að „fjárfesta kröftuglega“ í rafbílum. Forstjórinn Herbert Diess segir að markmiðið sé að árleg framleiðsla á rafbílum verði komin upp í þrjár milljónir bíla árið 2025. Félagið íhugar að flýttja endurnýjun tveggja verksmiðja til þess að geta aukið rafbílaframleiðsluna. NORDICPHOTOS/GETTY

Veidum þar sem besti aflinn er



Bjarnheiður Hallsdóttir
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Það er ekki einfalt verkefni að greina stöðu og horfur í íslenski ferðaþjónustu þessa dagana. Töluverðar sviptingar hafa orðið í greininni undanfarnin misseri og satt að segja eru horfurnar óvenju óljósar núna. Reyndar er eitt alveg á hreinu. Vegna ferðaþjónustu fyrst og fremst hafa lífskjör á landinu aldrei verið eins góð og um þessar mundir. Það er rétt að halda því til haga. Ferðaþjónusta er mjög útsett fyrir þáttum í ytra umhverfi sínu og þeir eru nú margir í töluverðri óvissu. Á síðasta ári mátti greinilega merkja að hægst hefur verulega á. Hinu gríðarlega vaxtarskeiði, sem einkennir eftirhrunsárin, er að öllum líkindum lokið. Hár innlendur kostnaður og sterkt gengi krónu hafa dregið hratt úr samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar og valdið því að

samsetning ferðamannahópsins og ferða- og kauphegðun hefur breyst töluvert. Með nokkurri einföldun er hægt að segja að aukningin sem varð síðastliðin ár hafi verið borin uppi af gestum frá Norður-Ameríku á meðan markaðir í Mið-Evrópu drögust saman. Samdráttur varð hjá fjölmörgum ferðaþjónustufyrirtækjum í öllum geirum greinarinnar – en alvarlegast er þó að fyrirtæki á landsbyggðinni fundu harkalegar en aðrir fyrir þessum breytingum.

Enn er of snemmt að segja til um hvernig árið 2019 kemur til með að þróast. ISAVIA hefur þegar spáð lítills háttar fækkun ferðamanna til landsins í fyrsta skipti og við stöndum frammi fyrir erfiðri stöðu í kjaramálum. Ef allt fer á versta veg er ekki ólíklegt að ferðaþjónusta verði skotsþönn skæruverkfalla, sem geta haft mjög alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir greinina og þjóðfélagið allt. Þar eru ekki bara yfirstandandi viðskipti í hættu, heldur einnig orðspor og mynd áfangastaðarins. Verði samið um launahækkunar, sem verðmæta-sköpun greinarinnar stendur ekki undir – og við vitum að svigrúmið er

allt frá engu upp í mjög lítið – er alveg ljóst að samkeppnishæfni Íslands á alþjóðamörkuðum mun skerðast enn frekar. Gengi krónu hefur verið of sterkt fyrir ferðaþjónustu allt frá árinu 2016 og þrátt fyrir að hún hafi veikt í lok síðasta árs, er enn engan stöðugleika að sjá og inngrip Seðlabanka Íslands til að stöðva frekari veikingu hennar orðin ansi tíð.

Flugsamgöngur við landið eru undirstaða ferðaþjónustu á Íslandi, en ástandið á þeim vígstöðvum hefur verið með fjóruga móti undanfarna mánuði. Óvissu tengdri flugmálum er enn ekki lokið, en þó er komið í ljós að líklega mun draga verulega úr framboði flugs á milli Bandaríkjanna og Íslands, sem mun líklega draga úr fjölda gesta frá helsta vaxtarsvæði síðustu ára. Góðu fréttirnar eru þær að horfur í ferðaþjónustu til langs tíma eru mjög góðar. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti í heiminum og engin ástæða til að ætla annað en að við með okkar frábæru möguleika í höndunum, verðum framarlega á þeim vettvangi. Auðvitað gerist þó ekkert af sjálfu sér og enn eru fjölmörg verkefni óklárðu, ef tryggja á ferðaþjónustu í sessi

sem burðarátvinnugrein og stærstu útflutningsgrein þjóðarinnar.

Stórefla þarf rannsóknir í þágu ferðaþjónustunnar og klára heildarstefnumótun fyrir greinina. Binda þarf enda á hina eilífu gjaldtökuumræðu og koma skilki og samræmingu á þá gjaldtöku sem fyrir er. Uppræta þarf ólöglega starfsemi, sem skemkir samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar. Eins þarf að finna praktískar leiðir til þess að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áratugum saman hefur verið talað um að stuðla að betra flæði ferðamanna um landið – nú er kominn tími til alvöru aðgerða.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að skerpa fókussinn í markaðsaðgerðum okkar á erlendum mörkuðum. Ekki má láta tilviljanir eða skyndihugdettur ráða því hvar borði er niður – heldur þarf að skilgreina þá markaði sem við viljum einbeita okkur að til þess að það litla fjármagn og mannaúður sem til ráðstöfunar er skili okkur sem mestu. Svo gripði sé til vinsæls líkingamáls úr sjávarútvegi – sem allir Íslendingar skilja – þá eigum við að veiða á þeim svæðum þar sem besta aflann fyrir land og þjóð er að finna.

Óforsvaranleg áhætta

SKOÐUN

Kristinn Ingi Jónsson



Athygli vakti í liðnum mánuði þegar franska fjárfestingafélagið Vinci keypti meirihluta hlutafjár í Gatwick-flugvelliinum í nágrenni Lundúna á gengi sem verðmat breska flugvöllinn á jafnvirði 1.305 milljarða króna. Vinci er einn umsvifamesti innviðafjárfestir heims og hefur á umliðnum árum mætt ákalli um bættu innviði með

stórauknum fjárfestingum í meðal annars flugvöllum, brúm, hraðbrautum og sjúkrahúsum.

Æ fleiri fjárfestar, ekki hvað síst stofnanafjárfestar, hafa fetað í sömu fótspor og lagt stóraukna áherslu á innviðafjárfestingar. Til marks um áhugann var nýverið bent á það í grein í vikublaðinu The Economist að innviðasjódir gætu ladað til sín allt að 100 milljarða dala í ár borið saman við 80 milljarða dala í fyrra sem var þá metinnflæði.

Í sumum tilfellum, sér í lagi á Norðurlöndunum, eiga einkafjárfestar í samstarfi við hið opinbera um innviðafjárfestingar en í öðrum

tilfellum sjá hinir fyrrnefndu alfarið um uppbygginguna. Þróunin í átt að auknu eignarhaldi einkafjárfesta á innviðum hefur verið sérstaklega hröð á síðustu árum en sem dæmi er tekið fram í grein The Economist að yfir helmingur allra evrópskra flugvallará, að hluta eða öllu leyti, í eigu skotsþönn stjórnvalda. Hlutfallið var aðeins 22 prósent árið 2010.

Og það er ekki að ástæðulausu að stjórnvöld víðast hvar hafa tekið aðkomu fjárfesta fagnandi. Bæði þykir þeim ljóst að þau muni ekki geta – ein og óstudd – fjármagnað dýrar innviðafjárfestingar eða mætt

þeirri miklu uppsöfnuðu viðhaldsþörf sem skapaðist í kjölfar fjármálakreppunnar. Jafnframt telja þau óforsvaranlegt að skattborgarar beri áhættuna sem fylgir því að byggja upp og reka fjárfreka innviði.


Íslendingar mættu læra margt af öðrum Evrópuþjóðum í þessum efnum enda heyrir hér innviðafjárfestingar á vegum annarra en hins opinbera til undantekninga. Ábyrgðin á viðamiklum verkefnum hvílir í of mörgum tilvikum á herðum íslenskra skattgreiðenda. Skemmst er að minnast áforma stjórnenda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um allt að 125 milljarða króna

fjárfestingar á næstu sex árum til þess að mæta stórauknum straumi ferðamanna til landsins

Enginn efast um mikilvægi þess að fjárfest verði af myndarskap í flugvelliinum. Þörfin er sannarlega fyrir hendi. Hins vegar er rekstur alþjóðlegs flugvallar í örum vexti afar áhættusamur rekstur sem færi betur á hendi einkaframtaksins. Með því að selja flugstöðina myndi ríkið koma skattgreiðendum undan áhættunni af fyrirhugaðri uppbyggingu og nýta um leið betur takmarkaða fjármuni sína. Þannig yrði hagsmunum almennings betur borgið.

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ



PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU
TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIDLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

Stjórnar- maðurinn



Rangir hvatar

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa nærri tvöfaldast frá árinu 2011, samkvæmt Sigurði Hannessyni, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, en hann var í viðtali á Bylgjunni í vikunni. Fasteignamat á íbúðarhúsnæði hefur sömuleiðis hækkad hratt á sama tímabili. Sigurður benti jafnframt á að útsvar hefði ekki lækkað til samræmis og því væri um hreina tekjuaukningu sveitarfélaganna að ræða sem næmi tugmilljörðum. Fasteignagjöld hækkðu um 14% milli ára 2018 og 2019.

Nú er það svo að álagning fasteignagjalda og framkvæmd fasteignamats er bundin í lög, og því ekki alfarið við sveitarfélögin að sakast í þessum efnum. Hins vegar virðast þau almennt fylgja hinu að því er virðist ófrávikjanlega lögmáli að skattar og gjöld geti einungis hækkad, en ekki lækkað. Þeir sem búa í Reykjavík þekkja það vel, en þar hefur tekjutuskan verið undin til hins ýrasta hvort sem litid er til útsvars eða þjónustugjalda Orkuveitu Reykjavíkur. Hækkanir á fasteignamati og gjöldum koma þar ofan á, og vitaskuld lækka hvorki útsvar né orkureikningar til mótvægis.

En burtséð frá því þá eru einnig annars konar áhrif af þessum hröðu hækkunum, en þau eru á fasteignaverð. Miklar hækkanir á fasteignamati eru nefnilega einn þeirra þátta sem valdið hafa hækkandi fasteignaverði á íbúðarhúsnæði í borginni. Nú virðist sem fasteignamarkaðurinn sé deilendum hugleikinn í kjarabaráttu vetrarins, og skal engan undra. Það er staðreynd að hér hefur orðið til fasteignamarkaður þar sem erfitt virðist fyrir ungt fólk að taka sín fyrstu skref. Þar munar auðvitað mestu um hávaxtamýntina krónuna, en það þýðir ekki að ekki séu aðrir kraftar að verki samhliða. Einn þeirra er hraðar hækkunir á fasteignamati.

Sumir hafa orðið til þess að gagnrýna kjararáð og hið opinbera fyrir að hafa gefið tóninn í launahækkanahrinu undanfarinna ára. Það er réttmæt gagnrýni, enda með öllu óeðlilegt að hið opinbera leiði launahækkanir í landinu. Hið sama hlýtur að gilda um hækkunir á fasteignamarkaði. Auðvitað á hið opinbera ekki að búa til kerfi sem ýtir undir ofsahraðar verðhækkanir. Þessu þarf að breyta hið snarasta, og væri öflugt innlegg í kjarabaráttu vetrarins.

Verðtryggðir vextir LIVE aldrei verið lægri

Lífeyrissjóður verslunarmanna (LIVE) hefur lækkað breytilega vexti á verðtryggðum lánum úr 2,51 prósent í 2,36 prósent. Vaxtakjörin eru þau lægstu sem nú bjóðast þegar kemur að verðtryggðum lánum til fasteignakaupa en breytilegir vextir annarra lífeyrissjóða – Frjálsa, Almenna, Birtu, Stapa og LSR – eru nú frá 2,46 prósentum upp í 2,8 prósent. Vextir viðskiptabankanna eru hins vegar á bilinu 3,4 prósent til 3,89 prósent.

Verðtryggðir vextir sjóðanna hafa almennt lækkað mikið síðustu misseri og ár. Þannig hafa vextir LIVE

2,36%
eru breyti-
legir verðtryggðir
vextir LIVE.

lækkað um 1,1 prósentu á tveimur árum en í janúar 2017 námu breytilegir verðtryggðir vextir sjóðsins 3,46 prósentum.

Sprenging hefur orðið í sjóðsfélagalánum, einkum í verðtryggðum lánum, á sama tíma og sjóðirnir hafa boðið upp á betri kjör en bankarnir. Fyrstu ellefu mánuði síðasta árs námu verðtryggð lán þeirra 66 milljörðum á meðan óverðtryggð útlán voru um 25 milljarðar. Vægi óverðtryggðra lána hefur þó aukist undanfarið og í nóvember lánuðu sjóðirnir – í fyrsta sinn – jafn mikið óverðtryggt og verðtryggt til heimila. – hae

30.01.2019

Staðreyndin er sú að við erum með alveg gríðarlega óhagkvæmt og kostnaðarsamt fjármálakerfi sem er fyrst og fremst á ábyrgð stjórnvalda.

Þorsteinn Viglundsson,
þingmaður Viðreisnar



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði. Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201

IS OR 20 771



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarkerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




Frumherji
www.frumherji.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Norðan 8-13 en heldur hvassara SA-lands. Éi um landið norðanvert, en létt-skýjað syðra. Áfram kalt í veðri.



Fimmtudagur

Reykjavík ☀️ -5° ← 0	Ísafjörður ☁️ -6° ↓ 9	Akureyri ☁️ -8° ↘ 3
Egilsstaðir ☁️ -7° → 7	Kirkjubæjarkl. ☀️ -9° ↘ 6	Hveravellir ☁️ -15° ↓ 4

Föstudagur

Reykjavík ☀️ -8° ↖ 2	Ísafjörður ☁️ -8° ↙ 3	Akureyri ☁️ -9° ↘ 2
Egilsstaðir ☀️ -10° ↘ 7	Kirkjubæjarkl. ☀️ -10° ↓ 10	Hveravellir ☁️ -16° ↓ 4

LÉTT

9	3	7			1	
	8	2	5			4
5			6	2	3	7
4	1			2	5	9
			3	7		6
3	9					2
			2	1	5	
8	4	9				
1			4	8		3

MIDLUNGS

1	5			4		8
2	3	6	9		1	7
		4		3		
4		2				1
	9				5	
	6	7			8	
			2	4		3
3		5	6			7
9		3				

PUNG

		7				2
9	6	8				3
			5	7	9	1
		3	2			5
	1	6			5	7
			4			6
				9	8	6
				7	1	
4						1

Krossgáta

LÁRÉTT

- slys
- aðstoð
- í röð
- ritblý
- til
- erta
- ágætis
- hníga
- vonska
- farfi

LÓÐRÉTT

- kraumandi
- konungssveit
- skel
- lofa
- syllur
- verða til
- ævikvöld
- einkar
- mun

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

Skák

Gunnar Björnsson
Vladímír Kramnik (2.770) átti leik gegn Garry Kasparov (2.849) á Heimsmeistaraveinvígínu í skák árið 2000 í London.

Hvítur á leik



15. Bxe6! fxe6 16. Dxe6+ Kh8 17. Dxe7 Bxf3 18. gxf3 Dxd4 19. Rb5 Dxb2 20. Hxc8 Hxc8 21. Rd6 og hvítur vann. Kramnik vann heimsmeistaratitilinn af Kasparov í þessu einvígi og varð fjórtándi heimsmeistarinn í skák. Hann tilkynnti í gær að hann væri hættur atvinnumennsku í skák. www.skak.is: Jóhann á Gíbraltar.

6	1	8	3	2	4	9	5	7
9	4	7	1	5	6	2	3	8
2	3	5	7	8	9	1	4	6
4	2	3	5	9	8	6	7	1
7	5	9	6	1	3	8	2	4
8	6	1	4	7	2	3	9	5
5	7	2	8	3	1	4	6	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2
1	9	4	2	6	5	7	8	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



EXTRA

Sale

20%
AUKA AFSLÁTTUR


ÚTSÖLULOK

comma,

SMÁRALIND



Óskum Öskju til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði Kia að Krókhálsi 13



Ljósastillingartæki, lyftur og hemlaprófarar.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Lífsnauðsynlegt að mæta á Myrka músíkdaga

Gunnar Karel Músson er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Þrjátíu og þrjú verk eru frumflutt á hátíðinni í ár. Aðsókn fer stöðugt vaxandi. Hátíð sem er sérlega mikilvægur vettvangur fyrir ungt tónlistarfólk.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Myrkirmúsíkdagar eru í fullum gangi en þeim lýkur laugardaginn 2. febrúar. Hátíðin var stofnuð árið 1980 og verður því fertug á næsta ári.

„Það sem þessi hátíð skilar fyrst og fremst er frumflutningur á nýjum íslenskum, og að einhverju leyti erlendum verkum,“ segir Gunnar Karel Músson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, en þetta er þriðja hátíðin sem hann hefur umsjón með. „Þrjátíu og þrjú verk eru frumflutt á hátíðinni í ár sem er svipað því sem verið hefur frá upphafi. Þannig að ansi mikill fjöldi verka hefur verið frumfluttur á þeim áratugum sem liðnir eru frá því hátíðin var fyrst haldin.“

Elsta verkið frá 1975

Gunnar Karel segir aðsókn að hátíðinni fara vaxandi en þar er flutt nútímatónlist, elsta verkið sem flutt verður þetta árið er frá 1975. „Það er æ meiri áhugi á þessari tegund tónlistar,“ segir hann. „Í forsölu vorum við með sérstaka hátíðarpassa og sala á þeim gekk vel, en það eru um það bil þúsund manns sem sækja hátíðina. Aldurshópurinn er frekar breiður en unga fólk hefur verið dálítið utanveltu fyrir utan þá sem hafa alist upp í klassísku eða sigildu tónlistarumhverfi. Eg hef leitast við að kalla til leiks yngri tónlistarmenn sem kalla má framúrstefnu-raftónlistarmenn. Það hefur gefið góða raun. Frá því Listaháskólinn hóf tónsmíðanáms 2004 hefur áhugi ungs fólks á þeirri tónlist aukist.“

Hlúð að grasrótinni

Hann segir hátíðina vera mikilvægan vettvangur fyrir ungt tónlistarfólk sem vill koma verkum sínum á framfæri. „Við reynum að hlúa að grasrótinni og veitum brautargengi bæði ungum flytjendum og ungum tónskáldum. Áhugi hér innan lands er mikill en



Í dag er það sem áður var talið vera jaðrinum orðið að miðjunni, segir Gunnar Karel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ÞANNIG AÐ ANSI MIKILL FJÖLDI VERKA HEFUR VERIÐ FRUMFLUTTUR Á ÞEIM ÁRATUGUM SEM LIÐNIR ERU FRÁ ÞVI HÁTÍÐIN VAR FYRST HALDIN.

einnig erlendis. Umsóknarferli er fyrir þá sem vilja koma á hátíðina og í ár fengum við 350 umsóknir, margar erlendis frá, en getum einungis sinnt brotabroti af þeim.“

Spurður hvað beri hæst á dagskránni þetta árið nefnir Gunnar Karel sífóníutónleika sem verða næstkomandi fimmtudag, 31. janúar. „Þar verða aðallega flutt verk eftir kvéntónskáld, verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Maríu Huld Markan og Veroníku Vöku og Þuríði Jónsdóttur. Það eru spennandi tónleikar. Nordic Affect, sem er staðarlistahópur Myrka músíkdaga, heldur tónleika á föstudaginn

1. febrúar, en hópurinn hefur verið að vinna með Maju S. K. Ratkje sem er norskt tónskáld og hljóðlistarkona. Á uppskerutónleikunum Yrkju fá ung tónskáld tækifæri til að láta ljós sitt skína með stuðningi frá Sífóníuhljómsveit Íslands en þeir tónleikar verða á föstudag í Hörpu. Svo verður að nefna litháíska tónlistarmanninn Arma, sem er raftónlistargjörningamaður. Það er ótrúlega gaman að sjá hann á sviði og má búast við hverju sem er. Hann mun koma fram á Húrra 2. febrúar kl. 23.30 að loknum lokatónleikum hátíðarinnar með Kammersveit Reykjavíkur.“

Jaðar orðinn að miðju

Gunnar Karel segir alla eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Myrkum músíkdögum. „Við erum smátt og smátt að færast nær því sem fólk myndi kalla main-stream. Í dag er það sem áður var talið vera á jaðrinum orðið að miðjunni. Það á ekki bara við um tónlist heldur mjög margar aðrar listgreinar þar sem það sem er ágengt er farið að vekja meira umtal og fólk er farið að kunna að meta það meir en áður. Það er að mínu mati hollt, og jafnvel lífsnauðsynlegt fyrir alla að mæta á Myrka músíkdaga og sjá eitthvað nýtt og ógrandi.“

Fögur laglína og engin leið að hætta

TÓNLIST

Sífóníutónleikar

★★★★★

Verk eftir Jón Ásgeirsson, Heitor Villa-Lobos og Leonard Bernstein.

Einleikari: Emilia Rós Sigfúsdóttir.

Stjórnandi: Ligia Amadio.

Eldborg í Hörpu

Fimmtudaginn 24. janúar

Alltaf ber til tíðinda þegar nýr einleikskonert er frumfluttur. Á fimmtudagskvöldið var í fyrsta sinn leikinn flautukonsert eftir Jón Ásgeirsson, en það var á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Verkið skar sig nokkuð úr öðrum íslenskum einleikskonertum, sem margir hverjir eru ómstríðir og oft drungalegir. Nú er auðvitað ekkert að ómstríðri músík, sem er svo sannarlega áhrifamikil ef tónskáldið hefur hæfileika, býr yfir nauðsynlegri kunnáttu og liggur eitthvað á hjarta. Eg gleymi því ekki þegar

ég heyrði fyrst flautukonsertinn eftir Atla Heimi Sveinsson, og eru samt fjörutíu ár síðan, og rúmlega það! Verkið var magnað, öfgarnar í tónmálinu – allt frá óskiljanlegri ringulreið þar sem öll hljómsveitin lék af gífurlegum krafti yfir í siendurteknar, lágværar, dulúðugar hendingar – voru einkar áhrifaríkar.

Konsertinn eftir Jón er allt öðruvísi. Eins og kunnugt er hefur hann samið mörg sönglög sem hafa „slegið í gegn“ hjá þjóðinni; lög á borð við Hjú lygnri móðu og Maístjórnuna. Hæfileikar hans til að semja gripandi laglína eru óþrjótandi og það er gáfa sem ekki er öllum gefin, síður er svo. Segja má að þetta sé helsti styrkur hans sem tónskálds.

Upphaflega var fyrirhugað að Freyr Sigurjónsson væri í einleikshlutverkinu í konsertinum, en hann forfallaðist og Emilia Rós Sigfúsdóttir hljóp í skarðið. Leikur hennar var hástemmdur og vandaður, fullur af lífi og innlifun. Fyrsti kafli kons-

ertsins grundvallast á afar fallegru laglína sem er leikin aftur og aftur í ýmsum myndum, en endurteknin gerir ekkert til, því lagið er þannig að maður getur ekki fengið nóg af því. Emilia Rós mótaði stefið af smekkvísi og tilgerðarleysi, það flæddi eðlilega og áreynslulaust.

Áreynsluleysi er einmitt orðið sem helst lýsir verkinu í heild sinni, mismunandi kaflar og hendingar runnu áfram snurðulaust, fullkomlega eðlilega og án þess að nokkuð væri fyrir því haft. Kaflar konsertsins eru þrír;

„Flautukonsert Jóns er frábært verk, og hann á skilið að heyrast sem oftast.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

miðkaflinn hægur en hinn hraður, rétt eins og ótal aðrir konsertar. Engu að síður var tónlistin ávallt fersk. Íhugull hægri kaflinn, sem byggðist að miklu leyti á svokölluðu tónlesi eins og það kemur oft fyrir í óperum, var dálítið einmanalegur, enda ekki mikill undirleikur hjá hljómsveitinni. Einleiksroddin var líkt og nakin, sem skapaði sérkennileg áhrif. Þriðji kaflinn var mun fjörlegri, nostur-samlegur tónavefur áleitinnar hrynjandi; lokahnykkurinn var flottur, en skemmtilega óvæntur. Flautukonsert Jóns er frábært verk, og hann á skilið að heyrast sem oftast.

Bachianas Brasileiras nr.

7 eftir Heitor Villa-Lobos var einn-

ig á dagskránni, margbrotin og litrík tónsmíð með stórbrotnum hápunktum undir stjórn Ligiu Amadio. Hún er brasilísk eins og Villa-Lobos, og túlkun hennar einkenndist af djúpri næmni fyrir blæbrigðum og stemningu tónlistarinnar.

Sífónískir dansar úr West Side Story eftir Leonard Bernstein voru óneitanlega sístir, enda fremur yfirborðslegir. Þeir eru þó raddsettir af þekkingu fyrir hljómsveitina; tónskáldið var jú einn fremsti hljómsveitarstjóri sögunnar. West Side Story er upphaflega söngleikur sem sló í gegn á Broadway; tónlistin ein og sér stendur ekki almennilega fyrir sínu. Leikur hljómsveitarinnar var yfirleitt góður, helst mátti finna að óhreinum lúðrablæstri, en í það heila var flutningurinn fagmannlegur, kröftugur og glæsilegur. Jónas Sen

MIÐURSTADA: Magnaður flautukonsert Jóns Ásgeirssonar á skilið að heyrast sem oftast.




HAMINGJUÓSKIR

Forlagið óskar höfundum verðlaunabókanna til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018



**FAGUR-
BÓKMENNTIR**

HALLGRÍMUR HELGASON



„Bókin er meistaraverk.“

ÓKP / FRBL




„Textinn er einfaldlega frábær ...“

HP / MBL

**FRÆÐIRIT OG BÆKUR
ALMENNS EFNIS**

HÖRÐUR KRISTINSSON
JÓN BALDUR HLÍÐBERG
ÞÓRA ELLEN ÞÓRHALLSDÓTTIR




„... full ástæða til að óska öllum vandamönnum útgáfunnar til hamingju með úrvalsverk.“

SS / MBL

**BARNA- OG
UNGMENNABÆKUR**

SIGRÚN ELDJÁRN



„... bók sem börn jafnt sem fullorðnir hafa gagn og gaman af að lesa.“

GE / MBL



„Sigrún Eldjárn í fantaformi.“

BB / FRBL

Verðlaunabækurnar verða á sérstöku afsláttarverði út febrúar.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

OPÞÍÐ Á
SUNNUÐOGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rættast

**ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI**
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

**Janúar
útsalan** { **ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR** }

**ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR**

MEGA
opinn hornsófi

Hornsófi hægri eða vinstri. Grátt eða
dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð: 254 x 240 cm
Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins 186.915 kr.

**ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR**

TIVOLI
svfnsófi

Tveggja sæta vandaður svfnsófi.
Orange, grátt eða dökkblátt
áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svfnsvæði: 140 x 195 cm
Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins 172.425 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

30. JANÚAR 2018

Viðburðir

Hvað? Nýársmálstofa Ferðaklasans, KPMG og SAF
Hvenær? 08.30
Hvar? KPMG, Borgartúni 27
Breytt regluverk ferðapjónustunnar. Alexander Eðvardsson hjá KPMG fjallar um nýjar breytingar á lögum sem munu skipta greinina miklu, sér í lagi ferðaskipuleggjendur. Framtíð ferðapjónustunnar – Fall eða fararheill? Hjörtur Smárason og Inga Rós Antoníusdóttir ræða m.a. um megatrend, hættumerki og tækifæri í ferðapjónustunni. Niðurstöður viðhorfskönnunar kynntar í stórum dráttum. Sævar Kristinsson hjá KPMG á Íslandi ræðir og túlkar niðurstöður könnunar sem send var út á aðila ferðapjónustunnar í tengslum við nýársfundinn. Staða og horfur í greininni – Bjarnheiður Hallsdóttir, stjórnarformaður Samtaka ferðapjónustunnar, SAF. Fundarstjóri er Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans.

Hvað? Útgáfuhóf og kynning á Lærdómsritum
Hvenær? 17.00
Hvar? Hagatorg, Hótel Saga – norður-ingangur
Bókmenntafélagið efnir til útgáfuhófs og kynningar á Lærdómsritum í húsnæði félagsins við Hagatorg (Hótel Saga – norður-ingangur) miðvikudaginn 30. janúar kl. 17. Léttar veitingar í boði og nýju Lærdómsritin á sérstöku kynningarverði. Pyrrhos og Kíneas eftir Simone de Beauvoir kom nýverið út í Lærdómsritum Hins íslenska bókmenntafélags. Þýðandi og höfundur inngangs er Móheiður Hlíf Geirlausdóttir.

Hvað? Eru íþróttir leikvangur ofbeldis?
Hvenær? 10.30
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
Í tengslum við Reykjavík International Games 2019 standa Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Reykjavíkurborg, Ungmennafélag Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Safe Sport Iceland og Háskólinn í Reykjavík fyrir ráðstefnu og málstofu um íþróttir og ofbeldi. Ráðstefnan fer fram miðvikudaginn 30. janúar í Háskólanum í Reykjavík og svo verða vinnustofur um sama mál-efni fimmtudaginn 31. janúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Hvað? Spilakvöld
Hvenær? 17.00
Hvar? Bókasafn Garðabæjar
Miðvikudaginn 30. janúar kl. 17-19 verður boðið í spilakvöld á Álfthensafni. Spil á staðnum og allir velkomnir.



Forsýning á áður óséðu tónlistarmyndbandi við nýja synth pop-lagið „Skin 2 Skin“ frá þeim Bjarka Ómars (Bomarz) og Svölu Björgvins. Myndbandið sem er framléitt af Péttri Eggerz skartar Bjarka og Svölu í formi teiknimyndafígúra.

Tónlist

Hvað? Hið íslenska gítartríó á Myrkum músikdögum
Hvenær? 20.00
Hvar? Hafnarborg, Hafnarfirði
Hið íslenska gítartríó ásamt Margræti Hrafnisdóttur, sópran, og Arnþóri Guðjónssyni, gítar, flytja spennandi prógramm þar sem meðal annars verða frumflutt þrjú ný íslensk verk. Hið íslenska gítartríó skípa Þórarinn Sigurbergsson, Þröstur Þorbjörnsson og Svanur Vilbergsson, allir á gítar. Miðaverð er 2.000 krónur og er hægt að borga við inngang eða kaupa miða á tix.is.

Hvað? Forsýningarpartí Skin 2 Skin – Bomarz ft. Svala Björgvins
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra
Forsýning á áður óséðu tónlistarmyndbandi við nýja synth pop-lagið „Skin 2 skin“ frá þeim Bjarka Ómars (Bomarz) og Svölu Björgvins. Myndbandið sem er framléitt af Péttri Eggerz skartar Bjarka og Svölu í formi teiknimyndafígúra. Húsið opnað kl. 20.00 og er stefnt á að hefja áhorf kl. 21.00. Í kjölfarið verður svo hlustunarpártí þar sem óútgefin tónlist verður spiluð yfir drykkju og fögnuði.

Hvað? Júníus Meyvant í Bæjarbíói
Hvenær? 20.30
Hvar? Bæjarbíói
Tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant gaf út nýja breiðskífu þann 25. janúar. Af því tilefni er hann á leið í mikla tónleikaferð um heiminn sem hann ætlar að þjófstarta á Íslandinu góða. Tónleikaferðin hefst í Bæjarbíói í Hafnarfirði og þar næst í Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum, áður en haldið verður út fyrir landsteinana. Júníus Meyvant hefur eytt mestum hluta þessa árs í hljóðveri að vinna að nýju plötunni, Across the Borders, og hefur hann því litið spilað á tónleikum undanfarið en nú snýr hann aftur með ný lög og nýja og stærri hljómsveit með sér á sviðinu.

Hvað? Gley-mér-ei: Afmæli Ama-deusar
Hvenær? 12.15
Hvar? Kjarvalsstaðir
Gley-mér-ei, hádegistónleikaröð söngbrautar LHÍ, hefur göngu sína á ný í dag. Á fyrstu tónleikunum verður tónlist W.A. Mozarts í aðalhlutverki í tilefni af nýliðnu afmæli hans, 27. janúar en tónskáldið fæddist á þeim degi árið 1756. Tónleikaröðin Gley-mér-ei, sem fer fram á Kjarvalsstöðum, er haldin í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Ást, náttúra, femín-

ismi og kynslu eru á meðal stefja á tónleikunum en hver konsert fléttast í kringum ákveðið þema.

Hvað? Partí karióki með Þórunni Antoníu & DJ Dóru Júlíu!
Hvenær? 21.00
Hvar? Sæta svinið
Partí partí partí karióki í kvöld. Þórunn Antonía og DJ Dóra Júlía hlakka til að sjá þig í Kjallaranum. Partí karióki matseðill til að fylla á tankinn fyrir sönginn. Seðillinn er eingöngu í boði í Kjallarnum á miðvikudagskvöldum frá kl. 18.00 og það er um að gera að panta borð til að tryggja sér sæti. Matur, söngur og gleði í miðri viku ... það bara verður ekki betra.

Fyrirlestrar

Hvað? Svefn leikskólabarna
Hvenær? 19.30
Hvar? Hlíðasmári 17
Vegna mikillar eftirspurnar höfum við ákveðið að halda annað fræðslukvöld um svefn leikskólabarna. Síðast komust færri að en vildu og hvetjum við því áhugasama að tryggja sér pláss við fyrsta tækifæri. A fræðslukvöldinu mun Elísa Guðnadóttir sálfræðingur leitað við að svara algengum spurningum foreldra leikskólabarna um svefn barna. Spurningum eins og Af hverju er svefn mikilvægur? Hversu mikinn svefn þurfa leikskólabörn? Hvaða umhverfisþættir geta ýtt undir og viðhaldið svefnerfiðleikum? Hvaða hlutverki gegnir daglúrinn og hvenær á að taka hann út? Hvað eru góðar svefnvenjur? Og hvað er til ráða ef barn fæst ekki í bólið, er lengi að sofna, þarf aðstoð við það eða getur ekki sofið í sínu rúmi? Verð er 3.000 kr á mann eða 5.000 kr. fyrir par/báða foreldra.

Ljóðakvöld

Hvað? Í minningu Mary Oliver | Ljóðakvöld
Hvenær? 20.30
Hvar? Gröndalshús
Mary Oliver, eitt fremsta ljóðskáld Bandaríkjanna, lést 17. janúar síðastliðinn. Henni til heiðurs verður blásið til ljóðakvölds í Gröndalshúsi. Þóra Hjörleifsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Ragnar Helgi Ólafsson, Melkorka Ólafsdóttir, Magnús Sigurðsson og Fríða Ísberg munu lesa valin ljóð úr bókum hennar ýmist í íslenskri þýðingu eða á frummálinu. Húsið opnað klukkan 20 og ljóðalestur hefst stundvíslega kl. 20.30. Verið velkomin.

Vissir þú að...
barn eiga rétt á vernd gegn einelti

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Roma (SPANISH W/ENG SUB)	17:30	Damsel (ENGLISH-NO SUB)	20:00
First Reformed (ENGLISH-NO SUB)	17:30	Suspiria (ICE SUB)	21:50
Shoplifters//Búðapjóf (ENG SUB)	17:30	Damsel (ENGLISH-NO SUB)	22:10
One Cut of the Dead (ICE SUB)	19:50	Underdog (POLISH W/ENG SUB)	22:15
Shoplifters//Búðapjóf (ICE SUB)	19:50		

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS


Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita



1.598
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg

Umhverfisvænni
UMBÚÐIR
Sömu góðu súpurnar



BONUS EKKERT BRUÐI

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

SÖNGVAKEPPNIN
2019MIÐASALA HEFST Í DAG
kl. 12.00!

9. febrúar kl. 19.30
Fyrri undanúrslit í Háskólabíói
16. febrúar kl. 19.30
Seinni undanúrslit í Háskólabíói
2. mars kl. 14.30
Fjórskyldurennslí - Aðalæfing í Laugardalshöll
2. mars kl. 19.30
Úrslit Söngvakeppninnar 2019 í Laugardalshöll


Vertu á staðnum og fáðu keppnina beint í æð!

MIÐASALA Á TIX.IS

Gunni og Felix hita upp með áhorfendum í sal Skemmtatriði á öllum viðburðum

ELENI FOUREIRA
syngur Eurovisionlagið FUEGO
í Laugardalshöll!

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



okkar allra

RÚV SJÓNVARP

13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2011-2012 (Skagafjörður - Grindavíkurbær)

24 stærstu sveitarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurninga-höfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson. e.

14.00 Úr Gullkistu RÚV. Maðurinn og umhverfið (Loftslags-hlýnun á Íslandi)

Fræðandi heimildarþáttaröð í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar. Fjallað verður um umhverfismál frá ýmsum hliðum og rætt við fjölmarga sérfræðinga á sínum sviðum.

14.25 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum Þriðja þáttaröð Með okkar augum, þar sem fólk með þroskahömlun málefni liðandi stundar með sínum augum og spyr þeirra spurninga sem því eru hugleiknar

14.55 Simamyndasmiðir (Mobilfotografene) Norskir þættir þar sem sex þátttakendur keppast um að taka bestu myndirnar á farsímanum sína. Þeir fá nýjar áskoranir í hverjum þætti og áhorfendur fá ýmis ráð sem þeir geta sjálfir nýtt sér þegar þeir taka myndir á símanum sína. e.

15.35 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988 Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stjinn dans og sungið. Hjólsmveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar. Björn Emilsson. e.

16.40 Úr Gullkistu RÚV. Átjándi öldin með Péttri Gunnarssyni Pétur Gunnarsson rithöfundur rifjar upp þá öld sem vafalaust er sú versta í íslenski sögu; átjándi öldina. Dagskrárgerð. Björn Brynjúlfur Björnsson. e.

17.15 Paradisarheimt
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Gló magnaða
18.18 Sigildar teiknimyndir
18.25 Gullbrá og Björn
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto

19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Landsliðið
Heimildarmynd um hóp Íslendinga sem tók þátt í einni virtustu keppni heims í snjóhöggi, sem haldin er ár hvert í Breckenridge í Colorado í Bandaríkjunum. Enginn úr hópnum hafði áður komið nálægt snjóhöggi og verkið reyndist erfiðara en þeir bjuggust við. Dagskrárgerð. Hafsteinn Gunnar Sigurðsson.
21.10 Nútímafjölskyldan
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Engin grið
23.35 Kastljós
23.50 Menningin
00.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.00 Farmers Insurance Open
12.05 Golfing World 2019
12.55 Farmers Insurance Open
18.30 PGA Highlights 2019
19.25 Golfing World 2019
20.15 World Golf Championship 20
22.15 Omega Dubai Desert Classic

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 The Kids Are Alright
14.15 A Million Little Things
15.05 Ally McBeal
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Life in Pieces
20.10 Charmed
21.00 Chicago Med
21.50 Bull
22.35 Elementary
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS Los Angeles
02.20 A Million Little Things
03.10 The Resident
03.55 How To Get Away With Murder
04.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal Frásagnir og hugræn fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit Krakka RÚV (232 af 400)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Góði dátinn Svejk (37 af 39)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Accepted
13.35 Goodbye Christopher Robin
15.20 Home Again
16.55 Accepted
18.30 Goodbye Christopher Robin
20.20 Home Again
22.00 Palo Alto
23.40 Rock the Kasbah
01.25 The Face of an Angel
03.05 Palo Alto

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Ævintýri Tinna
07.45 Friends
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Newsroom
10.30 Jamie's 15 Minute Meals
10.55 The Big Bang Theory
11.20 Bomban
12.10 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef
The Professionals Australia
13.45 Kórar Íslands
15.00 Leitinn að upprunum
15.55 Brother vs. Brother
16.35 Kevin Can Wait
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 I Feel Bad
19.55 Jamie's Quick and Easy Food
20.20 Grey's Anatomy
21.05 The Good Doctor
21.50 Lovleg
22.15 Sally4Ever
22.55 NCIS
23.40 The Blacklist
00.25 Magnum P.I
01.10 Room 104
01.40 Six Feet Under
02.35 Six Feet Under
03.30 Six Feet Under
04.25 Camping

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Mom
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Man Seeking Woman
21.15 All American
22.00 Gotham
22.45 Game of Thrones
23.40 Little Britain USA
00.05 Little Britain USA
00.35 The New Girl
01.00 Modern Family
01.25 Mom
01.50 Seinfeld
02.15 Friends
02.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Fulham - Brighton
09.20 Wolves - West Ham
11.00 Arsenal - Cardiff
12.40 Chelsea - Sheffield Wednesday
14.20 Huddersfield - Everton
16.00 Premier League World 2018/2019
16.30 Newcastle - Manchester City
18.10 Man.United - Burnley
19.50 Liverpool - Leicester
22.00 Tottenham - Watford
23.40 Bournemouth - Chelsea

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Manchester City - Burnley
09.35 Arsenal - Man. United
11.25 Newcastle - Watford
13.05 Ensku bikarmörkin 2019
13.35 Chievo - Fiorentina
15.20 Lazio - Juventus
17.05 Ítölsku mörkin 2018/2019
17.35 HK - Valur
19.05 Skallagrímur - Stjarnan
21.15 AC Milan - Napoli
22.55 UFC Now 2019
23.45 Southampton - Crystal Palace

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

HEILSUDAGAR

VEGAN LÍFRÆNT GLÜTENLAUST

25%
AFSLATTUR



Sólgaeti
25% af allri línunni.



Bio-Kult
Original/Candéa

1.754 kr.

Áður 2.193 kr.



Amy's kitchen
Ítölsk/Lentil

463 kr.

Áður 579 kr.

LÍFRÆNT!



Mamma
Chia Squeeze

199 kr.

Áður 268 kr.

LÍFRÆNT!



NOW
25% af allri línunni.

25%
AFSLATTUR

20%
AFSLATTUR



Himnesk hollusta
20% af allri línunni.



Nākd.
20% af allri línunni.

GLÜTENLAUST



VitHit
199 kr.
Áður 288 kr.



Whole Earth
Hnetusmjör
467 kr.
Áður 667 kr.

30%
AFSLATTUR

Afgreiðslutímar

mánudaga - miðvikudaga	09:00 - 18:00
fimmtudaga	09:00 - 18:30
föstudaga	09:00 - 19:00
laugardaga	10:00 - 16:00
lokað sunnudaga.	



FJARÐARKAUP
EINSTÖK VERSLUN

Ath! Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem eru á tilboði á Heilsudögum. Tilboð gilda til laugardagsins 2. febrúar eða á meðan birgðir endast.

www.fjardarkaup.is

Einkapötusamkoman í Ölpunum kom skemmtilega á óvart

Halla Tómasdóttir, forstjóri The B-team, var í Davos í svissnesku Ölpunum í vikunni sem leið, en þar kemur áhrifa-fólk heimsins saman á World Economic Forum á ári hverju. Halla tók m.a. þátt í kappræðum á vegum New York Times.

The B-team eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru fyrir um sex árum af Richard Branson og fleiri áhrifamiklum leiðtogum eins og Paul Polman, sem er stjórnarformaður, og Sharan Burrow, sem er aðalritari alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar. „Fólki sem taldi mikilvægt að beita sér saman fyrir bættum stjórnar- og viðskiptaháttum og betri heimi. Við leggjumst saman á árar í loftslagsmálum, mikilvægum samfélagsmálum og trúum að aukið gagnsæi, gott siðferði og ábyrg forysta séu lykilatriði í að byggja upp traust og auka sátt í heiminum.“

Betri upplifun en hún átti von á
Halla viðurkennir að hún hafi ekki

endilega haft miklar væntingar til ráðstefnunnar í Davos. „Ég hef ekki mikla trú á því að einsleitir hópur sem hefur setið lengi við völd muni í einlægni ræða lausnir á okkar flóknu og fjölmörgu áskorunum sem oft og tíðum bitna meira á þeim sem minna mega sín en þeim sem koma saman á einkapötum í svissnesku Ölpunum. En upplifunin var að mörgu leyti betri en ég átti von á. Fjölmargir koma til Davos til að tryggja að fólk í valdastöðum heyrir einmitt raddir þeirra sem þerast fyrir betri heimi.“

Unnu New York Times kappræðurnar

Halla og hennar lið unnu kappræður New York Times sem eru vinsæl leið til að takast á við mál sem á eru skiptar skoðanir. „Þeir velja þrjá



Halla og lið hennar báru sigur úr bytum í heitum kappræðum New York Times.

FORSTJÓRI TRYGGINGAFYRIRTÆKIS DEILDI T.D. MEÐ MÉR AÐ HANS FYRIRTÆKI FJÁRFESTI EKKI LENGUR Í KOLAFYRIRTÆKJUM OG TRYGGI EKKI LENGUR OLÍUFYRIRTÆKI.

aðila til að tala fyrir máli sem þeir velja og aðra þrjá til að tala gegn því. Hver aðili fær þrjár mínútur til að flytja sitt mál og áhorfendur láta vel í sér heyrna. Við fáum hins vegar ekki að velja í hvoru liðinu við erum og mitt lið talaði fyrir kynjakvótum í forystu. Við unnum og mögulega leiðir þetta til þess að jafnvægi kynjanna í þessum mikilvægu umræðum um stöðu heimsins verði aukid. Sem stendur eru konur einungis um 20% þátttakenda í Davos og það hófst ekki fyrr en skipuleggjendur sögðu fyrirtækjum að ef þeir sendu fimm aðila á staðinn, yrði einn þeirra að vera kona.“

Eins og fyrr segir kom ráðstefnan Höllu skemmtilega á óvart og segist hún hafa fundið einlæglega fyrir nýjum tón í samtölum sínum við forstjóra fyrirtækja um loftslags- og umhverfismál. „Forstjóri tryggingafyrirtækis deildi t.d. með mér að hans fyrirtæki fjárfesti ekki lengur í kolafyrirtækjum og tryggi ekki lengur olíufyrirtæki. Þegar ég spurði hann hvers vegna, sagði hann mér að dóttir hans hefði spurt hann hvort hann væri stoltur af öllu sem fyrirtæki hans gerði. Þetta olli umsnúningi í hans huga og síðan þá býður hann börnum stjórnarmanna að koma inn á fundi með stjórninni. Annar forstjóri olíufyrirtækis sagði mér að dóttir hans



Líflegar kappræður New York Times snerust um kynjakvóta í þetta skiptið.



Halla segir það hafa verið hápunkt ferðarinnar að hitta ungu sænsku baráttukonuna Gretu Thunberg. Þær eru hér ásamt Christinu Figueres, kollega Höllu úr B-team.

hefði spurt hann hvort hann ætlaði að bera ábyrgð á stærsta glæp gegn næstu kynslóð. Hann vinnur nú hörðum höndum að því að breyta sínu fyrirtæki sem og sínum geira til batnaðar. Ég er sannfærð um jákvæð áhrif þess að horfa á heiminn í gegn um augu barna okkar og barnabarna.“

Greta Thunberg hristi upp í hlutunum

Talandi um næstu kynslóð, Halla segir það hafa verið hápunkt ferðarinnar að hitta hina sænsku Gretu Thunberg sem vakið hefur athygli fyrir baráttu sína fyrir umhverfismálum. „Það var algjörlega frábært að sjá hvernig þessi unga sænska stúlka, sem gerðist baráttumanneskja einungis tíu ára gömul, náði að hrista upp í Davos. Ólíkt leiðtogunum sem margir komu á einkaflugvélum, þá kom Greta með lest, það tók hana 31

klukkustund. Við tókum saman þátt í atburði sem fór fram í Arctic Base Camp, þar sem hún gisti í tjaldi í fimbulkulda. Hún var með einföld skilaboð, ef við náum ekki tókum á loftslagsbreytingum, þá er fátt annað fyrir okkur að gera hér á jörð. Hún hitti skipuleggjendur World Economic Forum og fór fram á að loftslagsmálin yrðu aðalmálið árið 2020 og ég treysti nú að svo verði. Ég held það sé óhætt að segja að fátt vakti meiri athygli í Davos en þessi unga, hugrakka stúlka.“

bjork@frettabladid.is

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
GÆDAFATNAÐUR
GERRY WEBER - BETTY BARCLAY
TAIFUN OG FL.

50-70% afsláttur

f [Skoðið laxdal.is](http://Skoðið.laxdal.is)

BERNHARD LAXDAL
Skiopholti 29b • S. 551 4422

BOXID

Matvöruverslun á netinu 🚚 boxid.is

FÁÐU 7 DAGA FRÍ

Meðal heimili fer 3.-4. út í búð á viku.
Það eru rúmlega 7 heilir dagar á ári!

Pantaðu matvörurnar á [BOXID.is](https://boxid.is) og nýttu tímann í eitthvað skemmtilegt

Svona ferðu að því að panta á BOXIDU



Settu vörur í BOXID þitt



Þú velur afhendingardag
og tíma sem hentar þér



Við komum með vörurnar
upp að dyrum



Svo tökum við dósirnar líka
og þú færð inneign!

í samstarfi við
**Grænir
skáta**



Taktu mynd af mér með símanum

BOXID

[BOXID.is](https://boxid.is)



[@boxidis](https://www.instagram.com/boxidis)



facebook.com/BoxidIS

Gæludýrin sem aldrei gleymast

Sámur, hundur þeirra Dorrit Moussaieff og Ólafs Ragnars Grímssonar, er allur. Forseta-hjónin minntust á samfélagsmiðlum í gær félagasíns sem hafði vafið sig inn í þjóðarsálinu svo eftir var tekið. Sárt er að missa gæludýr og Fréttablaðið tók saman nokkur þekkt dýr sem gerðu það gott áður en þau fóru yfir móðuna miklu.



SÁMUR

Ólafur Ragnar Grímsson skrifaði í gær: Sámur lést á fallegri íslenski vetrarnótt. Trygglýndi hans og gáfur voru einstakar. Hann fyllti okkar líf af gleði og ævintýrum.



MOOSE

Hver man ekki eftir Russel Terrier hundinum Eddie úr Frasier-þáttunum. Lék í sjó seríum sem verður að teljast góður árangur. Dó árið 2006 og skildi eftir sig opið sár hjá aðdáendum.



BUBBLES

Simpansi Michaels Jackson. Þvílík stjarna. Ein fyrsta dýrastórstjarnan. Hann hékk víða uppi á vegg hér á landi enda var Jackson vinsæll í ABC og Æskunni.



DOLLY

Frægasta kind allra tíma. Klónuð og kúl birtist hún heimsbyggðinni sem fylgdist með nánast hverju jarmi hennar þann tíma sem hún lifði.



TINKERBELL

Trendsetterinn sem gerði það töff að vera með agnarsmáan hund í of stóru veski. Dekurdúkkur um allan heim eltu Paris Hilton og skyndilega varð Chihuahua tákn um veraldleg gæði þó fæstir lifðu eins og Tinkerbell sem dó 2015. Hann átti nefnilega rán-dýrt hundahús í Beverly Hills – geri aðrir betur.



PUNXSUTAWNEY PHIL

Það stýttist í að Punxsutawney Phil komi með veðurspádóm sinn eins og var sýnt svo eftirminnilega í Groundhog Day. Það gerist 2. febrúar. Einn frægasti veðurspámaður heims og þó múrmeldýr verði yfirleitt í kringum 10 ára gömul þá hefur Phil náð rúmum 120 árum. Magnaður.



BOO

Heimsbyggðin syrgði Pomeranian hundinn Boo sem dó fyrir um 10 dögum en hann var einn vinsælasti hundurinn á Facebook með um 16 milljónir fylgjenda. Eigendurnir lýstu því að hjartað hefði gefið sig þegar besti vinur hans dó fyrir tveimur árum. „Við teljum að hjarta hans hafi brostið þegar Buddy yfirgaf okkur,“ sögðu eigendur Boo.



KEIKÓ

Þjóðin hefur eignast geirfugl, fiðlu, skipafélag meðal annars og Keikó varð einn af þjóðinni þegar hann var fluttur í heimahagana eftir Hollywood. Árið 2002 var honum sleppt út í náttúruna en átti erfitt með að aðlagast. Lungnasjúkdómur dró hann svo til dauða í desember ári síðar.



Byggingariðnaðurinn

Mánudaginn 4 febrúar, gefur Fréttablaðið út sérblað sem nefnist **Byggingariðnaðurinn**. Samskonar blöð hafa verið gefin út með reglulegu millibili síðastliðin ár.

Þessu blaði er ætlað að kynna allt sem viðkemur byggingariðnaðinum á Íslandi, hvort það eru verktakafyrirtæki, trésmiðjur og söluaðilar byggingarvöru ellegar þeir sem sjá um námsleiðir fyrir þá sem hyggja á nám í iðngreinum sem snúa að byggingariðnaðinum. Blaðið er sett saman af keyptum kynningum sem og auglýsingaplássum af ýmsum stærðum.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is Sími: 694-4103

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

FIM 31. JAN 19:30

SINFÓNÍAN

Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Hallfríður Ólafsdóttir einleikari

Martin Kuuskmann einleikari

Mario Caroli einleikari

Veronique Vaka

Lendh heimsfrumflutningur

María Huld Markan Sigfúsdóttir

Oceans heimsfrumflutningur

Þuríður Jónsdóttir

Flutter, flautukonsert

Anna Þorvaldsdóttir

Metacosmos frumflutningur á Íslandi

Páll Ragnar Pálsson

**Crevace, konsert fyrir flautu
og fagott** heimsfrumflutningur

Óhætt er að segja að íslensk tónlist sé í miklum blóma núna og hefur hún vakið verðskuldaða athygli fyrir utan landsteinana.

Nýr konsert Páls Ragnars er sérstaklega saminn fyrir Hallfríði Ólafsdóttur og eistneska fagottleikarann Martin Kuuskmann sem vakið hefur eftirtekt fyrir túlkun sína og þrívægis verið tilnefndur til Grammy-verðlauna. Ítalski flautuleikarinn Mario Caroli er einleikari í flautukonsert Þuríðar en hann frumflutti konsertinn með miklum glæsibrag árið 2009.

Þá eru hljómveitarverk eftir Maríu Huld og Veronique Vöku frumflutt á tónleikunum auk þess sem nýtt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur hljómar í fyrsta sinn á Íslandi. Verkið var samið fyrir Fílharmoníuhljómsveitina í New York og frumflutt þar í apríl síðastliðnum. Það er til marks um stöðu Önnu í tónlistarheiminum að hin víðfræga Fílharmoníuhljómsveit Berlínar flutti þetta nýja verk fyrir fáeinum dögum.

Hljómsveitin stendur fyrir tónskáldaspjalli kl. 18.30 í Hörpuhorni þar sem Árni Heimir Ingólfsson ræðir við Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld hljómveitarinnar.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Áfram veginn

Alþingi ræðir þessa dagana um upptöku veggjalda. Þessi umræða er ekki ný afnálinni. Árið 1965 var lagt veggjald á Reykjanesbraut eftir að bundið slitlag hafði verið lagt á hana, þótt sú gjaldtaka hafi aðeins varað í nokkur ár.

Hvalfjarðargöng voru opnuð 1998 þar sem veggjald var innheimt með góðum árangri þar til í lok síðasta árs og svo er gjaldtaka hafin í nýjum Vaðlaheiðargöngum. Nútímataekni gerir það að verkum að ekkert starfsfólk þarf í innheimtuna og hún ætti að geta gengið fljótt og vel fyrir vegfarendur.

Það er jákvætt sjónarmið að sá sem notar opinbera þjónustu greiði fyrir hana ef viðkomandi hefur kost á því. Kostir þess eru að það dregur úr að opinber þjónusta sé notuð að öþörfu og minnkar byrðar á skattgreiðendum.

Þegar um veggjöld er að ræða má einnig nýta þau til að stýra umferð. Til dæmis með því að búa til hvata til að nota almenningsamgöngur og draga úr umferð á álagstíma með herra verði.

En til þess að veggjöld séu sannarlega veggjöld og að þessir kostir nýtist þá verða þau að standa straum af kostnaðinum við lagningu eða viðhald vegarins sem þau eru innheimt á. Ef það er ekki gert þá er bara um hreinan og kláran skatt að ræða.

Ef til stendur að hætta að fjármagna vegagerð að hluta beint úr ríkissjóði og hefja innheimtu veggjalda þá ætti auðvitað að lækka almenna skatta sem því nemur.

Af einhverjum ástæðum hafa stjórnálamenn þó lítið minnst á það í þessari umræðu.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

WOW FYRIR ÁSTINA!

30%
AFSLÁTTUR

TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA MEÐ KÓÐANUM
WOWVALENTINE*

FERÐATÍMABIL: 1. FEBRÚAR - 31. MAÍ 2019

LITÐU VALENTÍNUSARDAGINN BLEIKAN

Rósir og súkkulaði standa alltaf fyrir sínu, en það jafnast fátt á við rómantískt frí með elskunni. Komdu betri helmingnum á óvart og bókaðu flug á skemmtilegar slóðir.

BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS

*Til að nýta afsláttinn þarf að bóka flug fram og tilbaka fyrir kl 23:59 sunnudaginn 3. feb. 2019. Skilmálar gjlda: wowair.is/smattletur

